

skoðun 24



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Popp






Miðnætur opnun
Í kvöld, 10. nóvember
Smáralind




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
10. nóvember 2011
263. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011


# Símastarfsmaður er grunaður um hlerun

**Póst- og fjarskiptastofnun rannsakar grun um símhlerun starfsmanns símafyrirtækis. Ekkert utanaðkomandi eftirlit er með framkvæmd símhlerana. Innanríkisráðherra segir brotalamir í kerfinu sem verði að laga.**

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú til rannsóknar mál sem varðar meinta símhlerun starfsmanns símafyrirtækis. Þetta staðfestir Hrafnkell Gíslason, forstjóri PFS, við Fréttablaðið. Hann segir þetta mál það fyrsta sinnar tegundar sem stofnunin hafi fengið til athugunar. Því sé ekki lokið en muni ljúka í þessum mánuði.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst sakar fyrrverandi maki starfsmannsins hann um að hafa hlerað síma sinn. Blátt bann er lagt við slíku í fjarskiptalögum og ríkar skyldur lagðar á símafyrirtækin að tryggja leynd fjarskipta.

> Þarna er brotalöm í kerfinu sem ég vil kalla varnarkerfi fyrir réttindi borgarans.
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON INNANRÍKISRÁÐHERRA

Ekkert utanaðkomandi eftirlit er með framkvæmd símhlerana í þágu rannsókna lögreglu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur sett almennar reglur um framkvæmdina en sinnir ekki reglulegu eftirliti. Lítill hópur tæknimanna, sem stjórnendur fyrirtækjanna vita ekki hverjir eru, tengir þau símanúmer sem vilji er til að hlera við lögregluna að undangengnum dómsúrskurði. Engin skipulögð leit fer fram innan fyrirtækjanna að sporum sem hleranir skilja eftir sig. Þetta kemur fram í svörum Símans, Vodafone, Nova og Tals við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður greiningardeildar Ríkislögreglustjóra, bendir á að lögreglan skoði ekki bakgrunn þeirra starfsmanna sem komi að tengingu vegna símhlerana hjá fjarskiptafyrirtækjum. Úr því þurfi að bæta.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að þarna sé um að ræða brotalöm í kerfinu til verndar réttindum borgaranna, sem verði að laga. -jss, þsj / sjá síðu 16



PAPANDREÚ Fráfarandi forsætisráðherra flutti sjónvarpsávarp í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Pólitísk flækja í Grikklandi:

## Erfið myndun þjóðstjórnar

**GRIKKLAND** Viðræður um myndun þjóðstjórnar í Grikklandi standa enn yfir. Um miðjan dag í gær gengu fulltrúar litla hægriflokksins Laos á dyr og var þá gert hlé á viðræðunum, sem hafa staðið yfir frá því á sunnudag. Þeim verður þó haldið áfram í dag.

Að sögn grískra fjölmiðla er enn deilt um hlutverk stóru flokkanna í stjórninni og forsætisráðherraefni. Georg Papandreú, fráfarandi forsætisráðherra, flutti í gær ávarp í sjónvarpi sem talið var að væri kveðjuávarp hans. Þar hét hann því að nýja ríkisstjórnin myndi koma í framkvæmd óvinsælum aðhaldsaðgerðum í tengslum við nýjasta björgunarpakka ESB. - mþl

Talið að fjöldi fólks hafi látist:

## Annar skjálfti skók Tyrklandi

**TYRKLAND Jarðskjálfti sem mældist 5,7 stig á Richter-kvarða varð í austurhluta Tyrklands á áttunda tímanum í gærkvöldi. Að minnsta kosti 18 byggingar féllu í borginni Van, þar á meðal sex hæða hótel sem hýsti nokkurn fjölda erlendra blaðamanna.**

**Talið er að fjöldi fólks hafi látist í skjálftanum og að margir séu fastir í rústum hinna föllnu húsa. Björgunarstarf var rétt að hefjast þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**Skjálftinn varð í sama héraði og 7,2 stiga jarðskjálftinn sem varð rúmlega 600 manns að bana í október.** - mþl




Gefur hlutum nýtt líf
*Elísabet Olka með fyrstu myndlistarsýningu sína í Kaupmannahöfn.*
**fólk 56**

Styrkur til sjálfstæðis
*Blindravinnustofan hefur starfað í sjötíu ár.*
**tímamót 36**

Laus við meiðslin
*Ásdís Hjálmsdóttir keppti meidd í hálft ár en náði samt góðum árangri.*
**sport 66**




**veðrið í dag**




**RIGNING SYÐRA** Í dag verða víða suðaustan eða austan 8-15 m/s en sums staðar hvassara við S- og A-ströndina. Rigning einkum SA-lands en þurrt N-til. Milt í veðri.

VEÐUR 4



**FLIKK FLAKK** Fjöldi áhorfenda fylgdist í gær með opinni æfingu hjá blönduðu fimleikaliði Ármanns og Stjörnunnar í Ásgarði í Garðabæ. Liðið heldur í dag utan til Noregs, þar sem það tekur þátt í Norðurlandamótinu í fimleikum, en þar munu Evrópumeistarar Gerplu einnig keppa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórnarflokkarnir deildu um heimild ráðherra vegna Vaðlaheiðarganga:

# Göngin ógnuðu fjáraukalögum

**ALÞINGI** Erfiðlega gekk að ná fjáraukalögum út úr fjárlaganefnd og þurfti að fresta fundi nefndarinnar í gær. Ástæðan var deilur um heimild til fjármálaráðherra vegna Vaðlaheiðarganga. Eftir þingflokksfund Samfylkingarinnar var fundað á ný og málið afgreitt úr nefnd.

Fjármálaráðherra fær heimild til að lána Vaðlaheiði ehf. allt að einum milljarði króna vegna framkvæmdarinnar. Skilyrði er að hún sé arðbær og verður ráðherra að kynna nefndinni samninga áður en gengið verður frá þeim. Þá fær ráðherra heimild til að setja verkið af stað og hann mun síðan upplýsa fjárlaganefnd um málið áður en skrifað verður undir. Heimildin er hins vegar mjög skýr," segir Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar.

„Fjármálaráðherra er með þessu veitt full heimild til að ábyrgjast fjármögnun upp á 8,8 milljarða króna vegna framkvæmdarinnar.

- kóp / sjá síðu 4




Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is

2 frábærir smurostar
Paprikuostur
Sveppaostur
með íslensku grænmeti
Osta HÚSIÐ
ostahusid.is


Nýr Yaris



Hann er búinn Toyota Touch kerfinu með snertiskjá
Erum á Toyota á Íslandi

Efnahags- og viðskiptaráðherra segir að svara þurfi spurningunni hvernig tryggja megi fjármálastöðugleika:

# Fjármálaeftirlitið uppfyllir ekki alþjóðlega staðla

**EFNAHAGSMÁL** Nokkuð vantar upp á að Fjármálaeftirlitið (FME) uppfylli alþjóðlega staðla um skilvirkt bankaeftirlit. Þetta leiddi athugun erlends sérfræðings í ljós fyrr á árinu. Gunnar Þ. Andersen, forstjóri FME, fjallaði um athugunina á ársfundi FME í gær. Aðgerðaáætlun sem tryggja á að stofnunin uppfylli skilyrðin hefur verið unnin og er til tveggja ára.

Þá kom fram í máli Gunnars að FME hafi á síðustu misserum vísað 77 málum til frekari rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Þar fyrir utan hefur tugum mála sem FME hefur haft til skoðunar lokið með sektum eða öðrum leiðum.

Auk Gunnars tóku til máls Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME.

Árni Páll sagði meðal annars að stærstu spurningu hrunsins hefði enn ekki verið svarað til fulls. Þar átti hann við með hvaða hætti tryggja mætti fjármálastöðugleika og hvaða tæki stjórnvöld þyrftu að hafa til þess verkefnis.



GUNNAR Þ. ANDERSEN

„Forsendur fjármálakerfis og fjármálaeftirlits eins og við þekkjum þær eru í uppnámi og það er okkar verkefni að takast á við þann vanda á þessum tíma þegar litla leiðsögn er að fá erlendis frá,“ sagði Árni Páll enn fremur og vísaði þar til þess að komið hefði í ljós að algengir áhættumælikvarðar, sem byggja á þeirri forsendu að ríkisskuldabréf séu áhættulaus, væru að mörgu leyti gallaðir.

Loks sagði Aðalsteinn að tvö lykilatriði væru í fjármálakerfinu á næstunni. Flýta þyrfti skuldauppgjöri og fækka lánum í vanskilum. Og koma þyrfti þeim fyrirtækjum sem bankar hafa um tíma orðið stórir eigendur að í hendur aðila á markaði sem séu best til þess fallnir að reka þau. - mþl

## SPURNING DAGSINS



*Hlynur, ertu nokkuð alveg handónýtur eftir meiðslin?*

„Nei, ég er handviss um að svo er ekki.“

Hlynur Morthens handboltamarkmaður fékk slæmt sár á hönd í síðasta leik en lætur það ekki á sig fá.

Skálholt skyndifriðað:

## Neitar að lúta niðurstöðunni

**SKIPULAGSMÁL** Húsafriðunarnefnd ákvað í gær að skyndifriða Skálholtsskóla, Skálholtskirkju og nánasta umhverfi. Nikulás Úlfar Másson, forstöðumaður nefndarinnar, segir þetta þýða að hætta verði byggingu Þorláksbúðar.

Árni Johnsen, þingmaður og formaður Þorláksbúðarfélagsins, neitar að lúta þeirri niðurstöðu. Í Síðdegisútvarpi RÚV í gær sagðist Árni furða sig á að húsafriðunarnefnd hefði ekki haft vitneskju um framkvæmdirnar í Skálholti fyrr en nú og hafnaði því að húsið skyggði á kirkjuna. - sv



**VERÐLAUN** Forseti Íslands ásamt verðlaunahöfum í Sjálandsskóla.

Menntaverðlaunin afhent:

## Fjórir flokkar verðlaunaðir

**MENNTAMÁL Ólafur Ragnar Grímsson afhenti Íslensku menntaverðlaunin í gærkvöldi.**

**Verðlaunin eru í fjórum flokkum. Sjálandsskóli í Garðabæ hlaut verðlaun fyrir nýsköpun. Gunnlaugur Sigurðsson, fyrrverandi skólastjóri í Garðaskóla í Garðabæ, hlaut verðlaun fyrir merkt ævistarf. Karólína Einarsdóttir í Akurskóla í Reykjanesbæ fékk verðlaun sem hæfileikaríkur ungur kennari. Þá hlutu Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Jónína Vala Kristinsdóttir og Guðrún Angantýsdóttir verðlaun fyrir stærðfræðinámsefnið Geisla.** - sv

# Drukku orkudrykk og enduðu á spítala

**Að minnsta kosti tvö tilvik hafa komið upp á síðustu dögum þar sem unglingar enda á bráðamóttöku eftir neyslu á orkudrykkjum. Móðir drengs segir aðvörunum á umbúðum ábótavant. Tilvikum fer fjölgandi, segir barnalæknir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveir unglingsdrengir hafa verið lagðir inn á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins á síðustu dögum eftir að hafa drukkið orkudrykki. Sextán ára drengur, Tryggvi Þór Pétursson, var sendur með sjúkrabíl á bráðamóttökuna á þriðjudaginn eftir að hafa drukkið nær einn lítra af orkudrykknum Red Rooster. Hann fór heim samdægurs. Annar drengur kom á spítalann í síðustu viku og þurfti að dvelja þar yfir nótt sökum hjartsláttartruflana.

Red Rooster fæst meðal annars í lítraumbúðum í verslunum Samkaupa, sem eru innflytjandi vörunnar, og kostar 199 krónur. Tryggvi Þór drakk nær einn lítra af drykknum, sem hann keypti sér í Samkaupum við Stigahlíð. Fljótlega fór hann að finna fyrir auknum hjartslætti og hjartsláttartruflunum, ofvirknieinkennum eins og ósjálfráðum hlátri, miklum skjálfta og svima og átti erfitt með andardrátt. Var hann því fluttur á sjúkrahús með sjúkrabíl, þar sem fylgst var með honum þar til blóðþrýstingurinn var kominn í eðlilegt horf.

Móðir drengsins, Regína Hallgrímsdóttir, er lyfjafræðingur og segir hún merkingum á umbúðum orkudrykkja verulega ábótavant. Aðvaranir séu einungis aftan á flöskum eða dósum, og allar á ensku eða öðru norrænu tungumáli en íslensku. Hún tilkynnti atvikið til Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins og krafðist þess að Red Rooster yrði tekinn úr sölu.

Benedikt Kristjánsson, framleiðslustjóri Samkaupa, kallaði til heilbrigðisfulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja í gær og fóru þeir yfir merkingar á umbúðum drykkjanna. Niðurstaðan var að öllum lögum um merkingar væri fylgt og því var ákveðið að aðhafast ekkert frekar.



**VARASAMIR Í MIKLU MAGNI** Læknir á bráðamóttöku segir færast í aukana að krakkar endi á spítala eftir að hafa drukkið mikið magn orkudrykkja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er allt fullkomlega löglegt af okkar hálfu,“ segir Benedikt. „Að einhver sé fluttur á sjúkrahús eftir að hafa drukkið svona drykk er eitthvað annað en upplýsingaskortur á vörunni.“

Vakthafandi læknir á bráðamóttöku spítalans segir tilvikum sem þessum fara fjölgandi. Í síðustu viku kom sautján ára drengur á bráðadeild Barnaspítalans með mun alvarlegri einkenni en Tryggvi Þór. Hann hafði drukkið mjög mikið magn af orkudrykkjum. Breytingar sáust í hjartalínuriti þess drengs og var því ákveðið að halda honum yfir nótt. Hann var ekki með neina undirliggjandi sjúkdóma.

sunna@frettabladid.is




**ORKUDRYKKURINN** Koffínmagnið er um 300 milligrömm í einum lítra. Aftan á umbúðum er ráðlagt að börn og barnshafandi konur neyti ekki drykkjarins.

14 ára stúlka í Svíþjóð:

## Haldið í eitt ár sem kynlífsþræl

**SVÍÞJÓÐ Grunur leikur á að 14 ára stúlku hafi verið haldið sem kynlífsþræl í íbúð í Gautaborg í eitt ár. Stúlkan, sem lögreglan frelsaði fyrir um viku, segist hafa búið við hótanir, ofbeldi eða nauðganir á hverjum degi. Þrír karlar og ein kona eru í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þau neita öll sök.**

**Samkvæmt frásögn Expressen er stúlkan frá Serbíu. Fjölskylda hennar er sögð hafa selt hana nánum ættingja fyrir 1.000 evrur, jafngildi nær 160 þúsunda íslenskra króna. Ættinginn, sem sagður er þroskaheftur, er einn þeirra sem sitja í gæsluvarðhaldi. Stúlkan mun hafa orðið barnshafandi en misst fóstrið.** - ibs

Þingkona fer fram á fund:

## Vill útskýringar á frávísun máls

**ALÞINGI** Eygló Harðardóttir þingkona hefur óskað eftir fundi í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vegna frávísunar Héraðsdóms á máli Milestone gegn Karli Wernerssyni. Rökstuðningur við frávísunina er að lagabreytingar Alþingis á gjaldþrotalögum hafi ekki verið nægilega skýrar.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

„Eitt af því sem Alþingi á að leggja áherslu á við lagafrumvörp er að þau séu afturvirk og því er þessi frávísun algjörlega óskiljanleg,“ segir Eygló. „Málinu hlýtur að verða áfrýjað til Hæstaréttar.“ - sv






Ráðherra lagði fram minnisblað í ríkisstjórn um fjárfestingaráform Huang Nubo:

# Árni Páll mælir fyrir samþykkt

**VIÐSKIPTI** Efnahags- og viðskiptaráðuneytið telur engin málefnaleg rök vera fyrir þeirri afstöðu að synja eigi kínverska fjárfestinum Huang Nubo um heimild til að kaupa Grímsstaði á Fjöllum.

Þessu mati eru gerð skil í minnisblaði sem Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, lagði fyrir ríkisstjórnina á fundi í gær. Meðfylgjandi minnisblaðinu er greinargerð sem Ásgeir Jónsson, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands, vann að beiðni ráðherra um þýðingu erlendrar fjárfestingar fyrir Ísland.

Í minnisblaðinu segir að ekkert bendi til þess að hagsmunum Íslands sé ógnað af erlendri fjárfestingu eins og þessari. Þvert á móti sé það mikilvægt út frá hagsmunum landsins að laða að erlenda fjárfestingu.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Í minnisblaði ráðherrans kemur fram að engin málefnaleg rök séu fyrir því synja Huang Nubo um heimild til að kaupa Grímsstaði.

Þá segir í minnisblaðinu að hugmyndir Huang Nubo falli vel að áherslum núverandi stjórnvalda. Í því samhengi er vísað til samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, stefnumörkunarinnar Ísland 20/20, sem ríkisstjórnin lét vinna, og jafnframt til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga í vor.

Loks segir í minnisblaðinu að sé það vilji stjórnvalda að styrkja rétt almennings til umferðar um land í einkaeigu sé þeim það í lófa lagið með almennri löggjöf sem beinist jafnt að öllum. Slík sjónarmið geti hins vegar ekki verið lögmætur grundvöllur synjunar á einstakri beiðni um erlenda fjárfestingu.

Í tilkynningu á vefsíðu ráðuneytisins segir að þar sem það fari með málefni erlendrar fjárfestingar hafi ráðherra áður kynnt í ríkisstjórn að hann myndi koma á framfæri sjónarmiðum ráðuneytisins við innanríkisráðherra. - mþl

www.husa.is

*Allt fínt fyrir jólin*

# JÓLASERÍUR

## í Húsasmiðjunni og Blómavali




verð frá **299**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Gæðin eru í græna-kassanum



Jólastjarna **1.499**



**Grenilengja**
20 x 2,74 mtr
2718500

**699**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

## Jólakort 24 stk.

kort og gullituð umslög

Aðeins **390**





**Eik þriggja stafa**
Plastparket 6 mm.
146937,147049

Plastparket eik **979kr/m²**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Rafhlöðuborvél**
PowerPlus, flýtipatróna,
tvær rafhlöður
5245225

**5.995**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Góð jólagjöf

## Jólablaðið er komið út




blómaval HÚSASMIÐJAN

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

**GENGIÐ 09.11.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,64 | 116,20 |
| Sterlingspund | 184,92 | 185,82 |
| Evra | 158,03 | 158,91 |
| Dönsk króna | 21,224 | 21,348 |
| Norsk króna | 20,383 | 20,503 |
| Sænsk króna | 17,415 | 17,517 |
| Japanskt jen | 1,4879 | 1,4967 |
| SDR | 181,63 | 182,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,9484

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Allar láglendisleiðir fyrir Vestfjarðaveg eru til skoðunar hjá Vegagerðinni:

# Teigsskógur og Hálsaleið ekki gerleg

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að lagning Vestfjarðavegar um Teigsskóg sé ekki á borðinu. Það muni skapa miklar deilur og málssóknir sem líklegt sé að tapist fyrir dómstólum. Þá verði svokölluð Hálsaleið ekki farin, enda séu heimamenn mótfallnir henni.

Þetta kom fram á Alþingi í gær, en þá fór fram sérstök umræða um málið að undirlagi Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi. Eyrún sagði láglendisleið einu boðlegu lausnina á vegavanda svæðisins. Hún benti á að þéttbýlisstaðirnir á sunnanverðum Vestfjörðum væru þeir einu á landinu þar sem þjóðvegir til þeirra væru ekki lagðir bundnu slitlagi. Hún spurði ráðherra að því hvort hann mundi beita sér fyrir því að láglendisleið yrði valin.



**INNANRÍKISRÁÐHERRA** Þrír milljarðar króna fara á næstu þremur árum í framkvæmdir við hluta Vestfjarðavegar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ögmundur sagði alla kosti láglendisleiðar vera til skoðunar hjá Vegagerðinni, utan vegar um Teigsskóg. Ráðherra nefndi þrjár leiðir; að bora göng í gegnum Hjallaháls, þverun Þorskafjarðar og veg úr Reykhólasveit í Skálanes. Síðastnefnda leiðin kostar um 13 milljarða samkvæmt ráðherra, en hann vill halda öllum möguleikum opnum. **- kóp**

Kjósendur í Bandaríkjunum:

# Hafna málum repúblikana

**BANDARÍKIN, AP Kjósendur í Ohio og Mississippi höfnuðu tveimur helstu baráttumálum Repúblikanaflokksins í kosningum á þriðjudag, ári fyrir næstu forseta- og þingkosningar.**

**Í Ohio höfnuðu kjósendur lögum sem hefðu takmarkað samningsrétt opinberra starfsmanna, en í Mississippi höfnuðu kjósendur hörðum reglum um fóstureyðingar, sem hefðu falið í sér að líf væri skilgreint þannig að það hæfist strax við getnað.** **- gb**

Markaðir róast ekki:

# Vextir farnir í hæstu hæðir

**ÍTALÍA, AP** Vextir á ítölskum skuldabréfum ruku upp í gær og voru komnir í sjö prósent, daginn eftir að Silvio Berlusconi forsætisráðherra boðaði afsögn sína.



**SILVIO BERLUSCONI**

Svo virðist sem ákvörðun Berlusconis um að segja af sér þegar boðaðar efnahagsaðgerðir stjórnarinnar yrðu komnar í framkvæmd hafi engan veginn dugað til að róa markaði. Hugsanlega til þess að róa markaðina áréttaði Giorgio Napolitano, forseti Ítalíu, í gær að Berlusconi myndi segja af sér innan fárra daga. **- gb**

Mannanafnanefnd úrskurðar:

# Má ekki nefna Víking og Diego

**FÓLK Ekki má nefna drengi Diego eða Víking, en þeir mega heita André, Tói, Móði og Werner, samkvæmt nýjustu úrskurðum mannanafnanefndar.**

**Nefndin samþykkti þessi fjögur eiginnöfn karla og fimm kvenkyns eiginnöfn – nöfnin Ranka, Dallilja, Millý, Rúbý og Blín. Þá var millinafnið Hornfjörð samþykkt, sem og kenninöfnin Konstantínusardóttir og Írenudóttir.**

**Diego var hafnað vegna þess að ritháttur nafnsins er ekki í samræmi við almennar ritreglur og ekki telst vera komin hefð fyrir nafninu sem tökunafni. Þó að nafnið Víking megi ekki nota sem eiginnafn var það leyft sem millinafn.** **- þeb**

# Stjórnarflokkarnir deila um gangagerð

**Erfiðlega gekk að koma fjáraukalögum úr fjárlaganefnd vegna ágreinings um Vaðlaheiðargöng. Samfylkingin setti sig á móti fjárheimild til ráðherra vegna ganganna. Heimildin fékkst í gegn og fjáraukalög verða til umræðu í dag.**

**ALÞINGI** Fresta þurfti fundi fjárlaganefndar í gær vegna andstöðu fulltrúa Samfylkingarinnar við fjárheimild vegna Vaðlaheiðarganga. Málið var tekið fyrir á þingflokksfundi flokksins í gær og loks náðist sátt um það seinnipartinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar verulega ósáttir við heimildina til ráðherra. Þeir bera brigður á forsendur Vaðlaheiðarganga ehf. um hagkvæmni ganganna. Vilji er til þess að óháðir aðilar fari yfir forsendurnar og meti framkvæmdina upp á nýtt.

Það er í takt við afgreiðslu umhverfis- og samgöngunefndar sem samþykkti á fundi sínum í gær að fela Ríkisendurskoðun að fara yfir forsendur gangagerðarinnar. Ekki náðist sátt um slíka málsmeðferð innan fjárlaganefndar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var málið komið í harðan hnút og um hríð var einfaldlega neitað að afgreiða fjáraukalagafrumvarpið fyrr en afdrif heimildarinnar kæmust á hreint. Þrátt fyrir langan fund um málið á þriðjudag þurfti að fresta fundi nefndarinnar í gær til að ná fram niðurstöðu.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, lofsamaði samþykkt umhverfis- og samgöngunefndar á þingi í gær. Hún sagðist ekki skilja að nokkur setti sig á móti því að fá óháðan aðila til að meta framkvæmdina og grundvöll hennar. Framkvæmdin væri afar dýr og mikilvægt að standa rétt að málum.




**VEGURINN UPP Á VAÐLAHEIÐI** Fjáraukalög verða til umræðu á þingi í dag. Stjórnarþingmenn hafa undanfarið deilt um fjárheimild vegna Vaðlaheiðarganga.

Meirihluti fjárlaganefndar leggur til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að lána allt að einum milljarði króna til Vaðlaheiðarganga ehf. Sú forsenda að framkvæmdin standi undir sér að öllu leyti er enn óbreytt.

Meirihlutinn leggur hins vegar áherslu á að áður en stofnað er til skuldbindinga ríkisins komi málið aftur til fjárlaganefndar og verði kynnt henni með fullnægjandi hætti.

Einar K. Guðfinnsson, varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, og Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, kvörtuðu á þingi í gær yfir meðferð málsins. Það hve seint fjárlaganefnd afgreiddi fjáraukafrumvarpið gerði það að verkum að þingmönnum gæfist knappur tími til að kynna sér það fyrir umræðuna sem hefst á Alþingi í dag. **kolbeinn@frettabladid.is**



**GEIMFAR** Orion-farinu verður skotið á braut um jörðu í ársbyrjun 2014. NORDICPHOTO/AFP

Nýtt geimfar NASA:

# Prufuskoti flýtt til ársins 2014

**GEIMFERÐIR** NASA, Geimferðastofnun Bandaríkjanna, hefur ákveðið að flýta fyrsta reynsluflugi Orion-geimfarsins.

Orion, sem er framtíðarfar Bandaríkjamanna í geimferðum eftir að Apollo-skutlunum var lagt, verður skotið á fyrri hluta árs 2014, þremur árum fyrr en áætlað var. Ómönnuðu tilraunafari verður skotið upp á braut um jörðu þar sem það mun hnita tvo hringi í kringum jörðina áður en það snýr aftur til baka og lendir í Kyrrahafinu. Förunum er ætlað að bera fjóra geimfara til nærliggjandi smástirna, tunglsins og jafnvel Mars. **- þj**

**ÍSAFJÖRÐUR**

## Norska bakaríið á 1 milljón

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ætlar að taka einnar milljónar króna tilboði frá Gistingu ehf. í Norska bakaríið svokallaða á Silfurgötu 5. Tilboðinu hafði áður verið hafnað en engin betri tilboð bárust.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Tvær kindur drápust

Ekið var nýverið á tvær kindur við Akrafjallsveg og drápust báðar auk þess sem bifreiðin var talsvert skemmd eftir höggið. Hlið á girðingu hafði fallið niður og höfðu bæði hross og kindur sloppið út.


20% AFSLÁTTUR
út Nóvember

- Vatnslosandi
- Eykur brennslu
- Jafnar blóðsykur
- Dregur úr hungurtilfinningu
- Örvar losun úrgangsefna
- Öflug hjálp í baráttunni við aukakílóin

EPLAEDIK m/krómi

Lyf & heilsa
við hlustum!





**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SVIPAÐ VEÐUR**
Litlar breytingar í veðrinu á næstunni en það lítur út fyrir að suðaustlæg áttir verði ríkjandi með vætu einkum sunnan til en þurrt og bjart með köflum fyrir norðan. Áfram óvenju milt í veðri en kólnar um tíma norðan til á morgun.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 17° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 4° |
| París | 15° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Miðnætur opnun

**Í kvöld, 10. nóvember**



**Verslanir Smáralindar opnar til miðnættis aðeins í dag.**

Hafðu það notalegt og byrjaðu jólaundirbúninginn.

**Kynntu þér tilboðin og dagskrána í blaðinu okkar sem fylgir Fréttablaðinu í dag eða á smaralind.is**






Lay Low tekur lagið



Dikta spilar



Pétur Örn og Matti troða upp

Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Veiðir þú rjúpu þetta haustið?*

| | |
|---|---|
| Já | 8,4% |
| Nei | 91,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú ástæðu til að herða eftirlit með símhlerunum lögreglu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Vísir

Hélt að veggurinn væri bara 72 sentimetrar en hinum megin tók við tæplega fjögurra metra fall:

# Stökk yfir vegg og fær bætur frá Fylki

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur dæmt íþróttafélagið Fylki að fullu bótaskylt vegna slyss sem maður varð fyrir við félagsheimili þess fyrir sex árum.

Maðurinn, sem nú er tæplega þrítugur, var á leið á dansleik í félagsheimilinu í september 2005 og hugðist stytta sér leið með því að stökkva yfir steinvegg, sem frá honum séð var 72 sentimetrar á hæð. Hinum megin við vegginn reyndust hins vegar vera 3,82 metrar niður á steinsteypta stétt, og slasaðist maðurinn mjög alvarlega við fallið. Hann fór í hjartastopp, marðist á lungum og var frá vinnu í sex vikur.

### Ölvaður í svartamyrkri á efri hæðinni

Forsvarsmenn Fylkis töldu manninn hafa athafnað sig á ófyrirsjáanlegan og óeðlilegan hátt.

„Í fyrsta lagi hafi stefnandi verið ölvaður á ferð í svartamyrkri og algjörlega ókunnugur umhverfinu þegar hann hafi án fyrirvara tekið á rás frá samferðamönnum sínum.

Í öðru lagi hafi hann stokkið yfir vegginn sem sé við inngang á efri hæð hússins án þess að huga nokkuð að því hvað væri handan hans […]

Þrátt fyrir að búið hefði verið að hækka vegginn um 40 cm, eins og til stóð, liggi ekkert fyrir um að það hefði breytt ákvörðun stefnanda um að stökkva yfir hann.“

Fylkir vildi að maðurinn bæri fjórðung tjónsins sjálfur, en því mótmælti hann með þeim rökum að aðbúnaðurinn hefði verið óviðunandi. Vísaði hann meðal annars til þess að lengi hefði staðið til að gera bragarbót á honum.

Fylkismenn mótmæltu og töldu manninn hafa athafnað sig óeðlilega og hann hlyti að þurfa að bera einhverja ábyrgð á því hvernig fór.

Dómurinn skoðaði aðstæður, hafnaði málatilbúnaði íþróttafélagsins og dæmdi Fylki til að greiða manninum fullar bætur, eina milljón og 160 þúsund krónur. **- sh**


**HJÁLP Í NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM**

Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálp Íslands sem leitar nú eftir stuðningi landsmanna.

**Við hringjum fljótlega í þig.**

**Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.**

Fjölskylduhjálp Íslands



**Rýmingarsala!**



Oreon sett m/4 körfustólum

Verð áður kr. 207.100- verð nú kr. 124.260,- m/40% afsl.

Seljum garðhúsgögn, bastsófasett, blómapotta ofl. með allt að 80% afsl. í nokkra daga!

Frábært tækifæri til að eignast vandaða vöru á pallinn, svalirnar eða í sólstofuna.

**Opið:**

**Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16**

Signature húsgögn

**Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is**



**Samkeppni og fiskvinnsla**

*– er vitlaust gefið?*

Í tengslum við Aðalfund Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda – SFÚ verður haldinn opinn fundur um sjávarútvegsmál á Icelandair Hótel Natura (áður Hótel Loftleiðir), laugardaginn 12. nóvember nk. og hefst hann kl. 14:30.

1. Ávarp frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
2. Framsögumenn:
   Elín Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri SFÚ
   Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður.
   Kristinn H. Gunnarsson, fyrrv. alþingismaður, áhugahópnum Betra kerfi.
   Ólafur Arnarson, hagfræðingur, Pressupenni og höfundur bókarinnar *Sofandi að feigðarósi.*
3. Pallborðsumræður

Fundarstjóri: Sigurður Ingi Jónsson

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir

Stjórn SFÚ

SAMTÖK FISKFRAMLEIÐENDA OG ÚTFLYTJENDA SFÚ




**OÍUSKIP VIÐ OLÍUHREINSUNARSTÖÐ Í SINGAPÚR** Erfitt verður að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis á borð við olíu. NORDICPHOTOS/AFP

# Tíminn til að hemja hlýnun að renna út

**Alþjóða orkustofnunin segir að innan fárra ára verði ekki lengur hægt að takmarka hlýnun jarðar við tvær gráður, nema gripið verði til stórtækra aðgerða. Áframhaldandi fólksfjölgun og aukin velmegun kallar á aukna orkuþörf.**

**UMHVERFISMÁL** „Við erum að stefna í ranga átt varðandi loftslagsbreytingar,“ segir Fatih Birol, aðalhagfræðingur Alþjóðlegu orkustofnunarinnar. Hann segist ekki bjartsýnn á að leiðtogar ríkja heims verði tilbúnir til að færa þær fórnir, sem þarf til að breyta um stefnu.

Í nýrri skýrslu stofnunarinnar um horfur í orkumálum næstu áratugina er því spáð að orkunotkun mannkyns muni aukast um þriðjung fram til ársins 2035, að því gefnu að þeim markmiðum, sem alþjóðasamfélagið hefur sett sér til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, verði framfylgt af varfærni. Níutíu prósent þessa vaxtar verða í ríkjum utan OECD.

Stofnunin segir tvennt næsta víst í framtíðinni: fólki heldur áfram að fjölga og tekjur halda áfram að hækka. Þrátt fyrir alla óvissu um framtíðina ætti að vera ljóst, að af þessu tvennu leiðir að orkuþörf mannkyns verður meiri.

„Stjórnvöld verða að grípa til strangari aðgerða til að efla fjárfestingu í hagkvæmri tækni sem notar lítið af kolefnum,“ segir Maria van der Hoeven, framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

Verði ekki gripið til slíkra aðgerða fyrir árið 2017, verður orðið of seint að snúa við þeirri þróun að hlýnun jarðar verði meiri en tvær gráður á Celcius-kvarða.

Almennt hefur verið gengið út frá því að hlýnun jarðar megi ekki verða meiri en tvær gráður, ef afleiðingarnar eigi ekki að verða afdrifaríkar fyrir stóran hluta mannkyns.

Líklegasta framhaldið, samkvæmt spá orkustofnunarinnar, er sú að hlýnunin verði þegar fram líða stundir 3,5 gráður, jafnvel þótt öll ríki framfylgi þeim loforðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem þegar hafa verið gefin á alþjóðavettvangi.

Leggja þarf út í verulegan kostnað strax á allra næstu árum ef takast á að snúa þeirri þróun við. Allur dráttur á aðgerðum, þótt kostnaðarsamar séu, bitna hins vegar á framtíðinni: „Fyrir hvern Bandaríkjadal sem sparast í fjárfestingum í orkugeiranum fyrir árið 2020 þarf að verja 4,3 dölum til viðbótar eftir árið 2020 til þess að bæta fyrir aukinn útblástur,“ segir í skýrslunni.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Ung kona í Vestmannaeyjum dregur til baka vitnisburð sinn um líkamsárás:

# Ekki um tvo erlenda menn að ræða

**LÖGREGLUMÁL** Ekki var um tvo erlenda karlmenn að ræða þegar ráðist var á tæplega tvítuga konu í Vestmannaeyjum á sunnudagsmorgninum síðastliðnum. Konan hefur dregið vitnisburð sinn til baka en hefur ekki viljað upplýsa hver eða hverjir það voru sem réðust á hana.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknardeild lögreglunnar í Vestmannaeyjum kom þetta í ljós við rannsókn málsins, en konan leitaði til lögreglu seinnipart sunnudagsins og kærði tvo karlmenn, sem hún taldi vera af erlendum uppruna, fyrir líkamsárás. Hún sagði þá hafa ráðist á sig, áreitt sig kynferðislega og rifið utan af henni sokkabuxurnar en hún hefði komist undan. Konan sagði mennina hafa verið á þrítugsaldri, um 180 sentímetra á hæð, dökkhærða og lýsti klæðaburði þeirra.

Greinilegir áverkar voru á konunni, svo ekki fór á milli mála að ráðist hafði verið á hana. Hins vegar hefur hún ekki tilgreint um hvern var að ræða, líkt og áður sagði, eftir að hún breytti vitnisburði sínum.

Málið er enn í rannsókn, en að sögn lögreglu er lítið hægt að gera fyrr en konan er tilbúin að veita upplýsingar um þann eða þá sem voru að verki. **- sv**



**VESTMANNAEYJAR** Greinilegir áverkar voru á konunni þegar hún leitaði til lögreglu en hún hefur dregið fyrri vitnisburð sinn til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


STUDIO London
Flottir hátísku skór
á frábæru verði
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847692
9.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847630
9.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847691
8.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847683
10.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847685
12.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847684
11.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847686
11.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847690
13.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 849055
14.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847689
13.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 853376
13.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-42
vnr. 849057
13.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847687
13.990,-
STUDIO London
Skór
st. 36-41
vnr. 847688
13.990,-
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Minningartónleikar
## um Guðna Þ. Guðmundsson, organista

Í tilefni af útkomu bókar með útsetningum Guðna

Sunnudaginn 13. nóv. kl. 20 í Bústaðakirkju
Kór Bústaðakirkju syngur við undirleik
Jónasar Þóris, organista.






BÚSTAÐAKIRKJA


Brotist inn í félagsmiðstöðina í Garði á Reykjanesi:

# Leikjatölvum stolið

**GARÐUR** Brotist var inn í félagsmiðstöð unglinga í Garði um síðustu helgi og þaðan stolið þremur leikjatölvum ásamt fylgihlutum og leikjum. Þetta kemur fram á vef sveitarfélagsins.

Þar segir að tölvurnar, sem eru af tegundunum Playstation 1 og 2 og Nintendo Wii, og aukahlutirnir hafi verið geymdar á tveimur stöðum í húsinu. Ekkert bendi til þess að rótað hafi verið til og af því megi ráða að gerningsmenn hafi verið kunnugir innanhúss. Borðtölvur og tölvuskjáir voru einnig látin vera. Þeir sem geta gefið upplýsingar um málið eru beðnir um að hafa samband við forstöðumann og er fundarlaunum heitið.

- þj



**STOLIÐ** Innbrotsþjófar höfðu á brott með sér þrjár leikjatölvur en skildu borðtölvur og skjái eftir. MYND/SVGARDUR.IS




**SAMKEPPNIN HARÐNAR** Markaðsstjórinn Hugh Aitken kynnti áformin fyrir blaðamönnum í Hörpu í gær. Hann kvaðst mjög spenntur fyrir verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ætla að ferja 50.000 manns á fyrsta árinu

**Breska lággjaldaflugfélagið EasyJet hefur flugferðir milli Keflavíkur og Luton í vor. Stefnt að því að fjölga áfangastöðum frá Íslandi ef vel gengur. Ódýrasta farið á 11.000 krónur báðar leiðir, með sköttum.**

**SAMGÖNGUR** Breska flugfélagið EasyJet hyggst fljúga til Íslands frá og með næsta vori. Fyrstu farmiðarnir fara í sölu í dag og þeir ódýrustu kosta ekki nema rúmar sex þúsund krónur íslenskar aðra leið og ellefu þúsund krónur báðar leiðir, með öllum sköttum og gjöldum.

Fulltrúar flugfélagsins kynntu þessi áform sín á blaðamannafundi í Hörpu í gær. Þar kom fram að jómfrúrflugið yrði þriðjudaginn 27. mars 2012.

Flogið verður þrisvar í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga, frá Keflavíkurflugvelli til Luton-flugvallar nærri London. Að sögn Hugh Aitken, markaðsstjóra EasyJet í Bretlandi, tekur ekki nema 23 mínútur að ferðast frá flugvellinum inn í miðborg London.

Stefnt er að því að fljúga allt árið um kring til Íslands en í fyrstu verður þó einungis hægt að panta farmiða út næsta sumar, enda hefur áætlun flugfélagsins ekki verið gerð lengra fram í tímann.

Aitken segir að EasyJet búist við 50.000 farþegum á sínu fyrsta ári. Fyrst og fremst verði einblínt á markaðssetningu í Bretlandi og líklega verði „mikill meirihluti“ farþega Bretar sem ferðast til Íslands, frekar en öfugt. Félagið hafi enda sterka stöðu á Bretlandsmarkaði.

Að sögn Aitkens stefnir EasyJet á að bjóða Íslendingum upp á fleiri áfangastaði en Luton-flugvöll ef fyrsta árið heppnast vel.

EasyJet er lággjaldaflugfélag og Aitken dregur ekki dul á að því fylgi enginn lúxus, enda sé helsta markmiðið að halda verðinu á farseðlum lágu. Nú um stundir hagnist félagið um þrjú pund á hvert sæti, en stefnt sé að því að hækka það í fimm pund á næstu misserum.

EasyJet er eitt stærsta flugfélag í Evrópu, flýgur til þrjátíu landa og gerir út ríflega 200 flugvéla flota. Vélarnar sem EasyJet mun fljúga til Íslands eru af gerðinni Airbus A319. Í þeim rúmast 156 farþegar.

Veruleg samkeppni er nú komin í flugsamgöngur frá Íslandi. Þegar fljúga Icelandair og Iceland Express til London og þá hefur Skúli Mogensen boðað stofnun flugfélagsins WOW Air. Ekki liggur þó fyrir hvort það muni fljúga til Bretlands.

stigur@frettabladid.is

## FL Group græddi 12 milljarða á EasyJet

FL Group átti um skeið tæplega 17 prósenta hlut í EasyJet. Árið 2006 var háværorðrómur um að FL Group hygðist taka félagið yfir, en í staðinn var hluturinn seldur í apríl 2006 fyrir um 227 milljónir punda, eða jafnvirði um 28 milljarða. Með því hagnaðist FL Group um 98 milljón pund, sem á þeim tíma jafngilti um 12 milljörðum íslenskra króna.


HAUSTFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2011

Landsvirkjun

# Að klífa fjallið

Hvernig getur Landsvirkjun orðið leiðandi fyrirtæki á sviði endurnýjanlegra orkugjafa?

Árið 2010 markaði Landsvirkjun nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka arðsemi fyrirtækisins. Á fundinum verða dregin fram áhrif nýrrar stefnu á rekstur fyrirtækisins.

- **Arðsemi Landsvirkjunar: Óraunhæfar eða nauðsynlegar kröfur?**
  Hörður Arnarson, *forstjóri Landsvirkjunar*
- **Samkeppnishæfni í grænu hagkerfi**
  Magnús Bjarnason, *framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs*
- **Vindorka – raunhæfur kostur á Íslandi?**
  Óli Grétar Blöndal Sveinsson, *framkvæmdastjóri þróunarsviðs*
- **Ný stefna Landsvirkjunar um samfélagsábyrgð**
  Ragna Sara Jónsdóttir, *yfirmaður samskiptasviðs*
- **Spurningar og umræður**

Fundarstjóri er Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri Landsvirkjunar

**Allir velkomnir**
Skráning á: www.landsvirkjun.is/skraning

**Fundurinn fer fram í Silfurbergi í Hörpu, þriðjudaginn 15. nóvember, kl. 14–16.**

*Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins.*

www.landsvirkjun.is   Finndu okkur á Facebook

# 20 ára afmælis verð 10.11.




Frosinn kjúklingur
**299** kr/kg




Londonlamb
**899** kr/kg



Frosið lambalæri
**798** kr/kg

Tilboðið gildir aðeins fimmtudaginn 10. nóvember.

## Við erum 20 ára

### Af því tilefni bjóðum við úrval af kjötvörum á 20 ára afmælisverði í völdum verslunum, í dag 10. nóvember

Frá og með kl. 7:00 í dag, fimmtudag, bjóðum við valdar kjötvörur á ótrúlegu afmælisverði í verslunum okkar í **Lágmúla, Laugalæk, Grímsbæ, Keflavík, Langarima, Staðarbergi, Hjarðarhaga og Mýrargötu á Akureyri** – á meðan birgðir endast.

Líttu við í verslunum 10-11, stígðu 20 ár aftur í tímann og rifjaðu með okkur upp vöruverðið árið 1991. Við tökum vel á móti þér.

10-11 ...opið í 20 ár

Fiton ehf./SÍA



**PENINGAR BÍÐA** Tékkneskur pókerleikari virðir fyrir sér væntanleg auðæfi á lokametrunum í heimsmeistaramóti í Las Vegas. NORDICPHOTOS/AFP

Mikil tjón þegar eldur var kveiktur í síldarnót í Vestmannaeyjum:

# Lögreglan leitar brennuvarga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Vestmannaeyjum rannsakar nú bruna í síldarnót og leitar eins brennuvargs eða fleiri. Eldurinn kom upp í fyrrakvöld og er nótin mikið skemmd. Ný kostar hún um 50 milljónir króna, þannig að ljóst er að tjónið er mikið.

Það var upp úr klukkan tíu sem allt slökkvilið Vestmannaeyja var kallað út vegna elds í síldarnót sem stóð á plani norðan við Netagerðina Ísnet. Töluverður eldur reyndist vera í nótinni en greiðlega gekk að slökkva hann, að sögn lögreglu. Að auki var fenginn slökkviliðsbíll frá flugvellinum og var hann notaður við slökkvistarfið, þar sem bæði atvinnu- og íbúðarhúsnæði voru nærri staðnum þar sem eldurinn kom upp.

Ekkert rafmagn er þar sem nótin er, að því er lögreglan tjáði Fréttablaðinu, og er því talið nokkuð víst að kveikt hafi verið í nótinni. Á þessu svæði eru fleiri nætur í hrúgum og tjónið hefði því getað orðið miklu meira hefði eldurinn læst sig í þær eða verið borinn að þeim.

Ísfélag Vestmannaeyja á þessa umræddu síldarnót og nótaskipið Álsey VE hefur notað hana. - jss



**ELDUR Í SÍLDARNÓT** Slökkviliðinu tókst fljótt og vel að ráða niðurlögum eldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Fasteignir á höfuðborgarsvæði:

# Færri kaupsamningar en í fyrra

**FASTEIGNIR** 74 kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 28. október til og með 3. nóvember. Þar af voru 55 samningar um eignir í fjölbýli, fimmtán samningar um sérbýli og fjórir samningar um annars konar eignir en íbúðarhúsnæði.

Á vef Þjóðskrár kemur fram að heildarveltan var 2.377 milljónir króna og meðalupphæð á samning 32,1 milljón króna.

Á sama tíma í fyrra var 86 samningum þinglýst og meðalupphæð var 27 milljónir króna. - þj

Lífeyrissparnaður

—

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

býður bæði upp á skyldu- og viðbótarlífeyrissparnað

Kynntu þér kosti Frjálsa lífeyrissjóðsins á www.frjalsilif.is.

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn
hlaut alþjóðleg verðlaun
sem besti lífeyrissjóður
á Íslandi árin 2009 og 2010.



arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

Hlé á gosvirkni á sjávarbotni við Kanaríeyjar:

# Slær á vonir um að ný eyja sé að verða til

**SPÁNN** Útlit er fyrir að jarðhræringum og gosvirkni á hafsbotni rétt sunnan við eyjuna El Hierro, sem er hluti af Kanaríeyjaklasanum, sé lokið eftir margra mánaða óróa.

Gosefni hefur streymt upp úr sprungu á hafsbotni og þúsundir jarðskjálfta hafa gengið yfir.

Það hefur meðal annars orðið til þess að yfirvöld á Kanaríeyjum rýmdu hús í bænum La Restinga sem er í nágrenni við gossvæðið. Alls búa ellefu þúsund manns á eyjunni El Hierro.

Samkvæmt vefnum Earthquake Report, sem fylgist náið með framvindu mála, hefur hætt að gjósa. Það þýðir þó ekki að virkni sé lokið, en gosi þessu hefur verið líkt við Surtseyjargosið hér við land.

Gosefni hefur hlaðist upp á sjávarbotni og náð 100 metra yfir botn, en ennþá eru þó 150 metrar upp að sjávarborði.

Á yfirborði sjávar suður af eynni hefur aska úr sprungunni myndað gríðarstóran flekk og fjöldi fiska hefur drepist.

Margir höfðu séð fram á að ný eyja yrði þarna til, sem yrði fyrsta nýja eyjan í klasanum í rúm milljón ár. Að sögn Daily Mail var heimafólk þegar farið að stinga upp á nöfnum fyrir væntanlega eyju. Um fimm hundruð uppástungur höfðu borist, þar á meðal Atlantis. Þá var umræða í spænskum fjölmiðlum um það hver myndi fá yfirráð yfir eyjunni þegar hún risi upp.

Slíkar vangaveltur virðast þó enn um sinn vera ótímabærar en óvíst er hvort framhald verður á gosinu og hvort eyja muni þá á endanum rísa úr sæ. - þj



**ASKA RÍS ÚR SÆ** Gríðarstór öskuflekkur liggur á haffletinum úti af El Hierro. Bærinn La Restinga er í stuttri fjarlægð frá gosstöðvunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alltaf nóg að gera fyrir jólin!

- Vandaðir posar á hagstæðum kjörum
- Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
- Viðskiptavinir á landsbyggðinni fá senda posa sér að kostnaðarlausu

**Mundu að panta posa fyrir jólaverslunina**
á www.borgun.is eða í síma 560 1600.



MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON UnionPay JCB Diners Club International DISCOVER American Express

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör




## GÓÐAR **VÖRUR** – FJÖLBREYTT **ÚRVAL!**

**LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR**
FERSKAR
SPARIÐ 209 KR
1.989 kr/kg
áður 2.198 kr/kg

**GRILLBORGARAR**
4 STK. MEÐ BRAUÐI
559 kr/pk.
áður 698 kr/pk.

**GRÍSAPOTTRÉTTUR**
FERSKUR Í SVEPPASÓSU
30% afsláttur
1.189 kr/kg
áður 1.698 kr/kg

**FROSNIR ÁVEXTIR**
SUMMER FRUIT SALAT
454 G
40% afsláttur
SPARIÐ 199 KR
299 kr/pk.
áður 498 kr/pk.

**FROSNIR ÁVEXTIR**
SUNBURST MANGO
454 G
40% afsláttur
SPARIÐ 279 KR
419 kr/pk.
áður 698 kr/pk.

**BOUNTY**
5 í pakka
2 FYRIR 1
519 kr/2 PK.
FRÁBÆRT VERÐ!

**BEYGLUR**
HREINAR/KANIL OG RÚSÍNUM
2 FYRIR 1
289 kr/2 PK.
FRÁBÆRT VERÐ!

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
1 STK. 175 G
95 kr/stk.
áður 119 kr/stk.

**TORTILLUR**
8 STK. 20 CM
2 FYRIR 1
339 kr/2 PK.
FRÁBÆRT VERÐ!

**FRANSKAR**
1 KG
32% afsláttur
258 kr/pk.
áður 379 kr/pk.

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 10. - 13. nóvember**
eða meðan birgðir endast

**FRÉTTASKÝRING:** Uppbygging laxeldis í sjókvíum

# Laxeldið vekur vonir og veldur áhyggjum

**Miklar vonir eru bundnar við sjókvíaeldi á laxi á sunnanverðum Vestfjörðum. Á Austurlandi hugsa menn sér einnig til hreyfings. Þegar hafa skapast tugir nýrra starfa á stuttum tíma en það er aðeins vísirinn að því sem koma skal, gangi áform eftir.**



**LAX Í SJÓKVÍ** Fjarðalax hefur leyfi fyrir 4.500 tonna eldi í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði. Fáist tilskilin leyfi er tíu þúsund tonna eldi fyrirhugað árið 2017. Slík umsvif kalla á mikið vinnuafl og gætu verið mikilvægt skref til þess að snúa við fólksflótta frá sunnanverðum Vestfjörðum. MYND/FJARÐALAX

Þessa dagana er tekið eftir því þegar auglýst er eftir starfsfólki í stórum hópum til að taka þátt í uppbyggingu á nýjum fyrirtækjum. Í lok október auglýsti laxeldisfyrirtækið Fjarðalax eftir tólf til fimmtán starfsmönnum í slátrun, vinnslu og pökkun í vinnsluhúsi fyrirtækisins á Patreksfirði. Um er að ræða framtíðarstörf en fyrir voru starfsmenn tuttugu á Vestfjörðum og tíu við seiðaeldisstöðina Ísþór í Þorlákshöfn, sem fyrirtækið rekur.

Fjarðalax hefur á síðustu tveimur árum byggt upp umfangsmikið laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum og er nú með fisk á fóðrum í Tálknafirði og Arnarfirði. Auglýst er eftir fólki til að annast slátrun á fyrstu kynslóð laxa í vetur. Að sögn framkvæmdastjóra Fjarðalax, Höskuldar Steinarssonar, er ráðningu starfsfólks ekki enn lokið en honum er það ekki áhyggjuefni að ljúka því. Hingað til hafa tveir sótt um hverja stöðu.

### Sölumálin tryggð

Fjarðalax er í eigu North Landing LLC, félags í íslenskri og danskri eigu. Fyrirtækið er stór aðili í innflutningi, vinnslu og dreifinu á ferskum laxi og laxaafurðum á austurströnd Bandaríkjanna. Eignarhaldið tryggir því að afurðir fyrirtækisins eiga greiða leið inn á markað þar sem helst er von til að fá hæst verð.

„Markaðurinn er lykilatriði við uppbygginguu laxeldis hér á landi," segir Höskuldur. „Staðsetning landsins þýðir kostnað við flutninga sem aðrir þurfa síður að hafa áhyggjur af. Við getum ekki gert þetta á vitrænan hátt til framtíðar öðruvísi en að framleiða sérstaka vöru á kröfuharðasta og dýrasta markaðinn."

### Umhverfi

Stefna Fjarðalax er að reka vistvænt og sjálfbært laxeldi. Því er unnið eftir hugmyndafræði um kynslóðaskipt laxeldi. Það þýðir að aðeins er ein kynslóð fiska á hverjum stað á hverjum tíma og er sá staður hvíldur að lokinni slátrun. Með kynslóðaskiptu laxeldi er tryggt að æskileg hreinsun sé á svæðinu sem dregur verulega úr hættu á sjúkdómasmiti, en það hefur valdið mestum vanda í fiskeldi hér á landi í gegnum tíðina eins og kunnugt er. Fjarðalax mun ala fisk í þremur fjörðum en Arnarfjörður bætist við þá sem fyrr voru taldir. Einn þeirra verður ætíð hvíldur.

„Þetta er leiðin sem allir eru að fara núna. Ef fyrirtækjum er hleypt af stað hvert ofan í öðru má segja að það sé leiðin til glötunar. Við leggjum mikið á okkur til að fá stjórnvöld til að horfa til reynslu nágrannaþjóðanna og draga upp regluverk sem tryggir að þetta sé gert rétt," segir Höskuldur.

> Ef fyrirtækjum er hleypt af stað hvert ofan í öðru má segja að það sé leiðin til glötunar.
>
> **HÖSKULDUR STEINARSSON** FRAMKVÆMDASTJÓRI FJARÐALAX

Laxeldi er umdeild atvinnugrein. Helst er horft til áhrifa eldisins á villta laxastofna. Hér takast á tveir skólar; eldismenn gegn þeim sem gagnrýna eldið hart. Noregur er oft nefndur sem dæmi en þar hafa villtir stofnar látið mjög á sjá. Hins vegar er langur vegur frá því að menn geti sæst á það sjónarmið að eldinu sé um að kenna. Hins vegar er Noregur kannski ekki gott dæmi fyrir Ísland, svo umfangsmikið sem eldið er þar í landi með milljón tonna framleiðslu á ári.

Hérlendis hefur laxeldi í sjó aðeins verið á Vestfjörðum, Austfjörðum og í Eyjafirði, eða þar sem ár með laxastofna eru fáar eða engar. Það skýrir áhuga á laxeldi á sunnanverðum Vestfjörðum þó aðrir þættir spili þar einnig inni í, eins og ákjósanlegt veðurfar og skjólgóðir firðir.

### Vöxtur og starfsfólk

Í ágúst skrifuðu forsvarsmenn Fjarðalax undir fjármögnunarsamning við Landsbankann. Samningurinn er háður framgangi fyrirtækisins og því magni sem kemur til slátrunar. Það er reyndar við framtíðarsýn Fjarðalaxmanna sem leikmaður í þessum fræðum staldrar við. Fyrirtækið stefnir á að framleiða allt að tíu þúsund tonn af laxi á ári, fáist til þess tilskilin leyfi frá stjórnvöldum. Þetta hefur gríðarlega þýðingu í byggðalegu samhengi.

Varlega áætlað gæti tíu þúsund tonna ársframleiðsla skapað ríflega 300 störf á sunnanverðum Vestfjörðum. Hér er litið til reynslu Færeyinga þar sem sannast hefur að hver þúsund tonn skapa fimmtán bein störf. Afleidd störf í strandnýtingargreinum, eins og laxeldið er skilgreint, hefur reynst vera 2,2 fyrir hvert beint starf í viðkomandi grein. Og í þessu dæmi er bara Fjarðalax undir.

### Arnarlax

Á Bíldudal, einnig á sunnanverðum Vestfjörðum, er fyrirtækið Arnarlax í startholunum. Fyrirtækið undirbýr eldi á þrjú þúsund tonnum af laxi í Arnarfirði. Áform eru um að fullvinna afurðir á Bíldudal og myndi vinnslan skapa fimmtíu störf, eins og Fréttablaðið greindi frá í sumar. Sé dæmið reiknað áfram er nær að tala um hundrað störf í tengslum við umsvif Arnarlax. Fyrirtækið bíður eftir starfsog rekstrarleyfum en ætlar af stað með tilraunaeldi í vor.

Þá hefur fyrirtækið Laxar fiskeldi áform um sex þúsund tonna eldi í Reyðarfirði á Austfjörðum, og hefur Skipulagsstofnun afgreitt erindi fyrirtækisins um matsskyldu. Kannski er of snemmt að reikna, en þarna gætu á annað hundruð störf verið í pípunum gangi Laxar fiskeldi vel að koma áformum sínum á koppinn.

### Sporin hræða

Viðmælendur Fréttablaðsins tala um þriðju bylgju laxeldis á Íslandi. Tvær þær fyrri risu hátt en enduðu illa. Skelfilega, myndi einhver segja.

En af hverju núna? Eitt er að aðstæður til sjóeldis á laxi hafa breyst mjög til batnaðar síðan fyrst var farið af stað um 1990. Hækkandi hitastig sjávar skiptir máli og til þess verður að líta að verð á eldislaxi var ævintýralega hátt um nokkurra ára skeið. Skýringin á því er hrun eldis í Síle vegna sjúkdóma. Á þessu ári hefur verð á laxi hins vegar hrunið aftur, og er upprisa eldis í Síle aftur ástæðan. Norsk eldisfyrirtæki horfa nú fram á tap eftir ofurgróða um tveggja ára skeið. Einnig er tínt til að eignarhald fyrirtækjanna hafi breyst og bakhjarlar séu fjölþjóðlegur hópur eldismanna, sem gæti skipt máli. Breiðari þekking, reynsla og dýpri vasar hljómar vel. Spurning hvort minna þurfi á gengislækkun að halda eftir hrunið og áhrif á útflutningsgreinar?

### Er einn nóg?

Allir eru sammála um að aðferðum við sjóeldi hefur fleygt mikið fram. Kröfur um búnað og eftirlit eru allt aðrar og strangari en var fyrir nokkrum árum. Fiskur á ekki að sleppa úr sjókvíum, ef allt gengur eins og því er ætlað. Dæmin sanna hins vegar að lax sleppur, oftast eru þeir fáir en stundum svo þúsundum skiptir. Þessi dæmi má finna alls staðar sem lax er eða hefur verið alinn í sjó. Hver áhrifin eru greinir menn á um, eins og áður sagði. Frá þrengsta sjónarmiði er hægt að segja að þetta sé ekki síst spurning um ímynd. Einn eldislax er kannski nóg ef hann veiðist í laxveiðiá sem hefur verið markaðssett á þeim forsendum að stofninn sem þar lifir sé einstakur vegna uppruna síns.

### Allt til staðar

Fréttablaðið flutti af því fréttir í ágúst að til stæði að kanna grundvöll þess að byggja íbúðir fyrir aldraða á Tálknafirði. Það vakti athygli fyrir þær sakir að aðeins eitt íbúðarhús hafði verið byggt í þorpinu frá aldamótum. Undirliggjandi ástæða þessara áforma er ásókn í leiguhúsnæði á staðnum, ekki síst vegna umsvifa Fjarðalax. Í þessu litla dæmi kristallast vandi sunnanverðra Vestfjarða, eða stanslaus fólksflótti undanfarinna ára og hvað kröftugt fyrirtæki getur þýtt fyrir byggðir sem hafa misst spón úr aski sínum.




Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is








KOMDU OG FINNDU ÞINN FULLKOMNA FARÐA FRÁ DIOR

20% afsláttur af Dior farða dagana 10. - 12. nóvember

Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Holtagörðum og Akureyri og aðstoða þig við að finna farða sem hentar. Kynnum nýjan Forever farða og flottu jóla litina sem koma í takmörkuðu upplagi. Falleg gjöf* fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir, þar af einn farði.

* Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


20 ára
afmælis
verð
10.11.
Suðu-
súkkulaði
100 g
98 kr
Pepsi
Max 2l
139 kr
Kókómjólk
59 kr
Grænar
baunir
98 kr
Sprite 2l
139 kr
Kók
0,33l
49 kr
Kaffi
500 g
249 kr
Lasagne
489 kr
Tilboðið gildir aðeins fimmtudaginn 10. nóvember.
Við erum 20 ára
Af því tilefni bjóðum við fjölmargar vinsælar matvörur
á 20 ára afmælisverði, í dag 10. nóvember
Frá og með kl. 7:00 í dag, fimmtudag, bjóðum við ótrúlegt úrval vörutegunda á sérstöku afmælisverði í öllum verslunum okkar – á meðan birgðir endast. Líttu við í verslunum 10-11, stígðu 20 ár aftur í tímann og rifjaðu með okkur upp vöruverðið árið 1991. Við tökum vel á móti þér.
10 11
...opið í 20 ár


Staur
49 kr
Grjóna-
grautur
199 kr
Smjörvi
189 kr
Heimilis-
brauð
198 kr
Rjómi 0,5l
289 kr
Cocoa Puffs
399 kr
Kit-Kat
49 kr
Mjólk 1l
68 kr
Skólaostur
799 kr/kg
10 kleinur
239 kr
Mjólkurkex
109 kr
Kók 2l
149 kr
Hátíðar-
blanda
79 kr
Appelsínu-
safi
89 kr
Prins Póló
29 kr
Hraun-
bitar
119 kr
Tilboðsís
198 kr

**FRÉTTASKÝRING:** Eftirlit með hlerunum

# Ekkert utanaðkomandi eftirlit með hlerunum símafyrirtækja

**Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekkert reglubundið eftirlit með símhlerunum, þó að stofnunin hafi sett almennar reglur um hvernig þær skuli framkvæmdar. Lítill hópur starfsmanna símafyrirtækja framkvæmir hleranirnar, en ekki er kannað reglubundið innan fyrirtækjanna hvort starfsmennirnir misnoti aðstöðu sína.**




**SÍMHLERANIR** Almennar reglur eru í gildi um framkvæmd símhlerana. Þær gera ráð fyrir teymi tæknimanna sem framkvæmir hleranir innan símafyrirtækja fyrir lögreglu. Allir sem í teymunum eru skrifa undir trúnaðarupplýsingar.

Ekkert utanaðkomandi eftirlit er með framkvæmd símhlerana. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur sett almennar reglur um framkvæmdina en sinnir ekki reglulegu eftirliti. Lítil hópur tæknimanna, sem stjórnendur fyrirtækjanna vita ekki hverjir eru, tengja þau símanúmer sem vilji er til að hlera við lögregluna að undangengnum úrskurði. Engin skipulögð leit fer fram innan fyrirtækjanna að sporum sem hleranir skilja eftir sig. Þetta kemur fram í svörum Símans, Vodafone, Nova og Tals við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið.

### Óþekktur hópur

Öllum beiðnum um símhleranir verður að fylgja dómsúrskurður. Ferlið við símhleranirnar er þannig að þegar dómsúrskurður liggur fyrir sendir lögreglan beiðni um símhlerun til viðkomandi símafyrirtækis. Sú beiðni fer inn á lokað vefsvæði. Lítill hópur tæknimanna, sem valinn er af öryggisstjóra til að sinna samskiptum við lögreglu, hefur aðgang að því svæði. Þeir undirrita allir trúnaðaryfirlýsingu vegna þessara starfa sinna. Helstu stjórnendur símafyrirtækjanna eru ekki í þeim hópi og eiga ekki að vita hverjir tilheyra honum.

Rafræn útgáfa af dómsúrskurðinum sjálfum er læst með lykilorði og aðeins þeir starfsmenn sem eru í samskiptahópnum geta sannreynt innihald hans.

Til að hlerunin sé möguleg er símanúmerið sem á að hlera tengt við símanúmer í eigu lögreglunnar. Lögreglan á sjálf búnaðinn sem hún notar til að hlusta á eða hljóðrita símtölin.

### Tengsl ekki könnuð

Fréttablaðið leitaði til Símans, Vodafone, Nova og Tals eftir upplýsingum um hvernig hleranir eru framkvæmdar hjá fyrirtækjunum og hvers konar eftirlit sé með þeim. Tal leigir símstöð sína af Símanum og því fara allar hleranir á viðskiptavinum Tals í gegnum Símann.

Öll fyrirtækin bentu á að það væri lögregla sem framkvæmdi hleranir, ekki símafyrirtækin. Aðspurð hvort þau kanni hvort sá sem framkvæmir tenginguna hafi einhver tengsl við þann sem verið er að hlera svöruðu öll fyrirtækin sem sinna þessari þjónustu við lögregluna því neitandi. Í svari Vodafone kom fram að lögreglan hefði ekki óskað eftir því að slíkt væri gert. Engin dæmi væru þó um að starfsmaður fyrirtækisins hefði brotið þann trúnað sem fylgir þessum störfum.

Í svari Símans og Nova er bent á að fyrirtækin eigi ekki búnað til að hlera, heldur einungis lögreglan.

### Ekkert utanaðkomandi eftirlit

Þegar spurt er um hvort einhvers konar utanaðkomandi eftirlit sé með hlerunum kemur fram í svörum fyrirtækjanna að svo sé ekki. Í svari Símans segir að fyrirtækið líti „svo á að það hljóti að vera hlutverk ríkissaksóknara að hafa eftirlit með hlerunum. Það er ekki á okkar valdsviði og við komum ekki nálægt því.“

> Við höfum eftirlit með almenna ferlinu, en við eru ekki inni á stokk hjá fyrirtækjunum í hverju og einu tilviki.
>
> **HRAFNKELL GÍSLASON**
> FORSTJÓRI PFS

Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir ákveðnar reglur til um framkvæmd hlerana sem farið hafi verið yfir með símafyrirtækjunum. Hlutverk PFS í þeim efnum sé að til séu tæknilegar ráðstafanir til þess að löglegar hleranir geti farið fram, því þetta sé íþyngjandi kvöð sem stjórnvöld leggi á símafyrirtækin. Viðkomandi fyrirtæki þurfi að setja upp ákveðinn tæknibúnað og tengja hann þannig að lögreglan, sé hún með úrskurð, geti hlerað þannig að löglega sé að því staðið og viðeigandi öryggis sé gætt. „Við höfum eftirlit með almenna ferlinu, en við eru ekki inni á stokki hjá fyrirtækjunum í hverju og einu tilviki.“

Misvísandi svör fengust þegar spurt var hvort hleranir skilji eftir sig spor í kerfum fyrirtækjanna. Síminn og Vodafone svöruðu því bæði játandi en Nova neitandi. Engin skipulögð leit fer hins vegar fram að slíkum sporum innan nokkurs af fyrirtækjunum þremur.

Ásgeir Karlsson hjá greiningardeild embættis Ríkislögreglustjóra segir að bakgrunnur þeirra starfsmanna sem komi að tengingu varðandi símhleranir hjá fjarskiptafyrirtækjunum sé ekki skoðaður hjá lögreglu. Sitt mat sé að nauðsynlegt sé að láta slíka skoðun fara fram.

### Brotalöm í kerfinu

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að greiningardeild Ríkislögreglustjóra hafi vakið athygli á því að það séu fleiri en lögreglan sem koma að hlerunarmálum. Þar sé um að ræða símafyrirtækin sem annist tengingar.

„Þetta staðfestir það sem greiningardeild lögreglunnar hefur sagt og ég hef haft eftir henni á opinberum vettvangi, meðal annars á Alþingi nýverið, að þarna sé brotalöm í kerfinu sem ég vil kalla varnarkerfi fyrir réttindi borgarans og þá brotalöm verðum við að laga.“




**Jóhanna S. Sigþórsdóttir**
jss@frettabladid.is



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@fréttabladid.is


## Meint hlerun símastarfsmanns skoðuð



Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur nú til rannsóknar meinta heimildarlausa símhlerun starfsmanns símafyrirtækis. Þetta staðfestir Hrafnkell Gíslason, forstjóri PFS, við Fréttablaðið. Hann segir málið það fyrsta sinnar tegundar sem stofnunin hafi fengið til athugunar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er um að ræða að viðkomandi starfsmaður hafði nýlega slitið samvistir við maka sinn. Makinn lagði fram kvörtun, sem vísað hefur verið til PFS og snýst efnislega um að makinn fyrrverandi hafi hlerað síma viðkomandi.

Hrafnkell segir að í gegnum tíðina hafi verið talsvert um fyrirspurnir vegna símhlerana, en ekki hafi verið um formlegar kvartanir að ræða fyrr en nú. Málinu sem að ofan greinir sé ekki lokið en því muni klárlega ljúka í þessum mánuði.

„Okkar nálgun í þessu máli snýr að því að komi upp áhyggjur af hlerun, hvernig viðkomandi fjarskiptafélag brást við því að rannsaka hvort þessar áhyggjur eru á rökum reistar eða ekki,“ segir Hrafnkell og kveðst ekki vilja tjá sig frekar um efnisatriði málsins meðan það sé ekki til lykta leitt. Hann segir það fara í ákveðið ferli. Þar komi fram sjónarmið þess sem vísaði málinu til PFS og það sé síðan sent til andmæla hjá félaginu.

„Þannig gengur þetta fram og til baka þar til málið telst fullrannsakað,“ úrskýrir Hrafnkell. „Síðan tekur PFS ákvörðun sem byggð er á efnisatriðum og lagaforsendum. Stofnunin túlkar hvort brotið hafi verið í bága við fjarskiptalög og -reglur eður ei.“

Hrafnkell segir að reglur Póst- og fjarskiptastofnunar og innri verklagsreglur símafyrirtækja eigi að tryggja að menn geti svarað þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar, til dæmis með því að kanna atburðaskrár. „PFS hefur býsna víðtækar lagaheimildir til að skoða mál á eigin forsendum.“

Í fjarskiptalögum er lagt bann við hlerun fjarskipta nema með samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum. Þá er þar lögð rík þagnarskylda á starfsmenn símafyrirtækja og fyrirtækjunum gert að tryggja leynd fjarskipta.




# FINLUX SJÓNVARPS TILBOÐ

42" FULL HD 2xUSB 2xHDMI

*Gæði á góðu verði*

**Finlux 42FLHX905HU**
42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

22" Einnig til með DVD spilara á 59.990

**Finlux 22FLX850UD**
22" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ 54.990
FULLT VERÐ kr. 64.990

26" Einnig til með DVD spilara á 79.990

**Finlux 26FLX905HU**
26" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ

26" DVB-T MÓTTAKARI LED 2 HDMI

**Finlux 26FLX910LHU**
26" ÖRÞUNNT LED SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

32" DVB-T MÓTTAKARI USB TENGI 2xHDMI

**Finlux 32FLX905HU**
32" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB Margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

32" FULL HD USB TENGI 2xHDMI

**Finlux 32FLHX905HU**
32" FULL HD LCD SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ

37" DVB-T MÓTTAKARI USB TENGI 2xHDMI

**Finlux 37FLX850UD**
37" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

## Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**62,5 PRÓSENT** er hækkunin á verði rafmagns í Reykjavík frá árinu 2001. Verðið var orðið 12,12 krónur á kílóvattstund í ágúst síðastliðnum.
*Heimild: Hagstofa Íslands.*

## GÓÐ HÚSRÁÐ að sjóða egg

*Falleg harðsoðin egg*



Til þess að koma í veg fyrir að dökkir hringir myndist umhverfis rauðuna í harðsoðnum eggjum, eins og gerist ef eggin sjóða of lengi, þarf að hella heita vatninu strax af þeim, brjóta skurnina og láta kalt vatn renna yfir eggin þar til þau kólna í gegn.

■ **Samgöngur**

## Flugfarþegar í vanda geta leitað til ECC

ECC-netið (European Consumer Centre-Net) er starfrækt á Evrópska efnahagssvæðinu og er Evrópska neytendaaðstoðin á Íslandi hluti af netinu. Netið hefur það hlutverk að aðstoða neytendur sem lenda í vandræðum vegna kaupa á vöru eða þjónustu af erlendum aðilum. Neytendur geta þannig leitað til skrifstofu í sínu heimalandi til að fá hjálp. Neytendasamtökin vekja athygli á þessu á heimasíðu sinni. Þar er einnig fjallað um skýrslu ECC um réttindi og kvartanir flugfarþega, sem sýnir að þeir eru almennt ekki meðvitaðir um réttindi sín. Þriðjungur allra kvartana sem bárust ECC í fyrra tengdust samgöngum og meirihluti þeirra var vegna flugs. Fjöldi erinda frá flugfarþegum jókst um 59 prósent milli ára, en eldgosið í Eyjafjallajökli hafði talsverð áhrif á þessa aukningu.










**VINSÆLAR VÉLAR** Það getur verið ódýrara að þvo og snæða á Laundromat en að láta þvo fyrir sig í þvottahúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ódýrt að þvo þvottinn sinn á Laundromat

**Þvottavélarnar og þurrkararnir á Laundromat í Austurstræti eru meira og minna í gangi allan tímann sem veitingastaðurinn er opinn. Verðið sem greitt er fyrir notkun vélanna er lágt. Það getur jafnvel verið ódýrara að þvo þvottinn sinn á veitingastaðnum og gæða sér á hamborgara og djús á meðan en að láta þvo þvottinn fyrir sig í þvottahúsi.**

Á Laundromat Café í Austurstræti, sem var opnað í mars síðastliðnum, eru þrjár þvottavélar sem taka 7 kg hver auk þriggja þurrkara. Greiða þarf 500 krónur í hvert sinn sem þvegið er en vélarnar eru 30 til 60 mínútur að þvo. 15 mínútna notkun á þurrkara kostar 100 krónur.

„Notkunin á þessum vélum hefur verið framar okkar björtustu vonum. Við litum eiginlega fyrst á þær sem skrautmuni sem væru einkenni staðarins. Fólk taldi að enginn myndi nota þær þar sem allir ættu þvottavél,“ segir Steinn Einar Jónsson, rekstrarstjóri Laundromat.

Hann getur þess að fjölmargir ferðamenn hafi nýtt sér þjónustuna síðastliðið sumar auk Íslendinga. „Nú erum við komnir með marga fastakúnna. Þetta eru ungir námsmenn sem leigja íbúð miðsvæðis en hafa ekki aðgang að þvottavél. Menn hafa verið að fara með allt hafurtaskið í úthverfin til pabba og mömmu á tveggja vikna fresti en þurfa þess ekki lengur. Sumir læra á meðan vélarnar þvo eða líta í bækurnar sem hér eru. Við lánum auk þess út fartölvur endurgjaldslaust.“

Ekki er skylda að kaupa sér veitingar þótt þvegið sé á staðnum. „En það getur jafnvel verið ódýrara að þvo hér og kaupa sér hamborgara og djús í leiðinni heldur en að fara með þvott í þvottahús,“ bendir Steinn á.

Hjá Drífu efnalaug og þvottahúsi er ódýrasta vélin 5 kg. Greiða þarf 2.000 krónur fyrir bæði þvott og þurrkun og er þvotturinn brotinn saman fyrir viðskiptavininn. Flokka þarf þvottinn eftir lit áður en komið er með hann. 5 til 12 kg vél kostar 3.000 krónur en 16 til 18 kg vél 4.000 krónur.

Hjá Efnalauginni Úðafossi þarf að greiða 3.000 krónur fyrir þvott og þurrkun á 5 kg af sama lit. Þvotturinn er flokkaður eftir lit sé þess óskað. Hvert aukakíló kostar 590 krónur.

Fyrir þvott í 8 kg vél þarf að greiða 4.700 krónur.

Lágmarksgjald, fyrir til dæmis 1 eða 2 kg, er 2.200 krónur.

ibs@frettabladid.is




* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar.

# Allt í plasti!

**MÚRBÚÐARVERÐ**



Gerð 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm **2.890,-**



Gerð 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34cm **1.890,-**
Gerð 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **999,-**



Gerð 8855 **42** lítra 53x37x31cm **1.590,-**



Gerð 7755 **42** lítra 53x37x31cm **1.690,-**
Gerð 7756 **64** lítra 61x42,5x35cm **1.990,-**



Gerð 7803 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**
Gerð 7805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**



Gerð 801 **18** lítra 43x28x23,5cm **699,-**
Gerð 802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **499,-**
Gerð 803 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**
Gerð 804 **2,5** lítra 23x16x14cm **199,-**
Gerð 805 **23** lítra 50x33,5x27cm **999,-**
Gerð 8703 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**



Gangnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2803 **6** lítra 28,5x20x18cm **399,-**
Gangnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **599,-**
Gangnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**



Gerð B002 með hjólum **46** lítra 55,5x40,5x33cm **1.699,-**
Gerð B003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **1.299,-**



Gerð 8858 með hjólum **35** lítra 80x39,5x16cm **1.599,-**







Gagnsætt, grænt lok 5827 með hjólum **52** lítra 58x42,5x34cm **1.999,-**
Gagnsætt, rautt lok 5828 með hjólum **72** lítra 63x46x40cm **2.699,-**



MARC-LEO1 Leo hillueining.
75x30x135cm. 4 hillur
**4.990,-**



MARC-LEO5 Leo hillueining.
100x30x185cm. 5 hillur
**6.990,-**



MARC-LEO3 Leo hillueining
90x40x165cm. 4 hillur
**6.450,-**



Gagnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2217 29x23x17cm **599,-**
Gagnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2218 35x28x19cm **799,-**
Gagnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2219 41x32x23cm **1.299,-**

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18*
***Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# Ný stórfj







## MacBook Air 11”
1.6GHz dual-core Intel Core i5
64GB flash / 2GB vinnsluminni
Thunderbolt tengi
Íslenskt lyklaborð (baklýst)
Aðeins 1kg

**Verð: 179.990.-**

## MacBook Air 13”
1.7GHz dual-core Intel Core i5
128GB flash / 4GB vinnsluminni
Thunderbolt tengi
Íslenskt lyklaborð (baklýst)
Aðeins 1,3kg

**Verð: 259.990.-**

## MacBook Pro 13”
2,4GHz tveggja kjarna Intel i5 örgjörvi
4GB DDR3 / 500GB HDD
Intel HD Graphics 3000 384MB
Thunderbolt tengi
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

**Verð: 219.990.-**

# iPhone 4



**Verð frá: 99.990.-**

# iPod




**Verð frá: 9.990.-**

**Laugavegi 182** | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16
**Smáralind** | Opið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# ölskylda



## MacBook Pro 15”

2,2GHz Quad-Core Intel i7 örgjörvi
4GB DDR3 / 500GB HDD
AMD Radeon 6750M 512MB
Thunderbolt tengi
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

**Verð: 349.990.-**

## MacBook Pro 17”

2,4GHz Quad-Core Intel i7 örgjörvi
4GB DDR3 / 750GB HDD
AMD Radeon 6770M 1GB
Thunderbolt tengi
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

**Verð: 469.990.-**

# iPad2



li.is

**Verð frá: 84.990.-**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**- 3,99%** ER BREYTINGIN á OMX Iceland 6 hlutabréfavísitölunni frá ársbyrjun.

Creditinfo starfar að þremur verkefnum í Afríku:

## Creditinfo starfar fyrir seðlabanka Tansaníu

**VIÐSKIPTI** Creditinfo International, systurfélag Creditinfo á Íslandi, mun á næstunni koma upp gagnabanka sem hýsa á fjárhagsupplýsingar frá bönkum í Tansaníu. Var fyrirtækið valið til verkefnisins í kjölfar útboðs sem seðlabanki Tansaníu hélt.

„Við teljum að verkefnið í Tansaníu geti orðið gott fordæmi fyrir önnur lönd og hlökkum til að takast á við þetta krefjandi verkefni sem við erum sannfærðir um að takist vel enda hefur seðlabankinn unnið vel að undirbúningi verkefnisins,“ segir Hákon Stefánsson, sem stýrir alþjóðlegri sölu Creditinfo International.

Gagnagrunninum á að koma upp til að auðvelda seðlabanka Tansaníu að hafa eftirlit með kerfisáhættu í fjármálakerfi landsins. Þá á hann jafnframt að auðvelda stofnun einkarekinna fjárhagsupplýsingafyrirtækja með því að veita þeim aðgang að gögnunum.

Í tilkynningu frá Creditinfo segir að fyrirtækið hafi árum saman búið til lausnir fyrir fjárhagsupplýsingafyrirtæki og seðlabanka um allan heim. Fyrirtækið hefur starfsemi í sextán löndum og hefur nokkra reynslu af starfsemi í nýmarkaðsríkjum. Þannig er fyrirtækið nú þegar með tvö önnur verkefni í gangi í Afríku; í Súdan og á Grænhöfðaeyjum. - mþl



**SEÐLABANKI TANSANÍU** Creditinfo mun koma upp gagnagrunni fyrir seðlabanka Tansaníu.

# Kæra MP seinkar ekki samrunaferlinu

**Hugsanleg kæra MP banka til áfrýjunarnefndar frestar ekki gildistöku þeirrar ákvörðunar að heimila yfirtöku Íslandsbanka á Byr. FME telur einungis stóru viðskiptabankana þrjá geta tekið Byr yfir. Yfirtakan á að klárast í janúar.**

**VIÐSKIPTI** Hugsanleg kæra MP banka til áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins um að heimila yfirtöku Íslandsbanka á Byr mun ekki hafa áhrif á samrunaferli bankanna tveggja. MP banki hefur fram á mánudag til að leggja fram kæruna. Frá þeim degi hefur áfrýjunarnefndin sex vikur til að komast að niðurstöðu. Hún ætti því að liggja fyrir á milli jóla og nýárs. Verði hún í andstöðu við fyrri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins verður undið ofan af samrunanum í kjölfarið. Þangað til verður honum haldið áfram líkt og ekkert hafi í skorist. Heimildir Fréttablaðsins herma að sameiningin muni að öllum líkindum verða lokið í janúar 2012 ef ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar verður í samræmi við niðurstöðu annarra eftirlitsaðila.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir hugsanlega kæru MP banka til áfrýjunarnefndar ekki hafa áhrif á sameiningu bankans og Byrs undir merkjum Íslandsbanka. „Hún mun ekki seinka sjálfu sameiningarferlinu. Við lítum á sameininguna sem mikilvægan þátt í endurreisn og endurskipulagningu fjármálakerfisins. Sameiningin hefur þegar farið í gegnum nálarauga þriggja eftirlitsaðila: Samkeppniseftirlitsins, Eftirlitsstofnunar EFTA og Fjármálaeftirlitsins, sem byggja allir niðurstöður sínar á ítarlegum og faglegum athugunum.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er búið að gera rammasamkomulag milli bankanna tveggja um tilhögun samrunans. Stefnt var að því að klára hann fyrir áramót en nú er líklegt að samkeyrsla útibúa muni teygja sig fram í janúar.

Þegar Samkeppniseftirlitið heimilaði yfirtöku Íslandsbanka kom fram í ákvörðun þess að það hefði leitað eftir afstöðu Fjármálaeftirlitsins (FME) til málsins. Í ákvörðuninni segir orðrétt að ekki blasi annað við „en gjaldþrot Byrs gangi samruninn ekki eftir eða að FME yfirtaki bankann á grundvelli heimilda sinna skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Hér skiptir og máli það sem fram kemur í bréfi FME til Samkeppniseftirlitsins frá 10. október sl.“. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins segir efnislega í því bréfi FME að verði samruninn við Íslandsbanka ekki samþykktur þá yrði Byr settur í þrot og eignir og skuldbindingar hans færðar yfir til annars fjármálafyrirtækis með aðkomu fjármálaráðuneytisins.

Miðað við þær stærðir sem um var að ræða hefðu einungis stóru viðskiptabankarnir þrír; Landsbankinn, Arion banki eða Íslandsbanki, komið til greina. Ekki náðist í Sigurð Atla Jónsson, forstjóra MP banka, við vinnslu fréttarinnar.

thordur@frettabladid.is



**YFIRTAKA** Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, segir hugsanlega kæru ekki seinka samrunaferlinu.

### Vildu ríkisábyrgð á eignum Byrs

MP banki var einn þeirra aðila sem lýstu yfir áhuga á að kaupa Byr þegar bankinn var settur í söluferli fyrr á þessu ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði tilboð bankans ráð fyrir því að ríkisábyrgð yrði á öllum eignum Byrs. Tilboðið hljóðaði upp á að kaupa 8 milljarða króna í nýju hlutafé, en bankinn var þó ekki búinn að safna fyrir öllu því fé. Tilboð Íslandsbanka, sem var tekið, hljóðaði upp á kaup á tíu milljörðum króna af nýju hlutafé auk þess sem bankinn keypti allt hlutafé sem slitastjórn Byrs og íslenska ríkið átti þegar í bankanum á 7,7 milljarða króna.




Samfylkingin

Kjördæmisráð Suðvesturkjördæmis
Aðalfundur 2011

Aðalfundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjör-dæmi verður haldinn þriðjudaginn 15. nóvember 2011. Fundurinn verður haldinn í húsnæði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að Strandgötu 43 og hefst kl. 20.00.
Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.
*Stjórn kjördæmisráðs Suðvesturkjördæmis*

Fjárlaganefnd á eftir að taka afstöðu til eigendaláns til Hörpu:

# Lán Hörpu bráðum verðtryggt

**VIÐSKIPTI** Sambankalán sem tekið var í janúar í fyrra til að greiða fyrir byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu er óverðtryggt fram til 15. febrúar næstkomandi. Eftir það mun lánið bera 3,5% verðtryggða vexti í tvö ár þegar vextirnir munu hækka um 0,15% til viðbótar. Heildarlánstíminn er 35 ár og er gert ráð fyrir að lánið muni vera verðtryggt út þann tíma.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að Austurhöfn-TR, eigandi Hörpu, hefði ákveðið að fresta endurfjármögnun á sambankaláninu, sem stóru viðskiptabankarnir þrír; Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki, veittu félaginu í janúar 2010. Árlegur kostnaður íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, eigenda Austurhafnar, vegna lánsins er 960 milljónir króna í dag. Ef verðbólga helst há myndi sá kostnaður aukast þegar lánið yrði verðtryggt. Ársverðbólga mælist nú um 5,3%.

17.093 milljóna króna þak er á sambankaláninu og því dugaði það ekki fyrir stofnkostnaði Hörpu, sem áætlaður er 17,7 milljarðar króna. Vegna þessarar frestunar fór Austurhöfn fram á að eigendur hennar veittu sér 730 milljóna króna lán í tólf mánuði þar til að skilyrði til endurfjármögnunar myndu verða betri. Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt lánveitinguna fyrir sitt leyti en fjárlaganefnd mun taka þann hlut lánsins sem er á herðum ríkisins fyrir á næsta fundi sínum. Austurhöfn ætlar síðan að ráðast í 18,3 milljarða króna skuldabréfaútboð á fyrsta ársfjórðungi næsta árs til að endurfjármagna þessar skuldir. - þsj



**DÝR** Eigendur Hörpu ætla í skuldabréfaútboð á næsta ári. Þeir vonast til að ávöxtunarkrafa á slíku útboði lækki fram að þeim tíma.

# Miðnætursprengja

## Opið frá 11:00-24:00

**20% AFSLÁTTUR**

**af öllum vörum**

Full búð af flottum vörum

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Efnahagsvandi Evrópu er vandi allra.

## Allt er undir

Af íslenskri skotgrafaumræðu mætti halda að yfirstandandi efnahagsvandi evrusvæðisins hefði engin bein áhrif á okkur. Andstæðingar Evrópusambandsaðildar (ESB) hafa glaðhlakkalega bent á að ástandið sýni að Ísland eigi ekkert erindi inn í þennan félagskap. Fylgjendur hennar segja á móti að samtakamáttur aðildarríkjanna við að leysa vanda hvert annars sýni að eftirsóknarvert sé að tilheyra sambandinu. Þessi umræða er yfirborðskennd og fangar ekki alvarleika ástandsins.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Ísland á gríðarlega mikið undir því að framtíðarlausn finnist á skuldavandræðunum og að evrusamstarfið leysist ekki upp. Þeir hagsmunir eru til staðar alveg óháð því hvort við göngum inn í ESB eða ekki. Nánast öll okkar viðskipti eru enda við Evrópu. Það sem af er ári hafa 81,6% af öllum útflutningi Íslendinga ratað inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES). Um 61% af öllum vörum sem við flytjum inn kemur þaðan. Þorri erlendra eigna lífeyrissjóða okkar er í evrum. Og svo framvegis.

Og vandræðin hafa, ótrúlegt en satt, ekki bara áhrif á Ísland, heldur heiminn allan. Tæplega 27% af gjaldeyrisvaraforða hans eru í evrum. Veikist gjaldmiðillinn rýrna þær eignir. Kínverjar eiga stærsta gjaldeyrisvaraforða allra. Hann er þrefalt stærri en varaforði Japana, sem er næststærstur. Af þeim tíu löndum sem eiga mestu umframeignirnar eru sjö í Asíu, eitt í Suður-Ameríku (Brasilía) og tvö í Evrópu (Rússland og Sviss). Ekkert Evrópusambandsland er á topp tíu.

Bandaríski seðlabankinn hefur sagt að vandræði Grikklands og Ítalíu hafi ekki mikil áhrif á banka þar í landi. Þeir eigi mest undir bönkum í Frakklandi og Þýskalandi. Kröfuhafar Grikkja, sem hafa samþykkt að gefa eftir helming krafna sinna, eru að hluta til franskir stórbankar á borð við Société General og BNP Parisbas. Þeir eru líka að hluta til þýskir bankar á borð við Deutsche Bank og Commerzbank. Tæpur helmingur skulda Ítalíu við banka er við franskar fjármálastofnanir. Stór hluti hins helmingsins er við þýskar.

Því hafa vandræði Grikkja og Ítala áhrif á franska og þýska banka, sem hafa áhrif á bandaríska banka, sem hafa áhrif á bandaríska hagkerfið. Um 60% af öllum gjaldeyrisvaraforða heimsins eru í dollurum og veiking þess gjaldmiðils hefur því áhrif víða. Og svo koll af kolli.

Þau vandamál sem evrusvæðið glímir við í dag eru ekki bara vandamál þeirra ríkja sem nota evru sem mynt. Þau eru heldur ekki bara vandamál Evrópu. Þau eru sameiginleg vandamál alþjóðafjármálakerfisins og þurfa að leysast sem slík. Í þeim fasa þurfa öll ríki að taka til í sínum ríkisfjármálum og gera samrekstur íbúa sinna sjálfbæran. Ef það tekst ekki þarf allur heimurinn að glíma við afleiðingarnar. Líka Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fólksflóttinn mikli

Mikið hefur verið rætt um að fólksflótti hafi brostið á í kjölfar hrunsins. Andstæðingar ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur kenna aðgerðum og aðgerðaleysi hennar um. Það að fólk flýi bágt ástand er vissulega vandamál og ber að sporna við því. Það er hins vegar ágætt, í þessu sem öðru, að líta á tölur. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar fluttu af landi brott 12.485 íslenskir ríkisborgarar árin 2008, 2009 og 2010. Árin 2005, 2006 og 2007 fluttu 9.412 íslenskir ríkisborgarar af landi brott. Aukningin eftir hrun nemur rúmlega 3.000 manns, 1.000 á hverju ári.

### Þungbært en ekki flótti

Vissulega er slæmt að þeim fjölgi sem flytja af landi brott. En trauðla er hægt að tala um fólksflótta þegar 3.000 fleiri fara af landi brott á þremur verstu árum í sögu landsins en á þremur mestu uppgangsárum þjóðarinnar, eða hvað? Þungbært er það, en ekki massívur fólksflótti.




### Ekki enn þá sáttur

Umræða var á Alþingi í gær um Vestfjarðaveg. Margir höfðu skoðun á málinu, enda hefur lengi verið beðið eftir vegabótum á svæðinu. Einn þeirra sem tóku til máls var Kristján L. Möller, fyrrverandi samgönguráðherra. Hann fór yfir það að hann hefði sent bréf til Vegagerðarinnar um málið, nokkrum dögum áður en hann hætti sem ráðherra. „En ég vil líka taka fram að ég vissi ekki af því fyrr en deginum áður en sú gjörð var gerð, en það er annar handleggur." Líklega er Kristján ekki enn sáttur við skyndilegt brotthvarf sitt af ráðherrastóli.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Opið bréf til þingmanna Samfylkingarinnar

Stjórnmál



**Inga Sigrún Atladóttir**
formaður Samfylkingarfélagsins í Vogum

Á landsfundi Samfylkingarinnar helgina 21.-23. október voru kynntar ýmsar nýjungar til að bæta flokksstarfið. Enn fremur var farið yfir glæsilegan árangur í stjórnun landsmálanna og gerð grein fyrir ýmsum erfiðum hindrunum sem hafa verið á leiðinni. Fundurinn sýndi að flokkurinn er samstæður og sterkur, tilbúinn í ný verkefni.

Vikuna eftir landsfundinn birtust sláandi tölur frá Hagstofunni um stöðu íslenskra heimila. Rúmlega helmingur þeirra á erfitt með að ná endum saman um hver mánaðamót og hefur hlutfallið aukist stöðugt frá 2007. Við aldursgreiningu niðurstaðnanna kom í ljós að aldurshópurinn 30-39 ára var í mestum vandræðum. Í ljósi þessara niðurstaðna tel ég það skyldu Samfylkingarinnar að skoða mjög gagnrýnið hvers vegna aðgerðir til varnar heimilum landsins hafi ekki skilað betri árangri.

Nýlega las ég kanadíska grein sem fjallaði um nútíma stjórnmálaumræðu og áhrif fjármálamarkaðarins á hana (Soederberg, 2010). Niðurstaðan var sú að eftir fjármálahrunið 2008 hafa stjórnmálamenn um allan heim þaggað niður umræðu um raunverulegar orsakir og afleiðingar hrunsins. Stjórnmálamenn hafa talað um hrun fjármálageirans sem eðlilega samfélagslega afleiðingu án þess að tengja hana við eigin pólitíska sýn eða hugmyndafræðilegar áherslur. Stjórnmálamenn hafa haft tilhneigingu til að miða aðgerðir sínar við að fjármálastofnanir séu fórnarlömb hrunsins en ekki orsakir.

Í ræðu á landsfundinum lofaði formaður Samfylkingarinnar okkur samflokksmönnum sínum raunverulegri sókn til betri lífskjara og manneskjulegra samfélags. Ég veit að hún er manneskja til að efna þetta loforð og vegna þess styð ég hana til forystu. Í ljósi orða formannsins og einlægri trú á að Samfylkingin sé raunverulegur jafnaðarmannaflokkur vænti ég þess að þingmenn staldri við og miði aðgerðir á seinni hluta kjörtímabilsins við það 51% landsmanna sem ekki nær endum saman.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „Smávægilegur munur á einkunnum“

Í DAG



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi

Menntamálaráðherra breytti reglum um forgang í framhaldsskóla til hins verra árið 2010. Í stað þess að nemendur sem stóðu sig best nytu forgangs í óskaskóla nýtur nú sá hluti nemenda forgangs sem er heppnastur með lögheimili. Fyrir utan að vera líkast til brot á lögum leiðir breytingin til minni samkeppni milli nemenda og milli skóla. Minni samkeppni leiðir að öllu jöfnu af sér lélegra skólakerfi. Einna helst geta nemendur sem standa sig síður í skóla en búa á rétta staðnum hagnast á breytingunni auk þess sem starfsmenn ráðuneytis menntamála þurfa að leggja á sig mun minni vinnu við að raða niður í skólana. Nemendur sem að jafnaði gætu gert betur leggja minna á sig þegar rétt heimilisfang veitir þeim forgang.

**Gegn fjölbreytileika og metnaði**

Eðlilega hafa fá rök komið fram um kosti þess að heppilegt heimilisfang sé mikilvægari eiginleiki í fari nemenda við val skólanna á nemendum en árangur. Katrín Jakobsdóttir ráðherra skrifaði grein í vor þar sem hún sagði ljóst að stærri hópur nemenda sæki nú framhaldsskóla í nágrenni heimilis en áður, en að það hljóti að teljast „sanngjarnt, uppfylli þeir skilyrði til skólavistar“ og spyr „af hverju ætti að vísa þessum nemendum í skóla fjarri heimili og jafnvel sæta óvissu um skólavist vegna smávægilegs munar á einkunnum“.

Hvaða skilaboð eru þetta önnur en að litlu máli skipti hvernig þú stendur þig í skóla?

Svandís Svavarsdóttir, starfandi menntamálaráðherra undanfarna mánuði, opinberaði skýrt stefnu Vinstri grænna með breytingunni. Svandísi fannst einfaldlega ófært að ákveðnir skólar á Íslandi gætu valið úr bestu nemendunum. Hún segir í viðtali að það sé „forgangsatriði að tryggja öllum nýnemum skólavist og auka jafnframt fjölbreytni í námsframboði. Því marki verður tæpast náð ef skólar standa aðeins opnir nemendum sem náð hafa hæstum meðaleinkunnum við lok grunnskóla“.

Þetta er misskilningur hjá Svandísi. Forgangur vegna búsetu tryggir ekki nemendum skólavist á betri hátt en áður. Forgangur vegna lögheimilis breytir hvorki fjölda nemenda né fjölda skólaplássa. Úthlutunin breytir einungis því að nemendum sem standa sig síður er gert auðveldara að velja sér skóla og skólar sem ekki eru eins eftirsóttir af grunnskólanemendum fylla öll sín pláss. Þetta þýðir einnig að fleiri nemendur vita fyrirfram að þeir þurfa að leggja minna á sig til að komast inn í skóla sem þá langar í. Það ýtir undir minni metnað meðal nemenda unglingadeilda og veitir minna aðhald þeim framhaldsskólum sem ekki eru eftirsóttir, hvaða ástæður sem kunna að vera þar að baki.

> Forgangsreglurnar fela í sér mismunun á grundvelli búsetu.

**Jafnræðisregla brotin?**

Alvarlegt er að með innleiðingu pólitískrar sýnar Vinstri grænna er jafnræðisregla stjórnarskrár líklega brotin. Forgangsreglurnar fela í sér mismunun á grundvelli búsetu. Nemendur innan hverfis fá forgang umfram nemendur utan hverfis þó þeir hafi slakari einkunnir. Þannig hefur nemandi úr Lækjarskóla í Hafnarfirði minni möguleika en nemandi úr Hlíðaskóla á að komast inn í MH, jafnvel þó að nemandinn úr Hafnarfirði hafi betra námsmat.

**Afleiðingarnar**

Svo óréttlátar reglur geta haft alvarlegar afleiðingar til skemmri og lengri tíma. Skilaboðin eru að nemendur þurfi að leggja minna á sig til að fá inni í hverfaskóla og þurfi lítið að kynna sér ólíkt framboð framhaldsskóla. Búið er að minnka það val sem var áður í boði en nú má aðeins velja um tvo skóla í stað fjögurra áður. Ráðuneytið hvetur auk þess skólastjóra eindregið til að ráðleggja nemendum að „hafa annan þeirra þann skóla sem á að veita þeim forgang“. Unglingarnir hætta því ekki á að setja tvo óskaskóla utan hverfis sem fyrsta og annað val því þá aukast líkur á þeir komist hvergi að. Í þessu ljósi er hjákátlegt af menntamálaráðherra að birta tölur um að betur gangi að bjóða nemendum framhaldsskóla en áður því tölurnar eru með öllu ósambærilegar.

Margir framhaldsskólar falla þess heldur ekki inn í hugmyndir um hverfaskóla. Iðnskólinn í Reykjavík og Borgarholtsskóli hljóta að þurfa að sækja sér nemendur alls staðar að. Annað dæmi er Verzlunarskólinn, en Ingi Ólafsson skólameistari benti á að skólinn væri Verzlunarskóli Íslands en ekki Verzlunarskóli Kringluhverfis. Mjög líklegt er að reglan dragi úr sérhæfingarmöguleikum íslenskra framhaldsskóla.

Með forgangsreglum sem byggja á búsetu fremur en árangri draga Vinstri grænir úr metnaði nemenda og hafna um leið fjölbreytileika, sérstöðu og samkeppni milli framhaldsskóla landsins. Í stað þess að bjóða nemendum nám við hæfi eins og lög gera ráð fyrir verður niðurstaðan einsleitara framhaldsskólakerfi sem passar fremur fáum öðrum en heimsmynd fullorðinna í Vinstri grænum.

AF NETINU

### Eignarréttur hins skuldsetta

Í umræðum um leiðréttingar lána er því gjarna haldið fram að ekki sé hægt að ganga lengra en þegar hefur verið gert vegna stjórnarskrárbundins eignarréttar kröfuhafa. Eignarréttur þeirra sem einhvern tímann áttu hlut í heimili sínu en hafa þurft að þola eignabruna vegna hruns gjaldmiðilsins, verðbólgu og verðtryggingar er hins vegar sjaldan varinn. Það virðist lögmál á Íslandi að „tapið“ skuli alltaf lenda á skuldsettum heimilum.

http://blog.eyjan.is/margrett/

Margrét Tryggvadóttir

### Ónýtir lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðakerfið er ónýtt og hefur alltaf verið. Verkalýðsrekendur nota sjóðina til að braska með atvinnurekendum. Lífeyrisþegar fá nettó lítið sem ekkert út. Á móti hverri krónu, sem þeir leggja fram, tapa þeir krónu frá ríkistryggingunum. Ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega ríkisins utan sjóða nema 178.171 krónu á mánuði. Þeir, sem greiða í lífeyrissjóði, missa það og fá margir ekkert meira úr lífeyrissjóðunum. Sem eru bara aðferð við að spara ríkinu lífeyrisgreiðslur. Því er mikilvægt fyrir fólk að koma sér undan lífeyrissjóðunum. Nota fremur peningana í eitthvað gagnlegt og varanlegt.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

# Hvað framleiðir Ísland?

Gjaldmiðlar



Heiðar Már Guðjónsson
hagfræðingur

Nú þegar seðlabankar heimsins keppast hver við annan um að prenta peninga, til að borga fyrir fjárlagahalla og björgun fjármálafyrirtækja, þá er hafið kapphlaup um að verðfella gjaldmiðla heimsins.

Trú manna á gjaldmiðla fer því eðlilega þverrandi.

Einn er sá flokkur sem þó stendur af sér þessa prentun en það eru hrávörur. Hrávörur eru af skornum skammti og verðgildi þeirra hefur farið hækkandi, og mun að öllum líkindum halda því áfram, svo lengi sem seðlabankar halda prentvélunum gangandi. Lönd með digra sjóði, svo sem Kína, hafa áttað sig á þessu og reyna því nú að kaupa hrávörur beint, eða aðgang að þeim, í stað þess að geyma fjármuni sína í myntum sem alltaf er verið að verðfella með peningaprentun. Það er nefnilega ekki hægt að prenta hrávörur. Sú staðreynd að stærsta sendiráðið á Íslandi er hið kínverska, þrátt fyrir að Ísland eigi nánast engin viðskipti við Kínverja, segir sína sögu um sóknina í hrávörur á norðurslóðum.

Því hefur verið haldið fram að Ísland eigi að taka upp evru því mest af útflutningi Íslands sé í þeirri mynt. Ef við skoðum hins vegar hvernig útflutningur Íslands skiptist þá eru þar tvær stórar stoðir: orka, í formi áls, og svo fiskur. Hvort tveggja hrávörur sem munu hækka mjög í verði, hvað sem peningaprentun líður, því mannkyninu heldur áfram að fjölga mun hraðar en hrávöruframleiðslan eykst.

Þeir álitsgjafar sem telja að það sé fráleitt að taka upp aðra mynt en evru, vegna þess að Ísland framleiðir ekki í þeim myntum, virðast vita harla lítið um útflutning landsins eða hrávörur. Sannleikurinn er sá að hrávörur heimsins eru opinberlega verðlagðar í dollar. Raunin er hins vegar sú að hrávörur hafa sitt eigið verð og bindast því ekki einni mynt eins og sést hefur síðustu ár þegar verð þeirra hefur hækkað í öllum myntum. Samkvæmt íslenskum hagtölum er álframleiðsla Íslands í evrum, einfaldlega vegna þess að álið er sent til umskipunar í Rotterdam! Ef við lítum svo til þriðju stoðar útflutnings, ferðamannaiðnaðar, þá er meirihluti tekna í öðrum myntum en evru.

Það land sem líkist mest Íslandi hvað varðar útflutning er Kanada. Kanadamenn eiga næga orku, vatn og matvæli. Stærsta viðskiptaland Kanada eru Bandaríkin. Er þá firra fyrir Kanada að hafa sinn eigin gjaldmiðil, sem í dag er talinn sá traustasti í heimi, vegna þess að þeir versla mest í Bandaríkjadollar? Nei alls ekki, því Kanada má helst líkja við nágranna sinn fyrir rúmri öld síðan, þegar auðæfi Bandaríkjanna voru að mestu ósnortin og landið var að hefja gríðarlega uppbyggingu. Kanada er ung þjóð með framtíðina fyrir sér, líkt og Ísland. Kanada skuldar lítið, hefur traust fjármálakerfi og frábæran seðlabanka. Kanada og Ísland framleiða hrávörur, sem hafa alþjóðlegt verðgildi, en ekki bara í einni mynt. Íslendingar hafa sára reynslu af notkun myntar sem stöðugt rýrnar í verðgildi. Sú mynt sem flestir telja að haldi verðgildi sínu næstu áratugi er Kanadadollar. Og það sem meira er, Kanadamenn vilja gjarnan að við notum þeirra mynt.

> Íslendingar hafa sára reynslu af notkun myntar sem stöðugt rýrnar í verðgildi. Sú mynt sem flestir telja að haldi verðgildi sínu næstu áratugi er Kanadadollar.

25% afsláttur í nóvember
Barnahúsgögn
Dönsk og umhverfisvottuð



Verðdæmi:

| | | |
|---|---|---|
| Lágt rúm* | ~~55.800~~ | 41.850 |
| Hátt rúm* | ~~66.900~~ | 50.175 |
| Fataskápur | ~~61.500~~ | 46.125 |
| Mjó kommóða | ~~29.700~~ | 22.275 |
| Skrifborð m/yfirhillu | ~~34.100~~ | 25.575 |

*Verð án dýnu





Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is
Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!


OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KL. 13.00-23.00
KOMDU AÐ LEIKA!
Við opnum á laugardaginn kl. 13
EFRI HÆÐ
POOL
LEIKJA GOLF
LASERTAG
SPORTBAR
LASERTAG
TAKTU ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU
KLESSUBÍLAR
100 SKEMMTILEG LEIKTÆKI
Skemmtigarðurinn Smáralind býður upp á frábæra skemmtun fyrir alla aldurshópa á tveimur hæðum á alls 2.000 fermetrum.
Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í 100 leiktækjum af ýmsum stærðum og gerðum.
JOGER
ferskur jógúrtís


7D BÍÓ
SLEGGJAN
7D BÍÓ
KEILA
KLESSUBÍLAR
TÍVOLÍLEIKIR
Fallturninn
TÍVOLÍ VINNINGAR
SLEGGJAN
Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND
www.skemmtigardur.is

# Upplýsingafátækt

ESB-aðild

G. Pétur Matthíasson
íslenskur Evrópubúi



Það er gott að nýafstaðinn landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telji það „eitt af forgangsverkefnum flokksins, flokkseininganna og þingflokksins að herða róðurinn við að upplýsa þjóðina um eðli og afleiðingar ESB-aðildar“ líkt og segir í landsfundarályktun um aðildarviðræðurnar. Ekki veitir af. En það er eitt vandamál þar á ferð. Formálinn að þessari fínu niðurstöðu ber vott um töluverða fákunnáttu um Evrópusambandið og samningsferlið sem nú stendur yfir.

Í ályktuninni segir að það eigi að hafna því að Ísland afsali sér forræði og yfirstjórn á náttúruauðlindum. Það hefur verið svo ofarlega í umræðunni að auðlindir hvers ríkis innan Evrópusambandsins eru á forræði þess sjálfs að það er óskiljanlegt að landsfundur eins stærsta stjórnmálaflokks landsins skuli halda annað. Annað gildir reyndar um sjávarútveginn en við skulum sjá hvað um semst í þeim efnum, en vatnsorkan verður til dæmis á okkar framfæri hvað sem öllu öðru líður.

Hvaða mikla skerðing lýðræðis er það sem felst í aðild að ESB umfram það sem nú er? Með aðild mun lýðræði Íslendinga ekki skerðast heldur frekar aukast. Við fáum að kjósa sex þingmenn á Evrópuþingið, við fáum einn framkvæmdastjóra og setu í ráðherraráðinu og leiðtogaráðinu. Ísland fær rödd og fær áhrif, reyndar langt umfram höfðatölu, til að hafa eitthvað að segja um það sem nú er samþykkt orðalaust í gegnum EES-samninginn. Sjálfstæði okkar mun aukast við aðild þótt fullveldi verði gefið eftir á mjög takmörkuðum sviðum.

Með Lissabon-sáttmálanum var ekki verið að stofna Evrópuher, líkt og ýjað er að í ályktun landsfundarins. En Vinstri-græn virðast ekki gera sér grein fyrir því að með sáttmálanum var bein þátttaka almennings bundin í lög. Þar sem flestar ákvarðanir ráðherra- og leiðtogaráðs eru teknar á grundvelli samkomulags allra þjóða hefur hver þjóð í reynd neitunarvald. Væri nú ekki skemmtilegt fyrir Vinstri-græna að hugsa til þess að flokkurinn gæti, ef þannig stæði á, og ef einhverjum dytti sú fásinna í hug að stofna Evrópuher, stöðvað þá uppbyggingu?

Það ætti ekki að þurfa að segja stjórnmálamönnum á Íslandi í dag að það er engin aðlögun í gangi, nema sú sem á sér stöðugt og gegndarlaust stað í gegnum EES-samninginn. Einungis er farið fram á það að Íslendingar segi til um hvernig þeir ætli að uppfylla aðildarsamninginn verði hann samþykktur af þjóðinni. En steininn tekur úr, kannski þann sama og sumir stinga hausnum í, þegar skrifað er í ályktuninni að félagsleg sjónarmið, umhverfisvernd, fæðu- og matvælaöryggi og réttindi launafólks eigi undir högg að sækja innan Evrópusambandsins.

> Hvaða mikla skerðing lýðræðis er það sem felst í aðild að ESB umfram það sem nú er? Með aðild mun lýðræði Íslendinga ekki skerðast heldur frekar aukast.

Vinstri-græn, sum hver, vilja takast á við heimskapítalismann. Gott og vel með það. En það vill þannig til að vald risafyrirtækjanna er orðið það mikið að ekki einu sinni ríki á borð við Þýskaland geta tæklað þau, ein og sér. En það er hægt innan Evrópusambandsins. Það má til dæmis sjá á því hvernig ESB hefur sett flugfélögum stólinn fyrir dyrnar og staðið vörð um réttindi farþega, hvernig ESB hefur tæklað símafyrirtækin og neytt þau til að lækka gjaldskrá sína varðandi reikisímtöl. Neytendur eiga því félagslegt skjól í Evrópusambandinu.

Og fæðu- og matvælaöryggið sem hverfur eins og dögg fyrir sólu stöðvist flutningar til landsins. Með aðild má hinsvegar reikna með að við stæðum mun betur en án aðildar og gætum tryggt nauðsynleg aðföng miklu lengur en ella.

Að mínu mati mætti herða róðurinn við að upplýsa Vinstri-græn um hvað Evrópusambandið snýst í raun og veru, áður en menn fara þar sjálfir að upplýsa kjósendur sína. Því ekki hef ég neina trú á því að Vinstri-græn hyggist upplýsa þann annars ágæta hóp um ranghugmyndir einar.




# Opið bréf til Eiríks Bergmann

Stjórnmál

Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður



Sæll Eiríkur. Grein þín í síðasta tölublaði Fréttatímans er afar ósmekkleg og í raun ógeðsleg þar sem þú bæði berum og óberum orðum tengir mig, framsóknarmanninn, við einhverjar verstu öfgar og öfgahópa sem hægt er að hugsa sér.

Þetta hafa pólitískir andstæðingar Framsóknar leikið síðustu mánuði en framsetningin á grein þinni er dropinn sem fyllir mælinn. Dettur fólki í hug að við sitjum undir því þegjandi að vera sett í beint samhengi við nýnasista, hryðjuverkamenn og einkennisklædda öfgaflokka!?

Hvað fær þig til að skrifa þannig að Framsóknarflokkurinn eigi eitthvað skylt við öfgaflokka? Ekkert í stefnu flokksins gefur slíkt í skyn. Ekkert í málflutningi mínum eða annarra fulltrúa flokksins gefur tilefni til að halda svona ógeði á lofti. Ég hefði haldið að maður í þinni stöðu ætti að hafa betri yfirsýn um stefnu og málflutning okkar en þú greinilega hefur. Telur þú þig geta staðið undir starfsheiti þínu sem sérfræðingur um stjórnmál þegar þú hefur augljóslega ekki fyrir því að kynna þér einfaldar staðreyndir um stefnu stjórnmálaflokkanna sem þú fjallar um?

**Er UMFÍ fasistafélagsskapur? En stjórnlagaráð?**

Þú virðist helst telja það merki um hættulegar þjóðernisöfgar framsóknarmanna að á síðasta flokksþingi stóðu þrír félagar í Ungmennafélagi Íslands fyrir stuttri glímusýningu sem skemmtiatriði, en fánahylling er hluti sýninga á þeirri ágætu íþrótt. Það ber nákvæmlega engan vott um þjóðernisöfgar eða andúð á útlendingum heldur er einfaldlega rótgróin ungmennafélagshefð. Eða ætlar þú kannski að halda því fram á sama hátt að fánahyllingin á unglingalandsmóti UMFÍ í sumar, þar sem þúsundir manna tóku þátt í fánahyllingu, hafi borið vott um öfgafulla þjóðernishyggju?

Kom þér ekki til hugar að framsóknarmenn geti verið stoltir af fánanum, þjóðinni og landinu á sama hátt og flestir aðrir án þess að í því felist fyrirlitning á öðrum þjóðum, andúð á innflytjendum eða fasískar hugsjónir? Eru það „fasísk gildi“, Eiríkur Bergmann, að hafa íslenska fánann uppi við líkt og gert er á Alþingi, í stjórnarbyggingum, skólum og kirkjum landsins, svo ekki sé talað um íþróttakappleiki og mannamót af ýmsu tilefni? Var Stjórnlagaráð, sem þú sast í, að daðra við „fasísk minni“ með merki sínu í íslensku fánalitunum og með því að syngja íslensk ættjarðarlög við upphaf funda sinna? Eða bera fánalitir og ættjarðarlög aðeins vott um hættulegar þjóðernisöfgar ef þú tekur ekki persónulega þátt, Eiríkur Bergmann?

**Innflytjendur eru jákvæð viðbót við samfélagið**

Ísland hefur átt því láni að fagna að fjölmargt fólk af erlendum uppruna hefur séð hag sínum vel borgið með því að flytja hingað til lands. Fjölmargir innflytjendur hafa skotið hér rótum og sest að með fjölskyldur sínar eða stofnað nýjar, aukið við þekkingu og vinnuafl íslendinga og auðgað samfélagið. Um það er ekkert nema gott að segja enda hef ég aldrei annað sagt.

Samt telur þú þig þess umkominn að gefa í skyn að við framsóknarmenn ölum á andúð á innflytjendum? Hverjir gerðu fyrsta þjónustusamning félagsmálaráðuneytisins við Alþjóðahúsið? Framsóknarmenn. Hverjir eru jákvæðastir gagnvart fjárfestingum kínversks auðmanns á N-Austurlandi? Framsóknarmenn. Hvar eru þjóðernisöfgarnar og útlendingahatrið í þessu, Eiríkur?

**Framsóknarmenn eru frjálslyndir**

Ég trúi því að allir menn séu jafnir. Ég trúi því að jafnrétti kynjanna sé ekki val heldur skylda og að fatlaðir eigi sama rétt og aðrir. Ég vil jafnrétti til náms. Ég tel að allar trúarskoðanir rúmist saman á Íslandi, jafnvel þó ég vilji halda tengslum ríkis og kirkju. Ég vil jafna lífsskilyrði fólks á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Ég vil nýta íslenskar auðlindir en er á móti því að náttúrunni sé misboðið. Ég vil semja við erlenda aðila um leit að olíu við Ísland. Ég vil virka samkeppni en um leið tryggja íslenska framleiðslu. Ég er hlynntur fulltrúalýðræði.

Ég vil að Ísland eigi góð samskipti við öll ríki sem virða mannréttindi og frelsi einstaklingsins. Ég vil taka vel á móti útlendingum sem flytja hingað til lands og vilja leggja íslensku samfélagi lið, þeir auðga samfélagið og styrkja það. Ég vil banna öfgahópa sem nærast á rasisma og ofstæki. Ég hef ákveðnar efasemdir um Schengen-samstarfið vegna glæpamanna sem nýta sér frelsið. Ég er stoltur af landinu mínu en tel það ekki yfir önnur lönd hafið. Ég er dyggur stuðningsmaður Ungmennafélags Íslands sem hyllir fósturjörðina og fánann við hátíðleg tækifæri en ekkert í skoðunum mínum eða stefnu Framsóknarflokksins ber vott um útlendingahatur, andúð á innflytjendum eða þjóðernisöfgar.

Og Eiríkur, ég á útlenska tengdadóttur sem er yndisleg og frábær og grein þín er móðgun við bæði mig og hana.

**Ert þú maður til að viðurkenna mistök þín Eiríkur?**

Ég er frjálslyndur. Þess vegna er ég framsóknarmaður. Framsóknarmenn eru ekki þjóðernisöfgamenn heldur þvert á móti höfnum við öfgum.

Greinin sem þú skrifaðir og framsetning hennar er ósönn og meiðandi. Ef þú ert maður til þá biður þú mig og aðra framsóknarmenn afsökunar.

# Félagsleg samheldni skilar meiru en einstaklingshyggja

Samfélagsmál

Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB



Á nýafstöðnum aðalfundi BSRB hélt danski hagfræðiprófessorinn Torben M. Andersen erindi um skattbyrði og hagkvæmni velferðarkerfa Norðurlandanna. Ein helsta niðurstaða rannsókna hans er að fólk á Norðurlöndum sættir sig við að greiða skatta á meðan það hefur trú á því að skattpeningum þeirra sé vel varið. Meirihluti Norðurlandabúa telur hag sínum best borgið með því að greiða nokkuð háa skatta til að geta haldið uppi öflugu velferðarkerfi.

Nýleg skoðanakönnun í Danmörku leiddi í ljós að meirihluti Dana vill ekki lækka skatta þótt skatthlutfallið þar sé með því hæsta í heiminum og efnameiri Danir sætta sig við að greiða hlutfallslega meiri skatt en hinir efnaminni. Þar í landi fá menn líka mikið fyrir skattana sína og þar er nokkuð óumdeilt að öflugt velferðarkerfi skilar samfélaginu meiru en það tekur.

Grunnforsenda þess að hægt sé að halda uppi velferðarkerfi er hátt atvinnustig. Lönd eins og Bandaríkin hreykja sér af lágri skattaprósentu sem ætti að virka hvetjandi til atvinnuþátttöku. En þrátt fyrir mikið félagslegt öryggisnet á Norðurlöndum er atvinnuþátttaka þar hvað hæst í heiminum og talsvert meiri en í Bandaríkjunum. Þar munar sérstaklega um mikla atvinnuþátttöku kvenna í samanburði við önnur lönd og hátt atvinnuhlutfall hjá þeim sem litla menntun hafa.

Hátt atvinnustig skilar meiri skatttekjum og þess vegna er brýnt að sem flestir hafi atvinnu. Um leið og vinnandi fólki fjölgar fækkar fólki á atvinnuleysisskrá sem skiptir miklu fyrir ríkissjóð því þá fer fólk að leggja til samneyslunnar í stað þess að taka út.

> Velferðarkerfi Norðurlandanna eru þannig fær um að veita öryggi og umönnun samhliða hagvexti og batnandi lífskjörum. Að verja fjármunum í velferð er þess vegna góð fjárfesting.

Í samanburði við OECD-ríkjunum koma Norðurlöndin líka mjög vel út hvað lífskjör varðar og eru þau alla jafna vel yfir lífskjarameðaltali OECD. Jafnræði meðal íbúa Norðurlanda er jafnframt mikið og munar þar mestu um jafna möguleika til menntunar. Menntun leiðir til betri launa og jafnari tækifæra sem um leið fela í sér meiri skatttekjur. Menntun er því grundvallarforsenda fyrir sjálfbærum hagvexti.

Útgjöld til heilbrigðismála er önnur grundvallarforsenda hagvaxtar því ef heilsa fólks er góð gerir það því kleift að vinna meira og skila betur til samfélagsins. Umönnun aldraðra og barna skiptir líka sköpum í þessu samhengi og veitir fleirum möguleika á að vinna og leggja þannig til samfélagsins.

Heilt yfir hagnast skattgreiðendur og samfélagið allt þess vegna á því að greiða skattana sína. Skattar hverfa nefnilega ekki bara ofan í einhvern pytt. Skattar fara í að greiða fyrir umönnun, heilbrigðisþjónustu og menntun sem á endanum skilar sér í hærri skattgreiðslum, framförum og hagvexti.

Þótt velferðarkerfi Norðurlandanna séu ekki gallalaus sýnir reynslan að um leið og þau veita íbúum landanna þétt öryggisnet hvetja þau til atvinnuþátttöku og búa þannig um hnútana að sem flestir geti unnið. Velferðarkerfi Norðurlandanna eru þannig fær um að veita öryggi og umönnun samhliða hagvexti og batnandi lífskjörum. Að verja fjármunum í velferð er þess vegna góð fjárfesting. Félagsleg samheldni skilar samfélaginu á endanum mun meiru en einstaklingshyggja.



## *Jólapakki 1*

Hamborgarhryggur Hagkaups
Hangikjöt
Parmaskinka
Jólapylsa
Taðreykt lambainnralæri
Jóla pate
Skógarberjasósa
Brie m/hvítlauksrönd
Camembert
Sultaður rauðlaukur

Verð 16.798 kr. með vsk.

## *Jólapakki 2*

Hamborgarhryggur Hagkaups
Jólapylsa
Parmaskinka
Jóla pate
Camembert
Hvítlauksbrie
Nautavöðvi
Skógarberjasósa
Chili sulta
Sultaður rauðlaukur

Verð 10.798 kr. með vsk.





## *Jólapakki 3*

Hamborgarhryggur Hagkaups
Hangikjöt
Camembert
Höfðingi
Bóndabrie
Ostarúlla með blönduðum pipar
Melba Toast
Chili sulta
Sultaður Rauðlaukur

Verð 13.798 kr. með vsk.

## *Jólapakki 4*

Nautavöðvi
Grafið lambafile
Taðreykt lambainnralæri
Höfðingi
Stóri dímon
Sveitapaté
Camembert
Melba toast
Sultaður rauðlaukur
Chili sulta

Verð 9.798 kr. með vsk.



*Kjötþyngd: Hamborgarhryggur að lágmarki 2,0 kg. Hangilæri að lágmarki 1,7-2,0 kg.*

**EINFALT AÐ PANTA:**
Sendir tölvupóst á jolagjafir@hagkaup.is eða hringir í
Stórkaup í síma 563-5330 virka daga milli 08:00 og 17:00

STÓRKAUP
BIRGÐAVERSLUN

# Eru erfðabreyttar lífverur hættulegar fólki?

**Erfðabreyttar lífverur**

**Áslaug Helgadóttir**
prófessor, Lbhí

**Eiríkur Steingrímsson**
prófessor, HÍ

**Jón Hallsteinn Hallsson**
dósent, Lbhí

**Kristín Ólafsdóttir**
lífefnafræðingur, HÍ

**Magnús Jóhannsson**
prófessor, HÍ

**Magnús Karl Magnússon**
prófessor, HÍ

**Sigurður Guðmundsson**
forseti heilbrigðisvísindasviðs, HÍ

Opið bréf til stjórnar Náttúrulækningafélags Íslands.

Náttúrulækningafélag Íslands (NLFÍ) hélt í október síðastliðnum 33. landsþing sitt og sendi í kjölfarið frá sér ályktanir sem meðal annars var komið á framfæri við almenning með heilsíðu auglýsingu í Fréttablaðinu hinn 15. október sl. Á liðnum áratugum hefur NLFÍ sett mörg þjóðþrifamál á oddinn og meðal annars barist fyrir bættri heilsu almennings með áherslu á rétt mataræði og fræðslu um skaðsemi áfengis og tóbaks.

Nú bregður hins vegar svo við að síðasta landsþing félagsins virðist álíta að erfðabreyttar lífverur séu það sem helst ógni heilsu manna. Slík er fyrirferðin sem þær fá í auglýsingunni, og fer meira pláss undir yfirlýsingar um erfðabreyttar lífverur og meinta skaðsemi þeirra en samanlagt um bæði áfengi og tóbak.

Í umfjöllun um erfðabreyttar lífverur taka ábyrgðarmenn NLFÍ djúpt í árinni og segja „Náttúrulækningafélag Íslands fordæmir það ábyrgðarleysi íslenskra stjórnvalda að heimila útiræktun á erfðabreyttum lífverum á Íslandi“.

Ítarlega hefur verið rannsakað hvort erfðabreyttar lífverur og matvæli skaði heilsu fólks og þar benda gögn ekki til neinnar sérstakrar hættu. Rétt er að benda NLFÍ á ályktanir í nýlegri skýrslu á vegum Evrópusambandsins þar sem sjónum var beint að niðurstöðum rannsókna á öryggi erfðabreyttra plantna fyrir umhverfi, menn og skepnur (http://ec.europa.eu/research/biosociety/pdf/a_decade_of_eu-funded_gmo_research.pdf). Frá árinu 1982 hefur sambandið lagt í þessar rannsóknir rúmar 300 milljónir evra, eða um 48 milljarða króna, og niðurstaðan er skýr: „Líftæknin sem slík, og þá einkum erfðabreyttar plöntur, hefur ekki meiri hættu í för með sér en t.d. hefðbundnar kynbótaaðferðir.“

Við skorum á forsvarsmenn NLFÍ að gæta ábyrgðar í yfirlýsingum sínum. Gera verður þá kröfu til samtaka eins og NLFÍ að þau hræði ekki almenning með staðlausum fullyrðingum. Auðvelt er að mistúlka og afvegaleiða niðurstöður vísindarannsókna og margir sem sjá sér hag í að gera það varðandi erfðabreyttar lífverur. NLFÍ á ekki að taka þátt í þeim leik.




# Fornleifavernd á Íslandi, kvöð eða kostur?

**Fornleifar**

**Kristín Huld Sigurðardóttir**
forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins



Er vernd og varðveisla fornleifa kvöð á samfélaginu eða felast ónýtt tækifæri í að huga betur að verðmætum sem felast í minjum?

Flestar þjóðir í kringum okkur hafa áttað sig á hvílík verðmæti fornleifar þeirra eru og benda rannsóknir til að fornleifar og forn hús, sem er vel haldið við, auki verðgildi annarra eigna í nærumhverfinu.

Menningartengd ferðaþjónusta sem beinist fyrst og fremst að minjum fór á flug víða erlendis á tíunda áratug síðustu aldar í kjölfar aukinnar hnattvæðingar og bættrar upplýsingamiðlunar. Könnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna fyrir Ferðamálastofu árið 2010 bendir til að rúmlega 30% aðspurðra komu til landsins vegna áhuga á íslenskri sögu og menningu. Það er í samræmi við erlendar kannanir sem benda til þess að yfir 20% ferðamanna séu að ferðast til að skoða minjastaði.

Á undanförnum áratugum hafa yfirvöld víða um heim lagst í útreikninga og reynt að meta hagrænt gildi fornleifa út frá beinum tekjum af minjunum, og út frá skatttekjum og hagnaði vegna afleiddra starfa. Þannig mátu Bretar nýlega tekjur nærsamfélagsins af varnarvegg Hadríanusar keisara frá 2. öld e.Kr. (Hadrian's Wall) upp á 880 milljónir punda á ársgrundvelli, eða rúma 160 milljarða ísl. kr. Af þessu má ráða að fornminjar eru ekki aðeins áhugaverðar fyrir fróðleiksþyrsta einstaklinga heldur geta þær haft hagræna þýðingu fyrir samfélagið allt.

Fornleifavernd ríkisins varð til árið 2001 þegar Alþingi ákvað að sameina fornleifanefnd og stjórnsýsluhlutverk Þjóðminjasafns Íslands í sérstaka stofnun með samþykkt laga nr. 107/2001. Haustið 2008 var Fornleifavernd ríkisins með starfsstöðvar á sjö stöðum á landinu en aðeins 11 starfsmenn. Stofnuninni, sem fer með umsýslu allra fornleifa hérlendis, var ætlað mjög naumt fjármagn til rekstrar allt frá upphafi, þannig að hún hefur ekki enn getað sinnt öllum sínum lögbundnu hlutverkum. Á undanförnum árum hefur stofnunin þurft að draga seglin enn frekar saman. Þannig varð að segja upp starfsmanni frá síðustu áramótum og sérfræðingar er gegna sem samsvarar tveimur stöðugildum hafa verið í leyfi allt árið 2011, svo unnt væri að losa um rekstrarfjármagn. Hér er um að ræða rúmlega 27% starfsfólksins og er það nokkuð stór biti hjá fámennri stofnun. Allir starfa þessir aðilar á landsbyggðinni þannig að segja má að minjavarsla hafi verið lögð niður á stórum hluta landsins, Austurlandi og Vestfjörðum.




> Ljóst er að ferðaþjónustan er að missa af tækifærum og íslenska ríkið er að missa af verðmætum og skatttekjum með því að láta fornleifar landsins sitja á hakanum. Fornleifavernd er kostur en ekki kvöð.

Í þessu sambandi er áhugavert að skoða fjárlög undanfarinna tíu ára sem gefa ákveðna sýn á það fjármagn sem ríkið hefur varið til náttúru- og minjaverndar á því tímabili. Um leið kemur fram nokkuð raunsönn mynd af því hvernig fjármagni ríkisins er skipt milli stofnana sem fást við þessa málaflokka.

Sjá má af myndinni hér að ofan, þar sem neðri línan sýnir fjármagn sem fer til stofnana sem sjá um fornleifavernd og friðuð hús en sú efri til stjórnsýslu náttúru, ótrúlegan mun á fjárveitingum ríkisins til þessa tveggja málaflokka. Staðreyndin er sú að minjaverndarstofnanir fá að jafnaði um 6-7% af fjármagni sem veitt er til allra stofnana sem hafa stjórnsýsluhlutverk vegna umhverfisins. Fjármagn, sem Alþingi ákveður, til skilgreindra verkefna innan málaflokkanna, er hér undanskilið, en munurinn á því fjármagni er jafn sláandi.

Árið 2012 eru Fornleifavernd ríkisins ætlaðar 85,2 millj.kr. úr ríkissjóði til að reka stofnun með starfsstöðvar á sjö stöðum á landinu og til allra þeirra verkefna sem stofnuninni er ætlað að sinna samkvæmt lögum. Meðal þeirra er viðhald fornminja, vöktun minja og minjasvæða, bætt aðgengi á minjastöðum, björgunarrannsóknir og fjöldi annarra verkefna sem fræðast má betur um í þjóðminjalögum nr. 107/2001.

Afleiðingar þess að ekki fæst fjármagn til verkefnanna sem nefnd eru hér á undan eða til fornleifaskráningar eru m.a. að ekki hefur enn reynst unnt að marka raunhæfa stefnu í fornleifavernd á Íslandi, sem er nauðsynlegt í tengslum við skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þá eru minjar að skemmast víða um land.

Fornleifar eru verðmæti. Ekki bara sem hlutlægur arfur sögunnar sem okkur ber að varðveita fyrir komandi kynslóðir með hliðsjón af lögum og alþjóðlegum samþykktum sem Ísland hefur undirritað, heldur eru þær einnig hagræn verðmæti sem ber að sinna af myndugleik og fagmennsku. Ekki síst er mikilvægt að horfa til þýðingar fornminja og menningarlandslags fyrir ferðaþjónustuna um allt land. Ljóst er að ferðaþjónustan er að missa af tækifærum og íslenska ríkið er að missa af verðmætum og skatttekjum með því að láta fornleifar landsins sitja á hakanum. Fornleifavernd er kostur en ekki kvöð. Hún skapar verðmæti fyrir íslenskt samfélag ef vel er á haldið.

LÚR
BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla
Margir litir í boði – Frábær verð í gangi



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is




NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Þjóðlönd Íslands

Náttúruvernd

Snorri Baldursson

líffræðingur og áhugamaður um náttúruvernd



Umhverfisráðuneytið hefur hafið vinnu sem miðar að því að sameina stjórnun og umsýslu friðlanda, þjóðgarða og þjóðskóga, alls um 20.000 km2, í nýrri stofnun sem hefur vinnuheitið „Þjóðgarðastofnun Íslands“. Núverandi fyrirkomulag er þannig að þrjár stofnanir fara með stjórn þriggja þjóðgarða: Þingvallanefnd/Alþingi hefur umsjón með Þingvallaþjóðgarði, Umhverfisstofnun með Þjóðgarðinum Snæfellsnesi og öðrum svæðum sem friðlýst eru samkvæmt náttúruverndarlögum, og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hefur umsjón með Vatnajökulsþjóðgarði. Skógrækt ríkisins hefur umsjón með þjóðskógum og Landgræðsla ríkisins með landgræðslusvæðum.

Hugmyndin um Þjóðgarðastofnun Íslands er ekki ný enda ljóst að lítil þjóð hefur ekki efni á að dreifa kröftum og takmörkuðum fjármunum. Undirritaður styður þessi áform og ef vel og myndarlega er að verki staðið getur þetta orðið mikið heillaspor fyrir náttúruvernd, ferðamennsku og ímynd landsins. Það sýnist þó ljóst að ganga þurfi enn lengra og sameina í eina stofnun umsýslu alls lands í eigu ríkisins, þar með þjóðlendur og ríkisjarðir, a.m.k. þær sem ekki eru í ábúð. Stofnunin gæti þá heitið „Þjóðlandastofnun Íslands“.

Þjóðlendur eru landsvæði utan eignarlanda, einkum á hálendinu, sem íslenska ríkið á samkvæmt lögum og forsætisráðherra fer með í umboði þjóðarinnar. Mikil vinna hefur farið í að afmarka og skera úr um þjóðlendur og er enn langt í land að þeirri vinnu sé lokið. Stöðu mála má sjá á vef Óbyggðanefndar, www.obyggd.stjr.is. Þar sést að þjóðlendur, sem þegar hafa verið staðfestar með dómi, spanna drjúgan hluta af miðhálendi Íslands og eru líklega ekki undir 30.000 km2 að stærð.

Eins og komið hefur fram þá fara fjórar stofnanir með umsýslu þjóðgarða, friðlanda og þjóðskóga. Þær hafa samtals yfir að ráða um 30 heilsársstarfsmönnum sem dreifast á annan tug starfstöðva um allt land. Á sumrin bætast við hundrað landverðir eða svo. Tveir til þrír embættismenn í umhverfisráðuneytinu sinna ennfremur þessum málaflokki. Einn embættismaður í forsætisráðuneytinu fer með umsjón þjóðlendna og annar embættismaður í landbúnaðarráðuneytinu hefur umsjón með ríkisjörðum. Heildarfjárveitingar ríkisins til landvörslu, uppbyggingar og annarra framkvæmda á þessum 50.000 ferkílómetrum lands, hálfu Íslandi, eru líklega um 800 milljónir á ári.

Þjóðlöndin, sem samheiti yfir allt þetta ríkisland, eru ómetanleg auðlind til framtíðar. Stjórnmálamenn og embættismenn hafa oftast hrapalega vanmetið þessa auðlind. Þeir hafa öðru fremur einblínt á sjávarfang og orku, sem vissulega eru líka miklar auðlindir. Þetta má sjá þegar borið er saman umfang Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu, Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins við ofangreindar stofnanir á sviði landvörslu og náttúruverndar.

> Þjóðlendur eru landsvæði utan eignarlanda, einkum á hálendinu, sem íslenska ríkið á samkvæmt lögum og forsætisráðherra fer með í umboði þjóðarinnar.

Heildstæð framsýn og vönduð skipulagning og uppbygging þjóðlandanna, ásamt virkri landvörslu, getur skilað arði sem er á við margar virkjanir og togara. Arðurinn verður í takt við þá umhyggju sem er sýnd. Umhyggju ríkisins má sýna með öflugri Þjóðlandastofnun sem skipuð er hæfu fagfólki og hefur fjárráð til uppbygginga og framkvæmda. Það kostar milljarða að gera þjóðlöndin þannig úr garði að þau geti tekið við vaxandi straumi ferðafólks og aflað verulegra tekna á formi ímyndarskópunar, markaðsávinnings og/eða aðgangseyris. Það þarf að lagfæra og merkja vegi, endurheimta vistkerfi, koma fyrir upplýsinga- og fræðsluskiltum, búa til kort og upplýsingavefi, leggja göngustíga, byggja tröppur og brýr, setja niður salerni, reisa upplýsingamiðstöðvar og svo mætti lengi telja.

Að lokum, Þjóðlandastofnun Íslands, já takk, með öllu landi í ríkiseign undir, ekki færri en 50 starfsmenn og einn milljarð á ári í framkvæmdafé; nánast allt það fé færi í uppbyggingu og starfsmannahald á landsbyggðinni. Fjárfesting af þessu tagi skilar fljótt sterkari þjóðlöndum og heilbrigðari ímynd Íslands; eftir nokkurra ára uppbyggingu er því kominn grunnur til að verja 900 milljónum eða svo í markaðsátak fyrir erlenda ferðamenn.

# Erum við að brjóta lög á börnum?

Heilbrigðismál

Valdís Jónsdóttir

doktor í raddmeinum



Alltof oft hættir okkur til að vanmeta eða ofmeta styrk barna og þol. Í allri umræðu um hagræðingu í skólakerfinu, samruna skóla, aukningu nemendafjölda í bekk, virðist eins og menn hafi ekki áttað sig á því að einn áhættuþáttur eflist við slíkar aðgerðir en það er aukin skaðsemi hávaða. Með því að ætla börnum að geta einbeitt sér að námi og heyra til kennara í hávaða, ofmetum við hlustunargetu þeirra og þol.

Þetta er í raun merkilegt í ljósi þess hve vakandi við virðumst vera þegar kemur að þessum þáttum hjá fullorðnum. Þá er talin full nauðsyn á að koma á þéttu neti vinnuverndarlaga og reglugerða til þess að verja þá gegn skaðlegum áhrifum hávaða. Vinnuverndarlög og reglugerðir eiga t.d. að tryggja að þegar vinna krefst einbeitingar og athygli í vinnuumhverfi fullorðinna skuli hávaða haldið í algjöru lágmarki.

Það er því hálf kyndugt að vinnuverndarlöggjöf skuli ekki ná til barna í þeirra vinnuumhverfi þ.e.a.s. í skóla/leikskóla. Það er eins og gert sé ráð fyrir því að börn geti haldið athygli og einbeitingu við aðstæður sem fullorðnir treysta sér ekki til. Þannig eiga börn að geta einbeitt sér í kennslu þó hávaði fari yfir þau mörk sem talin eru geta skaðað heyrn eins og tölur úr mælingum frá Vinnueftirliti hafa sýnt að gerist, sérstaklega í leikskólum og íþróttatímum grunnskóla. Eða er ekki ætlast til þess að börn taki eftir, haldi einbeitingu í skóla og meðtaki það sem þar er sagt, m.ö.o. nemi?

Sé svo, þá kemur áleitin spurning. Hvað er nám? Er það leikur eða er það vinna? Þar ríkir hráskinnaleikur því að í öðru orðinu má ekki má tala um að börn vinni en í hinu orðinu er talað um vinnu þegar kemur að námi hvort sem er í skóla eða heima.

Óneitanlega eru athyglisverð þau hávaðamörk sem sett eru til að tryggja að fullorðnir geti einbeitt sér og átt samræður á vinnustað. Þar segir: Á skrifstofum og öðrum stöðum (skólum? Innskot höf.) þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að hávaði fari ekki yfir 50 dB(A) að jafnaði á vinnutíma. (Reglugerð um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum, nr. 921/2006, 9.11. 2006).

Ef litið er til mælinga Vinnueftirlits ríkisins á hávaða í leik/grunnskólum sést að meðalhávaði í skólum/leikskólum liggur frá 75-85 dB. Þessar tölur eru vel í samræmi við það sem mælst hefur erlendis í skólahúsnæði. Það segir sig sjálft að ef fullorðnir treysta sér ekki til að einbeita sér í slíkum hávaða þá geta börn það enn síður vegna þess að til þess hafa þau ekki öðlast þann þroska sem fullorðnir hafa til að bera. Hávaði í leikskólum hefur mælst enn hærri en í grunnskólum og yfir löglegum mörkum.

Það er umhugsunarvert sé litið til tveggja þátta. Annars vegar eru börnin á máltökuskeiði á leikskólum þar sem þau dvelja flest allt upp í 8 klukkustundir. Hins vegar er eyrnabólga mjög algeng í ungum börnum. Hvernig ætli fullorðnum þætti að dveljast í hávaða með eyrnabólgu? Ung börn kvarta ekki en þau sýna með hegðun ef þeim líður illa, t.d. með óróleika og vanstillingu. Ætli megi ekki stundum rekja athyglis- og einbeitingarskort og ofvirkni til þeirrar ástæðu?

> Hávaði er skaðvaldur og rannsóknir hafa sýnt hvernig hann eykur streitu og hjartslátt auk þess að skemma heyrn og rödd.

Hávaði er skaðvaldur og rannsóknir hafa sýnt hvernig hann eykur streitu og hjartslátt auk þess að skemma heyrn og rödd. Að fjölga börnum í rými eins og nú er gert í grunnskólum býður þeirri hættu heim að hávaði eykst. Hjá slíku er erfitt að komast þar sem hann fylgir ávallt lifandi verum, ekki síst börnum. Börn eru að nema mál og ef hávaðinn er slíkur að hann kæfir talhljóð, sem hann gerir miðað við tölur frá Vinnueftirliti ríkisins, þá er hætt við að einhver börn nái ekki að hlusta sér til skilnings. Afleiðingin getur orðið sú að þau börn missa löngun og getu til að hlusta sér til gagns. Þar með er tungumálsuppbygging í uppnámi vegna þess að barnið nær ekki að heyra rétt það sem kennari eða aðrir segja og myndar því ekki eðlilegan orðaforða. Börnum með athyglis- og einbeitingarskort (ADHD) er sérstaklega hætt í hávaðasömu umhverfi.

Ef það reynist rétt að hávaði sé orðinn svo mikill í almennri kennslu að nemendur fái heyrnarhlífar til að verjast hávaða og geta einbeitt sér þá er skörin farin að færast upp í bekkinn. Reyndar hefur hávaði mælst svo mikill í leikskólum og íþróttakennslu að samkvæmt lögum ættu allir að vera með heyrnarhlífar.

# Ég er kúgaður millistéttarauli!

Fjármál

Karl Sigfússon

verkfræðingur



Það er því miður bláköld staðreynd að ég er kúgaður millistéttarauli. Undanfarin þrjú ár hef ég verið kúgaður af lánastofnunum og stjórnvöldum. Í efnahagsþrengingum landsins hef ég eins og aðrir mátt þola kaupmáttarrýrnun upp á tugi prósenta og skattahækkanir. Því til viðbótar (og það vegur þyngst) hef ég verið rændur af Íbúðalánasjóði gegnum verðtryggingarákvæði lána. Til að bæta gráu ofan á svart hef ég, kúgaði millistéttaraulinn, verið skilinn út undan á meðan útvöldum þjóðfélagshópum hefur verið rétt hjálparhönd með ýmsum hætti.

Það er staðreynd að skuldaúrræði þau sem boðið hefur verið upp á til lausnar á skuldavanda heimilanna fela í sér umfangsmikla og ósanngjarna mismunun. Úrræðin verðlauna fjármálaskussa á kostnað hinna hagsýnu og ábyrgu. Þeir sem skuldsettu hús sín í topp fá lán sín afskrifuð á meðan þeir sem settu sparifé sitt í fasteignakaup og stilltu skuldsetningu í hóf neyðast til að horfa upp á sparifé sitt brenna upp til agna.

Þegar við hjónin keyptum okkur hús vorið 2006 tókum við lán fyrir um 65% af virði hússins, sem á þeim tíma þótti hófleg skuldsetning. Við tókum þá ákvörðun að skuldsetja okkur eins lítið og mögulegt var og setja í staðinn allt okkar sparifé í fasteignina eins og tíðkast hefur hér á landi um áratuga skeið. Einnig vorum við íhaldssöm hvað varðar erlenda skuldsetningu og tókum ¾ hluta lánsins í íslensku verðtryggðu láni frá Íbúðalánasjóði.

Eftir á að hyggja er þetta versta fjárhagslega ákvörðun sem ég hef tekið um ævina. Síðastliðin þrjú

> Það er staðreynd að skuldaúrræði þau sem boðið hefur verið upp á til lausnar á skuldavanda heimilanna fela í sér umfangsmikla og ósanngjarna mismunun.

ár hef ég horft á allt sparifé fjölskyldunnar brenna upp til agna – allt saman! Fasteignin hefur lækkað í verði um 15% og lánin hækkað um 40% sem í stuttu máli merkir að við skuldum í dag um 107% af virði fasteignarinnar samkvæmt mati viðskiptabanka okkar. Fasteign sem við keyptum fyrir fjórum árum með 65% skuldsetningu.

Árið 2006 stóðu okkur til boða aðrir valkostir en sá sem við völdum. Við hefðum til að mynda getað farið „eyðslu- og glamúrleiðina“, það er, skuldsett okkur í botn með erlendu láni, að sjálfsögðu – fyllt húsið af tímalausum hágæðahúsgögnum, tækjum og tólum og jafnvel farið til útlanda einu sinni á ári fyrir afganginn. Hefðum við farið á slíkt „eyðslufyllerí“ væri staða okkar síst verri en hún er í dag og í raun betri. Skuldastaða okkar væri 110%, þökk sé Árna Páli og hinni umtöluðu 110% afskriftarreglu. Því til viðbótar hefðum við ekki þurft að greiða nema hluta afborgana af okkar erlenda láni í tvö til þrjú síðastliðin ár sökum óvissu um lögmæti þeirra. Við værum trygg með lága óverðtryggða vexti af húsnæðislánum næstu 5 árin og sennilega sætum við hólpin í rándýrum hönnunarhúsgögnum úr Epal. Ekki slæmt það!

Þegar horft er til þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið upp á til að vinna á skuldavanda heimilanna er ljóst að mér er refsað fyrir að sýna hagsýni og varkárni í fjármálum á meðan hinum óábyrgu er bjargað á minn kostnað. Mér finnst að ég sé hafður að fífli fyrir það eitt að hafa lagt allt kapp á að standa við allar fjárhagslegar skuldbindingar mínar, þrátt fyrir breyttar efnahagslegar forsendur. Hvaða skilaboð er verið að senda mér og afkomendum mínum varðandi réttlæti, ábyrgð og heiðarleika sem undirstöðugildi í lýðræðissamfélagi?

Mér líður eins og aula! Hvað með ykkur hin – eruð þið sátt?

www.optima.is

RICOH



Aficio MP C300 með skáp.
A4 litaljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvítt. Matari og duplex.
Takmarkað magn

Sértilboð
kr. 499.900.-

STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar

Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir



Homedics nuddsæti
Aðeins 19.875
Verð áður 23.875
Tilboðsverð 19.875
Þú sparar 4.000
27%
EXQUISIT
KÆLI- OG FRYSTISKÁPUR 143CM
Verð áður 74.900
Tilboðsverð 54.900
Þú sparar 20.000
50%
EXQUISIT
KÆLISKÁPUR Í BORÐHÆÐ
Verð áður 49.900
Tilboðsverð 24.900
Þú sparar 25.000
TRISTAR
SALT & PIPARKVÖRN
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 4.990
20%
HOMEDICS NUDDTÆKI
Verð áður 9.950
Tilboðsverð 7.960
Þú sparar 1.990
25%
SCHOU
HRAÐSUÐUKANNA
Verð áður 7.999
Tilboðsverð 5.999
Þú sparar 2.000
23%
SEVERIN
BRAUÐRIST
Verð áður 6.499
Tilboðsverð 4.999
21%
BRAUN KAFFIVÉL
Verð áður 11.999
Tilboðsverð 9.499
Þú sparar 2.500
Öll heimilistæki
á allt að 50% afslætti
... aðeins í nokkra daga
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
1800W
33%
DOMO MÍNÚTUGRILL
Verð áður 14.990
Tilboðsverð 9.990
Þú sparar 5.000
33%
GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
NUVI 1440
Verð áður 44.900
Tilboðsverð 29.900
Þú sparar 15.000
ELECTROLUX ERGORAPIDO SKAFTRYKSUGA
20%
Verð áður 24.990
Tilboðsverð 19.990
Þú sparar 5.000
30%
TRISTAR RYKSUGA
2400W
Verð áður 19.999
Tilboðsverð 13.999
Þú sparar 6.000
40%
TRISTAR VÖFFLUJÁRN
BELGÍSKT
Verð áður 9.990
Tilboðsverð 5.990
Þú sparar 4.000
KitchenAid blandari hvítur
Verð áður 39.990
Tilboðsverð 34.990
Þú sparar 5.000
KitchenAid + auka glerskál og matreiðslubók
Allt að 24%
fylgir með
Hvít Lituð
Verð áður 99.870 102.870
Tilboð 75.990 78.840
Þú sparar 23.880 24.030
ÓDÝRI HEIMILIS-TÆKJA MARKAÐURINN
ALLT Á 2.990
40%
40%
40%
25%
40%
50%
Nýkomnar seríur • Nýja línan
Kauptu tvær og fáðu þá ódýrari á 50%
50%
MEBUS ELDHÚSVOG
Verð áður 5.990
Tilboðsverð 2.990
Þú sparar 3.000
25%
SCHOU BLANDARI
Verð áður 9.999
Tilboðsverð 7.499
Þú sparar 2.500
26%
BOSCH TÖFRASPROTI
600W MEÐ AUKAHLUTUM
Verð áður 13.497
Tilboðsverð 9.999
Þú sparar 3.498
20%
SEVERIN POPPVÉL
LOFTVÉL - ENGIN OLÍA
Verð áður 5.999
Tilboðsverð 4.799

# Að falla í kynjagryfjur – eða ekki

Jafnréttismál

Gunnar Hersveinn
heimspekingur



Fjarvera íslenskra karlmanna á vettvangi jafnréttismála er alvarlegur vandi. Þeir eru velkomnir en mæta ekki og tjá sig sjaldan. Það er líkt og þeim finnist betra að þegja en verða aðhlátursefni. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir lista- og fréttamaður og Fréttablaðið gerðu tilraun til að breyta þessu með Öðlingsátakinu 2011 sem beindist gegn kynjamisrétti og birtist í 31 pistli í Fréttablaðinu eða visi.is. Ásta Jóhannsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir hafa nú birt greinina Öðlingurinn 2011: Bergmál kynjakerfis eða persónulegur ávinningur jafnréttis? sem flutt var sem erindi í Þjóðarspegli 28. október 2011.

Pistlahöfundar voru valdir af Þórdísi Elvu og voru allir af kyni karla en markmiðið var að lokka karlpeninginn út á ritvöllinn með 300 orða hugleiðingum. Fréttablaðið og visir.is hafa staðfest feikilegan góðan lestur, t.d. voru þeir lesnir 220 þúsundum sinnum á vefnum. Þeir vöktu víða umræðu og ritstjórar Fréttablaðsins notuðu þá í leiðaraskrifum.

Tvær spurningar eru lagðar fram í grein Ástu Jóhannsdóttur og fleiri um Öðlingsátakið: Er átakið líklegt til að stuðla að jafnrétti kynjanna? Hrekur herferðin eða festir hún í sessi og viðheldur staðalmyndum, þrástefjum og mýtum um kynin?

Sennilega eru þetta of stórar og viðamiklar rannsóknarspurningar fyrir eitt lítið átak á þorra 2011 með þrjátíu körlum á öllum aldri. Ég get t.d. sett fram þá tilgátu að ef allar þær umræður sem pistlarnir vöktu á vinnustöðum og í heimahúsum hefðu verið skráðar og greindar hefði ef til vill mátt finna svar við fyrri spurningunni. Svarið við seinni spurningunni er sennilega að sumir pistlahöfundar falli í kynjagryfjur eins og títt er en öðrum hafi tekist að feta veginn án þess að falla og jafnvel að benda á eitthvað áhugavert.

### Voru öðlingarnir nógu góðir?

Spyrja má: voru öðlingarnir 2011 nógu góðir? Höfundar greinarinnar í Þjóðarspegli telja þá ekki nógu góða og vonast eftir betri öðlingum á næsta ári sem láti sig málin varða á annan hátt, séu tilbúnir að skrifa inn í fræðiramma og vilji „styðja jafnréttisbaráttuna; afsala sér forréttindum kynjakerfisins og njóta persónulegs ávinnings raunverulegs jafnréttis“ (bls. 22). Næstu öðlingar eiga, samkvæmt greinarhöfundum, jafnframt að gera sér grein fyrir eigin takmörkunum og styrkleikum og hverju þeir telja sig mögulega tapa við það að raunverulegu jafnrétti kynjanna sé ekki náð. Ásamt því að byggja á betri innsýn og fræðilegri þekkingu við skrifin.

Þá virðist sem Ásta Jóhannsdóttir og fleiri vilji að næstu Öðlingskarlar nefni hvort þeir séu femínistar eða ekki. Einnig virðast þær reiðubúnar að skammta þeim efnisflokka til að skrifa út frá. Draumapistlahöfundar þeirra eru með öðrum orðum menntaðir femínistar sem skrifa helst um jafnrétti á heimili og ábyrgð á börnum (22).

### Hvar eru karlarnir?

Ég hef tekið þátt í jafnréttisumræðunni með greinarskrifum og erindum og með því að mennta mig á þessu sviði. Karlar hafa verið fáséðir á þessum vettvangi, oft teljandi á fingrum annarrar handar. Enda spurði Vigdís Finnbogadóttir á 30 ára afmæli norræns samstarfs í jafnréttismálum þegar hún leit yfir ráðstefnusalinn: Hvar eru karlarnir? Ástæðan var sú að karlar mæta skelfilega illa á fundi, ráðstefnur og málþing um jafnréttismál.

Brýnt verkefni er því að fjölga körlum í umræðunni og það tókst Þórdísi Elvu með þessu átaki. Henni tókst einnig að fá stærsta dagblað landsins, Fréttablaðið, til að taka þátt í því af fullri alvöru. Þetta er afrek að mínu mati og margir pistlar voru góðir.

En þurfa karlar að vera öðlingar til að taka þátt í umræðunni? Bæði konur og karlar geta verið öðlingar og nafnið var valið út frá orðum þekktrar kvenréttindakonu um að hver og einn ætti að finna öðlinginn í sjálfum sér. Ég tel því óþarfi að hæðast að því að karlarnir skrifi undir þessu nafni. Heitið hefði einnig getað verið Karlpungurinn.

Jafnréttismálin eru harður bransi en það eru ekki einungis konur sem fá gagnrýni og eru stimplaðar fyrir að taka þátt í jafnréttisumræðunni heldur einnig karlar. Sumir þeirra sem skrifuðu pistlana voru uppnefndir af öðrum körlum og grín gert að þeim. Óþarfi er að vorkenna þeim, en það er ekki rétt túlkun að halda því fram að þeir hljóti heiður með að taka þátt en konur bara skammir. Feðraveldið veitir hvorki konum né körlum prik fyrir þátttöku í jafnréttismálum, engan plús.

### Niðurstaða

Rannsóknarspurningar Ástu Jóhannsdóttir og fleiri henta ekki þessari vitundarvakningu. Auðvitað má sundurgreina þessa pistla, flokka efni þeirra og vega þá og meta. Einnig er leyfilegt að hæðast að getu karla til að taka þátt í umræðunni og vissulega er það freistandi. En það er ekki vænlegt til vinnings og fjölgar ekki körlum á vettvangi jafnréttismála.

Það fer greinilega eins fyrir mér og fyrir þeim. Ég hefði ef til vill viljað að þær hefðu skrifað aðra grein með öðrum rannsóknarspurningum. Ástæðan er sú að spurningarnar falla ekki vel að forsendu þessarar vitundarvakningar og markmiði: að stuðla að opinni umræðu um jafnrétti kynjanna, að ýta úr vör. Til að svara rannsóknarspurningum Ástu Jóhannsdóttur og fleiri þarf að mínu mati víðtækari rannsókn og greiningu heldur en að þema- og orðræðugreina pistlana sjálfa.

Lengri útgáfa af þessari grein er birt á www.visir.is

### Tengill

*http://skemman.is/stream/get/1946/10251/25562/1/Stjornmalafraedideild.pdf*

ESTĒE LAUDER

20% afsláttur í dag
Opið til miðnættis

Kaupaukinn þinn

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 krónur eða meira, dagana 10. - 16. nóvember í Debenhams.

Kaupaukinn inniheldur:

Advanced Night Repair – viðgerðadropa, 7ml
TimeZone Creme – dagkrem sem fyrirbyggir línur og hrukkur, 5ml
Sumtuous Mascara – svartan maskara
Double Wear Light – farða, 7ml
Pure Color Lipstick – fulla stærð, litur wild ginger

*Verðgildi kaupaukans ca. 14.430 .-
*meðan birgðir endast



Nýtt Hugsaðu þér að hafa ekkert að fela
Idealist Even Skintone Illuminator og Cooling Eye Illuminator
Fyrsta skjótvirka kremið frá Estée Lauder sem dregur stórkostlega úr roða, sólblettum og dökkum blettum. Roði minnkar á augabragði og húðin verður ljómandi.
Cooling Eye Illuminator vinnur á augnsvæðinu og dregur samstundis úr þrota og dökkum baugum.

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

# Sögubrot af þjóðum

Samfélagsmál
Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Sögulegur samanburður orkar alltaf tvímælis. Sagan endurtekur sig ekki, en hún getur búið til hliðstæður, þegar dæmafáar aðstæður þjóða spretta af svipuðum toga. Um þetta eru fjölmörg dæmi. Við Íslendingar erum ekkert einstætt sögulegt fyrirbæri. Fleiri þjóðir hafa þurft að glíma við óvænt og þungbær áföll. Sennilega hefur engin þjóð í Evrópu orðið fyrir eins miklu allsherjar sálarlegu áfalli og upplausn sem þýska þjóðin eftir fyrri heimsstyrjöldina. Það er ekki ófróðlegt að fara yfir viðbrögð þeirra og síðan okkar eftir hrunið.

## Þýskaland milli stríða

Þýskaland tapaði fyrri heimsstyrjöldinni. Stór hluti þjóðarinnar hafði stutt þátttöku landsins í stríðinu í mikilli andlegri brjálsemi. Endalok stríðsins ollu geðshræringu þjóðarinnar. Keisarinn flúði og vopnuð átök urðu á götum úti. Þjóðrembumenn leituðu svikaranna sem töpuðu stríðinu og fundu þá í gyðingum og sósíalistum. Tekist var heiftarlega á um öll þjóðmál, ríkisstjórnir lifðu skamma hríð og höfðu enga fasta meirihluta. Innan ríkisstjórnanna voru átök. Markið hríðféll, verðbólga varð stjarnfræðileg og atvinnuleysi náði áður óþekktum hæðum.

> Í þessu andstreymi höfum við þó borið gæfu til að hafa sömu ríkisstjórnina um nokkurt skeið. Það eitt er mikilvægt á tímum upplausnar.

Allsleysi fólks varð bæði áberandi og átakanlegt. Öfgar og ofstæki fengu byr undir báða vængi. Þungar stríðsskaðabætur skerptu átökin. Þjóðin skiptist í andstæðar fylkingar, þá sem neituðu að borga og sögðu það landráð að semja og hina sem vildu semja, sögðu þetta afleiðingu skilyrðislausrar uppgjafar. Aðrir kostir væru herseta og einangrun með hafnbanni. Samningar tókust, en Hitler sagði nei, við borgum ekki. Tekist var á um „þýsk gildi“ sem þýddi foringjaræði eða „óþýsk gildi“, sem var vesturevrópskt lýðræði.

Endalok þessarar upplausnar og átaka þekkja allir. Þýska þjóðremban sigraði, fáheyrðar ofsóknir gengu í garð, kúgun þjóðfélagshópa og geðþótta aftökur hófust, allt í nafni ástar á landi og þjóð. Þjóðin einangraðist frá grönnum sínum, hóf helförina og loks nýtt heimsstríð. Landið svo lagt í rúst. Þýska þjóðin hafði tapað aftur.

## Ísland eftir hrun

Ísland tapaði fjármálastríðinu 2008. Þjóðin og ríkisstjórnir tóku heils hugar þátt í herferðinni. Hér myndaðist allsherjar brjálsemi, eins og sagt hefur verið. Ofvaxnir bankar hrundu, stjórnmálin lentu í kreppu og gjaldmiðill þjóðarinnar hríðféll. Efnahagur landsins lenti í miklum ógöngum. Fjölskyldur fóru á vonarvöl, fyrirtæki lentu unnvörpum undir hamrinum, skuldir þjóðarinnar hrönnuðust upp. Atvinnuleysið varð meira en við höfum kynnst á lýðveldistímum. Mikil og hatrömm átök urðu um það hvort okkur bæri að greiða Icesave-reikninginn, sem var sá fjárhagsskaði sem hægt var að gera þjóðina ábyrga fyrir. Rökin með og móti voru efnislega áþekk þeim sem færð voru fram í Þýskalandi. Eins og þar varð neiið ofan á hér. „Íslensk gildi“ voru endurvakin og í mótsögn við „evrópsk“.

Hver bar ábyrgð á hruninu? Mikil átök voru og eru um leiðir út úr kreppunni, eins og hægt sé að aka margar upplýstar hraðbrautir burt. Mest er þó ófriðarbálið um framtíðina. Eigum við að sækja okkur styrk í samfélagi grannþjóðanna eða vera áfram ein á báti, „íslensk gildi“ hafi gefist svo vel. Átök eru einnig innan stjórnarinnar. Ólafur Ragnar gengur opinberlega í berhögg við stefnu ríkisstjórnarinnar og sýnir Alþingi lítilsvirðingu. Völdin skipta meira máli en verkin. Sjá menn einhvern skyldleika við Þýskaland á upplausnarárunum? Sigrar þjóðremban hér einnig?

## Átökin um framtíðina

Þótt Ísland og Þýskaland séu ólík lönd að stærð, legu, sögu og menningu og samanburður því skældur, eru margar hliðstæður áþekkar. Það rýrir þó þennan samanburð að við höfum ekki klárað dæmið enn. Við erum ekki komin út úr afleiðingum af töpuðu útrásarstríði. Þjóðverjar völdu þjóðrembuleiðina og töpuðu aftur. Við vitum enn ekki hvor armurinn vinnur stríðið um framtíðina, þeir sem vilja náið samstarf við granna okkar eða hinir sem vilja standa einir. Á þeirri niðurstöðu veltur afar mikið. Við erum heldur engir eftirbátar Þjóðverja í átökum átakanna vegna. Það sýndu bæði Icesave og smánarlegt septemberþing. Við leysum ekki þjóðarvandann á þann hátt, frekar en Þjóðverjar.

Í þessu andstreymi höfum við þó borið gæfu til að hafa sömu ríkisstjórnina um nokkurt skeið. Það eitt er mikilvægt á tímum upplausnar. Það er ekki endilega það sama og að hún hafi alltaf gert rétta hluti á réttum tíma. Það segir heldur ekkert um innri veikleika hennar. En það hefur verið samfella í stjórnarathöfnum, ekki endilega samræmi eða samkvæmni, heldur samfella. Henni hefur þrátt fyrir allt tekist að koma okkur áleiðis til heilbrigðara þjóðlífs. Ekki hlaupið til og virkjað á handahlaupum, eins og oft áður, heldur unnið með sígandi lukku. Það bendir margt til þess að við munum ná þolanlegri lendingu í efnahagsmálum, þótt enn sé of margt ógert. En önnur framtíð er óráðin, bæði stjórnskipan þjóðarinnar sem og tengsl okkar við Evrópu. Hvort tveggja skiptir sköpum. Því er of snemmt að segja til um hvort við endum eins og Þjóðverjar – töpum aftur – eða komum sterkari til baka.




# tímamót

timamot@frettabladid.is



**60 SVANFRÍÐUR I. JÓNASDÓTTIR,** bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, er sextug í dag.

*„Það er sífellt undrunarefni hversu margir eru úti á akrinum að bæta sitt samfélag og styðja við einstaklinga þess.“*

BLINDRAVINNUSTOFAN: SJÖTÍU ÁR FRÁ STOFNUN

## Lifum á tuskum og burstum

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og hefur því í sjötíu ár verið vinnustaður og starfsþjálfunarstaður blindra og sjónskertra einstaklinga. Blindravinnustofan er í eigu Blindrafélagsins en starfsmenn hennar vinna við að pakka inn og merkja hreinlætisvörur sem eru svo seldar landsmönnum. Með þeim kaupum eru blindir og sjónskertir styrktir til sjálfstæðis.

„Hér starfa um þrjátíu einstaklingar sem eru með skerta sjón eða enga auk þess sem margir starfsmenn hafa einhverja viðbótarfötlun. Starfsgeta er því mismikil og störfin því mismunandi í tilfelli hvers og eins sem og vinnudagarnir, sem eru mislangir,“ segir Jón Ágústsson, starfsleiðbeinandi og þroskaþjálfi á Blindravinnustofunni. Margir starfsmenn Blindravinnustofunnar eiga að baki langt starf hjá stofunni en Blindravinnustofan er með þjónustusamning við Vinnumálastofnun sem verndaður vinnustaður og starfsþjálfunar- og endurhæfingarstaður.

Jón segir margt hafa breyst í starfsemi Blindravinnustofunnar en í fyrstu var aðalverkefnið framleiðsla og sala á burstum; uppþvottaburstum, gólfskrúbbum og sópum og var Blindravinnustofan um langt skeið eitt helsta burstaframleiðslufyrirtæki landsins. Burstaframleiðslu var hætt fyrir nær tíu árum þar sem ómögulegt var að keppa í verði við innflutta bursta.

„Í dag er meiri áhersla lögð á það sem þarf að pakka inn og við erum í viðskiptum við erlenda birgja. Við búum til störf með því að leita að ópakkaðri vöru sem við getum tekið að okkur að pakka inn. Þannig er til dæmis starf þeirra fötluðustu að setja strikamerki á uppþvottaburstana. Einnig tökum við að okkur að pakka öðrum vörum utan úr bæ sem eru þá smá aukatekjur en það hefur minnkað mikið eftir hrun. Nú pakkar fólk þessu bara sjálft inn fyrir framan sjónvarpið á kvöldin held ég,“ segir Jón og bætir við að starfsmenn Blindravinnustofunnar orði það stundum þannig að þeir lifi á tuskum og burstum.



**Í VINNUNNI** „Við erum mjög stolt af baráttu starfsfólks Blindravinnustofunnar þessi misserin en við höfum til dæmis þurft að berjast fyrir hagstæðara verði, sérstaklega núna þar sem ríkið er að öllum líkindum að draga úr fjárstuðningi við atvinnusköpun fatlaðra,“ segir Jón Ágústsson þroskaþjálfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum mjög stolt af baráttu starfsfólks Blindravinnustofunnar þessi misserin en við höfum til dæmis þurft að berjast fyrir hagstæðara verði, sérstaklega núna þar sem ríkið er að öllum líkindum að draga úr fjárstuðningi við atvinnusköpun fatlaðra. Það hefur hangið yfir okkur lengi en ég nefni sem dæmi að ég var á ráðstefnu á Ítalíu þar sem ég hitti þroskaþjálfa frá löndum víðs vegar úr Evrópu sem voru mjög hissa á því að við þyrftum að skaffa svo stóran hluta af tekjum okkar. Samkvæmt plani höfum við þurft að skaffa 86 prósent af tekjum okkar og ríkið 14 prósent á móti. Meira að segja í landi eins og Ítalíu, sem skuldar mjög mikið, þótti þetta mjög skrýtið en þar er viðhorfið að ríkið eigi að sjá um atvinnumál fatlaðra.“

juliam@frettabladid.is

---



†

*Ástkær eiginkona, móðir og amma*

**Camilla Richardsdóttir,**

lést laugardaginn 5. nóvember, á Flórída.

**Runólfur Þór Eiríksson**
**Erna Petrea Cahill** **Kevin John Cahill**
**Barnabörn og aðstandendur.**

---

†





*Minningarathöfn um*

**Hjördísi Brögu Sigurðardóttur**
**Úlfar Skæringsson**
**Markús Úlfarsson**

fer fram í Neskirkju laugardaginn 12. nóv. kl. 16.00.

**Edda Braga Coscione**
**Áslaug Skæringsson Wright**
**Helle Dorte Kenrud Urhammer**
**Baldur Hrafnkell Jónsson**
**Sigurður Einarsson**
**barnabörn**
**tengdabörn**
**og frændsystkini**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamamma, amma og langamma,*

**Margrét Jónsdóttir**

frá Gjögri, Strandasýslu,
áður til heimilis á Kópavogsbraut 12,

lést miðvikudaginn 2. nóvember á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju 11. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.

| | |
|---|---|
| **Þorsteinn B. Einarsson** | **Ester Grímsdóttir** |
| **Hrefna Einarsdóttir** | **Gylfi Jóhannesson** |
| **Hansína Bjarnfríður Einarsdóttir** | **Jón Rafn Högnason** |
| **Bryndís Einarsdóttir** | **Vigdís Rasten** |
| **Guðrún Agnes Einarsdóttir** | **Einar Jónsson** |
| | **Fríða Björk Einarsdóttir** |
| **Einarína Einarsdóttir** | **Stefán Öxndal Reynisson** |
| **Gunnar Jens Elí Einarsson** | |
| **Pálmi Einarsson** | **Oddný Anna Björnsdóttir** |
| **Olga Soffía Einarsdóttir** | **Brynjar Björn Gunnarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




## TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

*MOSAIK*

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is


---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra*

**Óskars Guðmundssonar**

plötu- og ketilsmíðameistara,
Hæðargarði 10, Reykjavík.

**Rósa Ólafsdóttir, Edda Sóley Óskarsdóttir og fjölskylda,**
**Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir og fjölskylda,**
**Valdís Óskarsdóttir og fjölskylda.**

---

†

*Ástkær móðir okkar*

**Katrín Eiríksdóttir**

lést 3. nóvember á Landspítalanum. Hún verður jarðsungin föstudaginn 11. nóvember í Fríkirkjunni kl. 13.00.

**Eiríkur Katrínarson**
**Kristinn Katrínarson**

---



†

*Móðir mín, tengdamóðir, systir okkar og mágkona,*

**Sigríður Helga Ólafsdóttir**

áður til heimilis að
Flyðrugranda 8, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum föstudaginn 4. nóvember, verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Aðstandendafélag Droplaugarstaða.

| | |
|---|---|
| **Bergljót Jónsdóttir** | **Arnaldur Sigurðsson** |
| **Guttormur Ólafsson** | **Aðalbjörg Ólafsdóttir** |
| **Þorsteinn Ólafsson** | **Ásthildur Rafnar** |
| **Eggert B. Ólafsson** | **Sigrún Pálsdóttir** |

---



†

*Okkar ástkæri faðir, sonur og bróðir,*

**Arnþór Hreggviður Gunnarsson**

er lést í Herning, Danmörku þann 26.10. síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu þann 11. nóvember. kl. 11.00.

**Hlíf Una Báru-Arnþórsdóttir, Íris María Arnþórsdóttir**
**Gunnar Páll Jensson**
**Nanna Arthursdóttir**
**Kristján Ófeigur Gunnarsson**
**Magni Guðjón Gunnarsson**
**Magnea Stefanía Gunnarsdóttir**
**Sigríður Nanna Gunnarsdóttir**



**Óhætt er að segja** að þessi gula múndering sé í skrautlegra lagi, en hún var á meðal þess sem sýnt var á Artez-tískusýningunni í Aruba á dögunum. Ekki fylgir fréttinni hver hugsunin var á bak við flíkina en hún var að minnsta kosti ekki hönnuð með þægindi í huga.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

TILBOÐ TILBOÐ - ÞESSI TEGUND OG FLEIRI **Á 25% AFSLÆTTI**



Misty - fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 3366**

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

teg 9351 - létt fylltur, mjúkur í B C skálum áður kr. 4.600,- **NÚ KR. 3.450,-** buxur áður kr. 1.995,- **NÚ KR. 1.496,-**

Vertu vinur

Eirberg




**Háls og herðanudd**

Öflugt hamrandi nudd sem dregur úr vöðvabólgu.

Fjölbreyttir stillimöguleikar.

Verð: 16.980 kr.

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**Vorum að taka upp jólalínuna frá TUZZI og Apanage.**

**Kjólar, bolero jakkar, bolir, toppar og pils.**



Vertu vinur okkar á facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Fatahönnunarfyrirtækið Farmers Market frumsýnir nýja vetrarlínu í Kisu Concept Store í New York.



# Hænuskref í stóra eplinu

Þetta er fyrsta alvöruskrefið sem við tökum til að vekja athygli á merkinu þarna úti, þótt kannski sé nærri lagi að tala um hænuskref," segir Bergþóra Guðnadóttir, hönnuður hjá Farmers Market sem frumsýnir á næstunni nýja vetrarlínu í Kisu Concept Store í Soho, New York.

Vetrarlínan samanstendur af dömu- og herrafatnaði, yfirhöfnum, kjólum, peysum, buxum og ullarnærfatnaði sem endurspegla íslenska arfleifð. „Upphaflega byrjuðum við að hanna prjónaðar peysur með skírskotunum í íslensku lopapeysuna og fórum svo smám saman að hanna í kringum þær, síðast ullarnærföt sem eru svo praktísk að maður gæti nánast klæðst þeim einum fata og eru á meðal þess sem verður til sýnis þarna úti," segir Bergþóra og hlær.

FRAMHALD | 3



# TILBOÐSDAGAR

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur




**10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.**
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

**20% AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

**VALHÖLL**, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200
Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is**

Svefn & heilsa ★★★★★

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**



**Hönnun eftir Jónu Björt Friðriksdóttur** er í aðalhlutverki á sýningu áhugaljósmyndarans KOX í Sláturhúsinu á Egilsstöðum á föstudag. Sýningin er hluti af hátíðinni Dagar myrkurs og í tilefni af henni verður fjöldi spennandi viðburða á dagskrá.

# Veitir vellíðan í vatni

**Unnur Valdís Kristjánsdóttir hefur hannað vörulínu með andlega vellíðan í vatni að leiðarljósi. Innblástur að vörulínunni segist hún meðal annars hafa sótt í vatnsauðlegð landsins og séríslenska baðmenningu.**

„Í gegnum tíðina hefur skapast rík hefð fyrir því að tengja baðmenningu landsmanna líkamlegu hreysti. Mér finnst hins vegar að leggja mætti enn ríkari áherslu á andlega þáttinn og ákvað að búa til hjálpartæki sem stuðla að afslöppun og hvíld í sundi og sjó. Þannig kom þetta til.“



Unnur Valdís Kristjánsdóttir

Með þeim hætti útskýrir Unnur Valdís Kristjánsdóttir vöruhönnuður hugmyndina að baki vörulínunni Float sem hún hefur hannað með andlega vellíðan að leiðarljósi. Línan samanstendur af teppi búnu floteiginleikum sem hefur slakandi áhrif í vatni og sjósundhettu sem veitir bæði hlýju og vernd við erfiðar aðstæður.

„Maður getur lagt teppið undir höfuð, bak eða fætur og notið þess að fljóta um í vatninu. Við hönnun hettunnar hafði ég hins vegar til hliðsjónar niðurstöður rannsókna sem sýna hvernig á að hindra varmatap líkamans. Hettan á sér hliðstæður erlendis en þar eru þær frekar gerðar með jaðarsport í huga meðan ég legg meira upp úr þægindum.“



Flothettuna hannaði Unnur meðal annars til að efla slökunarmátt vatns. Út frá henni ákvað hún að þróa floteppi og sjósundhettu.




Hvorutveggja þróaði Unnur út frá verkefni sínu frá Listaháskóla Íslands, flothettu sem sækir innblástur í vatnsauðlegð Íslands og baðmenningu þjóðarinnar og var hönnuð til að efla slökunarmátt vatns. Með línunni allri vonast hún ekki aðeins til að stuðla að aukinni kyrrð og ró heldur líka ljá baðmenningu Íslendinga vissan þokka. „Þörfin er sannarlega fyrir hendi og það sé ég bara af þeim vinsældum sem flothettan hefur átt að fagna í heilsulindinni Sóley Natura Spa þar sem hún hefur verið notuð með góðum árangri,“ bendir hún á.

Unnur reiknar með að sjósundhettan verði komin á markað fyrir jól og teppið á komandi mánuðum. Flothettuna er hægt að nálgast í Spark Design og í Sóley Natura Spa.

*roald@frettabladid.is*

Ilmvötn eru flóknar efnablöndur samsettar úr allt að 500 mismunandi efnasamböndum. Ilmvötn fyrir konur eru samsett að 20-30 prósentum úr ilmolíu í 95 prósenta blöndu af etanóli. Rakspírar fyrir karlmenn eru svipaðir en innihalda yfirleitt minna magn af ilmolíu.



**visindavefur.hi.is**




Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-

ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is



Hæ, ég hef nú fært mig um set yfir á hársnyrtistofuna KRÓM í Skipholti 70.
Verið öll hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s: 553 9770
Minni á að út nóvember er 15% afsl. af öllum TIGI vörum.
Kristín Lindquist

KRÓM
HÁRGREIÐSLUSTOFA
SKIPHOLTI 70 • 105 REYKJAVÍK
SÍMI 553 9770




Hefur þú starfað við matreiðslu og vilt ljúka námi í greininni?

Ertu starfandi í þessari grein?

Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?

**Raunfærnimat - matreiðslu** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu fari í skóla og ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA fræðslusetur** í síma **590-6400**.

Nánari upplýsingar er að finna á: **www.idan.is /radgjof.**
Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið **radgjof@idan.is.**

Verið er að vinna samskonar verkefni í bílgreinum, húsasmíði, múraraiðn og málaraiðn.

IÐAN fræðslusetur
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

VETRARDAGAR
15% AFSLÁTTUR



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

TILBOÐ TILBOÐ - ÞESSI TEGUND OG FLEIRI Á 25% AFSLÆTTI



Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is

teg 9351 - létt fylltur, mjúkur í B C skálum áður kr. 4.600,-
NÚ KR. 3.450,- buxur áður kr. 1.995,- NÚ KR. 1.496,-
Vertu vinur

Jóla-útsaumur



Amma mús -handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15

# Toppurinn er sterkur

**Fimm íslenskir hárgreiðslufagmenn sýndu það sem nýjast er í stofu- og götutísku fyrir haustið og veturinn á námskeiði sem haldið var á vegum Wella, Sebastian og Sassoon.**

Tvö hundruð hárgreiðslumenn og konur fylgdust spennt með fimm hárgreiðslufagmönnum klippa og greiða tuttugu fyrirsætum á hárgreiðslunámskeiði sem fram fór á Reykjavík Natura á dögunum. Námskeiðið var á vegum Wella, Sebastian og Sassoon og þar var sýnd hártískan sem heitust verður á landinu í haust og vetur.

„Ég vil breyta til í toppunum og brjóta þá upp,“ segir Anna S. Pálsdóttir á Barber Theater. Hún sýndi margvíslegar gerðir toppa á námskeiðinu en tekur fram að taka þurfi mið af andlitsfalli og sveipum fólks þegar klippa eigi topp. Hún nefnir að fallega rauðir og koparlitir séu að koma sterkir inn. „Þá kælast litirnir auðvitað þegar haustar og vetrar.“ Anna segir að náttúrulegt hár eigi að fá að njóta sín sem mest. „Fólk á ekki að slétta krullur eða krulla slétt hár, heldur fá góða klippingu í sitt náttúrulega hár,“ segir Anna sem sýndi sína bestu takta á námskeiðinu ásamt þeim Ingólfi Grímssyni á Hárbeitt, Sigurlaugu Ingvarsdóttur, Sillu, á Galtará, Jóhönnu Stefnisdóttur á Fagfólki og Huldu Hafsteinsdóttur á Medullu.

Hulda segir hártískuna í dag tímalausa og er sammála Önnu um að toppurinn komi sterkur inn. „Hann getur verið í boga, beinn, í vaff og jafnvel styttri öðru megin,“ lýsir hún en tekur fram að hárgreiðslufólk meti alltaf hvað muni klæða viðskiptavininn. „Áhrifin eru mikil á formið í hárinu og kemur þar sterk inn mikil tækni í skæravinnunni,“ segir Hulda og lýsir að skæratækninni hafi fleygt fram hin síðari ár. Hulda segist fá hugmyndir sínar frá fræga fólkinu, tískublöðum og tískusýningum. „Svo mótar maður sitt eigið út frá því.“ Litina segir hún einnig sérstaka nú. „Ég móta mér hugmyndir um litina þegar ég er búin að klippa. Þá vil ég heldur setja skugga og birtu í hárið, en röndótt er alls ekki málið í dag. Litirnir verða blæbrigðatengdir, fara stundum frá dökku upp í ljósara og öfugt,“ segir Hulda. Hún segir einnig mikilvægt að minnast á öll þau góðu efni sem séu í boði í dag. „Góð klipping helst ekki þannig nema henni sé viðhaldið. Til eru mjög góð efni sem bæði gefa hárinu heilbrigðan gljáa eða kemur lyftingu í hárið.“

*solveig@frettabladid.is*



Topparnir koma sterkir inn eins og sést í klippingum Önnu á Barber Theater.



Ljoshærða stúlkan er með greiðslu á rauða dreglinn eftir Jóhönnu á Fagfólk og stúlkan til hægri með klippingu frá Sillu.

Framhald af forsíðu

Að hennar sögn hefur mikil vinna verið lögð í að gera sýninguna sem allra veglegasta. „Ari Magg ljósmyndari sér um allt kynningarefni og síðan er ég svo vel gift að maðurinn minn Jóel Pálsson hefur smalað saman góðum hópi tónlistarmanna sem munu leika ljúfa tóna.“

Innt eftir því hvort til standi að fara í meiri háttar kynningarherferð til Bandaríkjanna tekur Bergþóra fyrir það. „Alls ekki. Hingað til höfum við einblínt á Evrópu og Asíu þar sem við höfum verið að gera góða hluti og Ameríka er í raun bara eðlilegt framhald á því. Enda hefst þetta allt saman með seiglunni.“ *roald@frettabladid.is*



Farmers Market sækir innblástur í íslenska arfleifð.

Þegar hárkollur urðu nauðsynlegur hluti af búningi karla af betri stéttum varð til öflug stétt hárkollugerðarmanna. Gildi hárkollugerðarmanna var stofnað í Frakklandi árið 1665. Um 1780 varð tíska hjá ungum mönnnum að púðra og lýsa upp eigið hár.

**wikipedia.org**












# Jakkaföt!

ARMANI COLLEZIONI



Armani Collezioni
Armani Collezioni er flaggskip okkar í jakkafötum í Herragarðinum.
Maðurinn sem umbylti jakkafatatískunni á sínum tíma.
Þau hafa auðkennandi útlit. Mjúkar axlir, einfaldar línur og
úrvals handbragð. Þessi föt eru á 129.980.
Armani Collezioni fæst í Herragarðinum Kringlunni.
Við byrjum svo að sérsauma Armani eftir pöntun í lok nóvember.

BOSS HUGO BOSS



Boss
Jakkafötin frá Boss þekkja allir, enda fyrir menn sem
velja aðeins það besta. Til í nokkrum sniðum og mörgum
gerðum sem henta öllum. Þessi föt eru á 99.980.
Boss fötin fást í Hugo Boss Kringlunni og
Herragarðinum Smáralind.

Benvenuto.



Benvenuto
Þýska merkið Benvenuto sérhæfir sig í sniðum
fyrir stærri menn. Efni sem eru sérstaklega góð varðandi
krumpur og frábær sem vinnuföt. Hér getum við sérpantað
eftir óskum ef svo ber undir. Þessi föt eru á 69.980.
Benvenuto fæst í Herragarðinum Kringlunni og Smáralind.

SAND



Sand Pink Label
Sand Pink snýst um að vera öðruvísi en næsti maður.
Hér eru smáatriðin aðalmálið. Hver gerð kemur í
takmörkuðu upplagi og litir og ferskleiki eru í fyrirrúmi.
Þessi föt eru á 89.980.
Sand Pink fæst í Herragarðinum Kringlunni og Smáralind.

BOSS SELECTION HUGO BOSS



Boss Selection
Premium línan frá Hugo Boss. Fötin eru gerð úr bestu
fáanlegu efnum sem völ er á hverju sinni og með
einstöku handverki. Selection fötunum hefur verið
mjög vel tekið. Sjón er sögu ríkari.
Þessi föt eru á 149.980.
Boss Selection fæst í Hugo Boss Kringlunni.

strellson



Strellson
Strellson jakkaföt eru til í miklu úrvali hjá okkur og
eru okkar vinsælustu föt í Herragarðsbúðunum.
Þau eru líka á frábæru verði, frá 59.980 krónum
og eru tilvalin sem spariföt eða í vinnuna.
Þau eru til bæði í slim fit sniði og venjulegu.
Þessi föt eru á 59.980.
Strellson fæst í Herragarðinum Kringlunni og Smáralind.

SAND



Sand Black Label
Sand jakkafötin hafa verið í miklu uppáhaldi hjá
okkur síðustu árin og njóta æ meiri vinsælda.
Hér eru notuð úrvalsefni frá Ítalíu og frágangur
er fyrsta flokks. Þessi föt eru á 79.980.
Sand Black fæst í Herragarðinum Kringlunni og Smáralind.

HUGO HUGO BOSS



Hugo
Jakkafötin í Hugo línunni eru aðsniðin en henta þó flestum.
Svörtu Hugo fötin með rauða fóðrinu hafa skapað sér ákveðin
sess meðal landsmanna. En Hugo býður upp á margt fleira
eins og þessi grábrúnu köflóttu föt sem kosta 99.980.
Hugo fæst í Hugo Boss Kringlunni.

HUGO BOSS
KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410



# POPP

TÓNLISTARBLAÐ • 10 NÓVEMBER 2011

## LAY LOW

*„NÝJA PLATAN VAR EINHVERN VEGINN ALLT ÖÐRUVÍSI FERLI, ÞVÍ ÉG VAR BARA AÐ DUNDA MÉR OG LIGGJA YFIR LÖGUNUM“*

+

**Agnes í Sykri og Nanna í Of Monsters taka Rokkprófið**

**Högni í Hjaltalín miðlar visku sinni um Nu Metal**

**Gísli Pálmi á Gauknum**

„ÉG FÆ MÉR ÞREFALDAN JACK Í KÓK OG LÆT JÚDAS SKYRPA OFAN Í ÞAÐ.“

SÍÐA 6

## TÓNLEIKAR

**Í kvöld:** Hljómsveitin Reykjavík! heldur útgáfutónleika á KEX hosteli klukkan 21. Miðasala fer fram á Midi.is. FM Belfast kemur fram eftir Reykjavík!
**Á morgun:** Hljómsveitin Kiriyama Family kemur fram á Faktorý. Húsið opnar klukkan 21.30 og einn heppinn gestur vinnur allan aðgangseyri tónleikanna.
**Ekki á morgun heldur hinn:** Meistari Mugison kemur fram í Sjóræningjahúsinu á Patró klukkan 21. Kappinn kannast við sig fyrir vestan, en eins og alþjóð veit bjó hann um árabil á Flateyri. Hann gaf út plötuna Haglél á dögunum og hefur hreinlega mokað út eintökum. Miðar á tónleikana fást á Midi.is.

**POPP** er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
**Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf.
**Umsjón:** Atli Fannar Bjarkason
**Forsíðumynd:** Valli
**Auglýsingar:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
*Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500*

# UPP Á YFIRBORÐIÐ

*GÍSLI PÁLMI ER EITT HEITASTA NAFNIÐ Í HIPPHOPPINU UM ÞESSAR MUNDIR. KAPPINN SENDI FRÁ SÉR LAGIÐ SET MIG Í GANG Í SUMAR. ÞAÐ VAKTI MIKLA ATHYGLI OG HANN HEFUR VERIÐ AÐ SENDA FRÁ SÉR LÖG Á YOUTUBE SÍÐAN. GÍSLI PÁLMI KEMUR FRAM Á GAUKNUM Á LAUGARDAGSKVÖLD.*



Gísli Pálmi heldur fyrstu tónleikana sína á Gauknum annað kvöld.

„Ég er nokkuð góður, í toppmálum,“ segir rapparinn Gísli Pálmi, nývaknaður þegar Popp náði í hann.

Gísli kemur fram á Gauki á Stöng annað kvöld, en tónleikarnir eru þeir fyrstu sem hann stendur fyrir. Hann kom í fyrsta skipti fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í október og fékk frábærar viðtökur áhorfenda, sem virtust hafa legið yfir myndböndum hans, enda röppuðu þeir með hverju orði.

„Það er ótrúlegt. Fólk kann lögin, orð fyrir orð,“ segir Gísli. Hann segir tónleikana annað kvöld verða alvöru og að fólk megi búast við góðri hipphoppstemningu. „Það er mjög gaman að fá tækifæri til að gera þetta og ég er glaður að við kýldum á það. Ég sá að það er eftirspurn eftir því. Það er búinn að vera mikill hiti fyrir tónleikum.“

Gísli kom fram á Prikinu um síðustu helgi og var staðurinn troðfullur. Miklu fleiri komast að á Gauknum og Gísli er spenntur. Húsið opnar klukkan 22 og það kostar þúsund kall inn.

Fleiri lög eru væntanleg frá Gísla, sem notar Youtube til að koma tónlist sinni á framfæri í formi myndbanda sem hann framleiðir sjálfur með vinum sínum. Spurður út í framtíðina segist Gísli ætla að halda áfram að harka út myndböndum, enda hafa viðtökurnar farið fram úr vonum hans. „Ég vissi kannski ekki að fólk myndi taka svona í tónlistina, en ég vissi af hvaða kaliberi hún er. Ég veit alveg hvað ég er að gera.“




## ÍSLENSK / ERLEND

### HJÁLMAR

*ÓRAR* ★★



Með síðustu hljóðversskífu sinni treystu Hjálmar sig í sessi sem ein albesta hljómsveit landsins hin síðustu ár. Og, það sem meira er, ekki einungis sem eitthvert illskilgreinanlegt lopapeysuafbrigði heldur alvöru, dúndurfín reggísveit. Væntingar voru því miklar fyrir þessa nýju plötu, Óra, en svekkelsið að sama skapi töluvert. Krafturinn sem einkennt hefur Hjálma er víðsfjarri og svo virðist sem sköpunargleðin hafi lent í hremmingum.

Á ýmsan og afmarkaðan hátt tekst sveitinni ágætlega til á plötunni. Söngtextar eru venju samkvæmt í betra lagi og bandið þétt, en þó á of löngum köflum dálítið þunglamalegt, líkt og keyrt sé áfram af skyldurækni fremur en spilagleði. Þá má hafa gaman af tíðum rafkenndum hljóðblöndunaræfingum, til dæmis í lögunum Í gegnum móðuna miklu og Áttu vinur augnablik. Hjálmar í toppformi hefðu nýtt slík trix sem punktinn yfir i-ið. Hér gegna þau heldur því hlutverki að beina athyglinni frá aðalatriðinu, sem eru rýrar lagasmíðar. Örfá laganna eru nánast hlægilega langt frá þeim gæðastaðli sem ætti með réttu að ríkja á Hjálmaplötu (dæmi eru hin átakanlega tilþrifalitlu Borð fyrir tvo og Haust) á meðan fleiri sigla lygnan sjó í andleysi. Undantekningar líta dagsins ljós, meðal annars í stuðsmellinum Ég teikna stjörnu og hinu snotra Eilíf auðn, en í heildina virðist lítil innistæða fyrir umlykjandi trega textanna og útkoman af oft innantóm og máttleysisleg.

**Sem sagt:** Heldur máttlaus plata frá Hjálmum, sem geta miklu betur. **- kg**

### MEGADETH

*THIRTEEN* ★★★★




Rauðhærði rokkriddarinn Dave Mustaine gefur nú út þrettándu hljóðversplötu sína ásamt hljómsveit sinni Megadeth.

Síðustu tvær breiðskífur sveitarinnar gripu mig ekki en í þetta sinn hefur Mustaine skorað snertimark. Megadeth er skemmtilegust þegar hún daðrar við poppið án þess að ganga of langt. Rokkið er vissulega ruddalegt á Thirteen en lögin eru matreidd á svipaðan máta og á einni af vinsælustu plötu sveitarinnar, Countdown to Extinction, með tilheyrandi stórkarlalegum þungarokksriffum í bland við grípandi melódíur og tæran hljóm.

Þungarokk á að vera fjör og þetta veit Megadeth. Opnunarlagið, Sudden Death, setur tóninn fyrir komandi fjör, en útvarpshittari plötunnar er Public Enemy No. 1. Klassískt Megadeth-lag með hnitmiðuðum gítar og einföldum bassa að hætti Dave Ellefson, sem er genginn aftur í sveitina. Ofsinn í Never Dead höfðar einkar vel til mín og flytur mig aftur í tíma, þar sem unglingabólur og ótímabær sáðlát réðu ríkjum. Rólegri lögin eru vel heppnuð og í heild er platan sterk.

Það tók mig nokkrar hlustanir að aðlagast plötunni. Megadeth hefur ekki verið frumleg í 20 ár en er alltaf samkvæm sjálfri sér og stundum er það einfaldlega nóg. Á meðan riffabanki Mustaine tæmist ekki mega þeir kumpánar alveg halda áfram að vera ófrumlegir. Allavega mín vegna, því ég elska Megadeth.

**Sem sagt:** Þrælskemmtileg plata frá gamla Rauð. Spilist hátt. **- hva**

C.F. Martin & Co. EST. 1833

# Láttu drauminn rætast.


HD-28VE

Tónastöðin býður upp á
mikið úrval hljóðfæra
og nótnahefta fyrir allar
tegundir tónlistar
og leggur áherslu á góða
og persónulega þjónustu.

Hjá okkur færðu
faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og
áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 / Strandgata 25 • Akureyri • sími 456 1185 • www.tonastodin.is

ÞETTA ER TUDOR




Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Hávaði skaðar heyrnina



**Heyrnarskerðing er varanleg.**
**Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana.**
Tónlistarfólk notar heyrnarsíur sem dempa hávaða án þess að valda bjögun á hljómgæðum.
Bjóðum fjölbreytt úrval af heyrnarsíum.
Allt frá stöðluðum upp í sérsmíðaðar.

Bellman & Symfon®

HEYRN

www.heyrn.is

Hlíðasmára 11 - Kópavogi - 534-9600



vísir
POPP
SKÚRINN
LAY LOW
FLYTUR
PLEASE DON'T HATE ME
OG FLEIRI LÖG
Í POPPSKÚRNUM
Á VÍSI.IS




Lay Low ætlar að ferðast um Ísland og spila eins lengi og veður og færð leyfa. Hér er hún ásamt hljómsveitinni sinni glæsilegu.

# FORRÉTTINDI AÐ BÚA TIL TÓNLIST

*Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir vann hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar í fyrsta sinn sem hún plokkaði gítarinn og opnaði munninn undir nafninu Lay Low. Síðan eru liðin fimm ár og mikið vatn hefur runnið til sjávar. Lovísa hefur gefið út þrjár sólóplötur, farið í tónleikaferð um heiminn, leikið í kvikmynd og samið tónlist fyrir bæði leikrit og kvikmyndir. Reynslan leynir sér ekki á nýrri plötu hennar, Brostnum streng, sem er mun margslungnari en forverar hennar.*

„Ég held það sé hægt að heyra hvar ég er stödd á ferlinum með því að hlusta á plöturnar mínar í röð. Ég hef þróast mikið sem tónlistarmaður. Kannski er hægt að tala um þroska en ég held að þetta sé líka reynslan af þessum heimi. Þegar ég gerði fyrstu plötuna mína vissi ég ekkert hvað ég var að gera og var í raun að gera allt í fyrsta sinn. Þá snerist þetta um að ná einhverjum fíling og við tókum flest lögin í einni töku til að fanga hann. Á annarri plötunni var ég með tónlistarmenn sem mættu í stúdíóið og spiluðu inn á plötuna með mér. Nýja platan var einhvern veginn allt öðruvísi ferli, því ég var bara að dunda mér og liggja yfir lögunum. Ég spilaði allan gítarinn sjálf og tók miklu meiri þátt í allri pródúseringunni, sem var ótrúlega skemmtilegt."

Á Brostnum streng er aðeins einn texti eftir Lovísu sjálfa en hinir eru allir ljóð eftir íslensk kvenskáld. Lovísa lagðist í mikla rannsóknarvinnu og las í gegnum ótal ljóðabækur til að finna réttu ljóðin, þau sem hún gat tengt við.

„Þetta var allt mjög nýtt fyrir mér, ég vissi ekki mikið hvað ég var að fara út í og var ekki mikill ljóðagrúskari. Upphaflega lagði ég ekkert upp með að velja bara ljóð eftir konur, en það vildi svo til að ég byrjaði á því að lesa kvenskáldin og svo fannst mér ég ná rosalega góðri tengingu við þau. Öll ljóðin sem ég valdi áttu það sameiginlegt að mér fannst þau snerta við einhverju hjá mér og mér fannst ég get notað þau til að tjá mínar tilfinningar með orðum annarra kvenna."

Lovísa segir þessa leið líka hafa verið tilvalda, því hana hafi langað til að gera plötu á íslensku en alltaf átt í basli með að skrifa íslenska texta. „Það var líka svolítil áskorun að fara þessa leið. Þegar ég geri mín eigin lög og texta þarf ég aldrei að vinna í því að ná tengingu við textann af því að að þá er þetta eitthvað sem ég hef að segja. Þarna þurfti ég aðeins meira að leggjast yfir það og pæla þannig að þetta væri ekki bara þannig að ég væri að syngja texta eftir einhvern annan og það væri engin tilfinning á bak við það."

Lovísa er búin að vera afkastamikil á síðustu árum og hefur alls ekki í hyggju að slaka á. Hún er í þann veginn að leggja upp í tónleikahringferð um landið til að fylgja plötunni eftir, fyrstu tónleikarnir verða í Vestmannaeyjum á laugardaginn. Hún segist hlakka mikið til að ferðast um landið og spila á stöðum sem hún hefur ekki heimsótt áður. „Ég bjó til dæmis á Selfossi og ég held ég hafi aldrei spilað þar, ég gæti samt verið að ljúga. Maður veit ekkert hvort fólk mætir en við erum allavega sex í bandinu þannig að það er ágætis hópur. Við getum þá verið bara ein á sviðinu."

Lovísa eyddi stórum hluta síðustu þriggja ára á tónleikaferðalagi með Emilíönu Torrini og þekkir því orðið allar gerðir af tónleikahaldi. „Þetta var ótrúleg reynsla. Við fórum í tvo Evróputúra og spiluðum í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan. Fyrir mig sem var búin að spila eitt og eitt gigg hér og þar var þetta alveg massíft. Við fengum líka mjög góðar viðtökur, ég held að aðdáendur Emilíönu séu rosalega almennilegt fólk. Þau voru öll mjög indæl við mig sem þau þekktu ekki neitt og var eitthvað að gaula þarna á undan henni."

Þó svo að Lovísa hafi viljað gera alíslenska plötu útilokar hún alls ekki að hún muni halda áfram að reyna fyrir sér erlendis. Hugurinn er nefnilega strax farinn að leita til næstu plötu, sem hún vonast til að geta byrjað að taka upp strax eftir áramót. „Mér finnst algjör forréttindi að fá að gera það sem ég geri, þetta er svo ótrúlega gaman. Ég hugsa að mig langi bara að nota tækifærið á meðan ég kemst upp með það að vera í þessum heimi."

## ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í FRÍKIRKJUNNI

*„ÉG VERÐ MEÐ ÚTGÁFUTÓNLEIKA 18. NÓVEMBER Í FRÍKIRKJUNNI. ÞETTA ER Í ÞRIÐJA SINN SEM ÉG HELD ÚTGÁFUTÓNLEIKANA ÞAR EN ÉG MAN EKKERT EFTIR SÍÐUSTU TVEIMUR. Í FYRRA SKIPTIÐ STAFAÐI MINNISLEYSIÐ AF STRESSI OG Í SEINNA SKIPTIÐ VAR ÉG FÁRVEIK." MIÐASALA FER FRAM Á MIDI.IS.*

**POPPSKÚRINN**
Horfðu á Lay Low flytja lög af nýju plötunni í Poppskúrnum á Vísi.is.


ÓKEI. VIÐ BYRJUÐUM.
EN VIÐ SJÁUM EKKI EFTIR NEINU.
SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS
LENGI LIFI SAMKEPPNI
ATLANTSOLÍA
Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.
Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:
MÁLNINGARVÖRUR
kemi
Aþ-ÞRIF
GÚMMÍVINNSLAN

*POPPARAR*



**NÝ PLATA FRÁ LANEGAN**

Mark Lanegan, sá mikli snillingur og söngvari hljómsveitarinnar sálugu Screaming Trees, sendir frá sér plötu í febrúar undir nafni Mark Lanegan Band.

Verður þetta fyrsta slíka platan frá árinu 2004 þegar hin frábæra Bubblegum kom út. Hún fékk mjög góðar viðtökur gagnrýnenda og fékk fjórar stjörnur af fimm mögulegum í blöðunum Q, Guardian og Uncut.

Nýja platan hefur fengið nafnið Blues Funeral, sem er einstaklega viðeigandi þar sem stíll Lanegans hefur verið afar jarðarfararlegur síðustu ár. Hann hefur verið upptekinn við hin og þessi verkefni og meðal annars sungið inn á tvær plötur með hljómsveitinni Soulsavers.



**MORRISSEY KÆRIR NME**

Sérvitringurinn og snillingurinn Morrissey hefur kært tímaritið NME vegna viðtals sem lætur hann líta út fyrir að vera rasisti. Málið verður tekið fyrir hjá breskum dómstólum á næsta ári.

Í yfirlýsingu sem Morrissey birtir á aðdáendasíðunni True to You segir að viðtalið hafi skaðað orðspor hans og að blaðamaður NME hafi haft rangt eftir Morrissey og slitið ummæli úr samhengi þannig að hann kom út eins og rasisti. Þá telur Morrissey að málstaður NME sé óverjandi og leggur fram upptöku og uppkast af öllu sem fór á milli hans og blaðamannsins hjá tímaritinu.

# ROKKPRÓFIÐ



*01.* HEFURÐU AFLÝST TÓNLEIKUM VEGNA EYMSLA Í HÁLSI? *02.* HLJÓMSVEITARRÚTAN BILAR Á FERÐ UM MIÐ-EVRÓPU. HVAÐ GERIR ÞÚ? *03.* HVENÆR VARSTU SÍÐAST HANDTEKIN? *04.* ÁTTU ÓSKILGETIN AFKVÆMI Í FLEIRI EN FIMM SÝSLUM Á ÍSLANDI? *05.* ERTU MEÐ NAFN FYRRVERANDI ÁSTKONU/ELSKHUGA HÚÐFLÚRAÐ Á ÞIG? *06.* ALLIR EIGA LEÐURJAKKA, EN ÁTT ÞÚ LEÐURBUXUR? *07.* ERTU MEÐ NÚMERIÐ HJÁ HELGA BJÖRNS Í SÍMANUM ÞÍNUM? *08.* MYNDIRÐU SEMJA LAG FYRIR ÍMYNDARAUGLÝSINGU NATO GEGN RÍFLEGRI GREIÐSLU? *09.* Í KVIKMYND UM LÍF ÞITT, HVAÐA LEIKSTJÓRI VÆRI RÉTTI MAÐURINN Í STARFIÐ? *10.* BJÖRN JÖRUNDUR SPLÆSIR Á BARNUM, HVAÐ FÆRÐU ÞÉR?

**9** STIG

**8** STIG

**AGNES BJÖRT ANDRADÓTTIR**

*SÖNGKONA SYKURS*

**01.** Ég hef aldrei aflýst tónleikum þrátt fyrir að hafa alveg misst röddina sko. Þá læt ég bara einhvern stíga ofan á löppina á mér svo ég öskri á sviðinu eins og alvöru rokkstjarna. **1**
**02.** Ég hringi í Johnny-boy vin minn í Mið-Evrópu, fæ mér bjór og kíki í partí. **1**
**03.** Það var þegar ég var að rífa kjaft við lögguna á Seyðisfirði í denn, alveg árið 2006 þegar ég var kolklikkaður unglingur. **1**
**04.** Ja, ég hef ekki tölu yfir þetta. Þú verður eiginlega bara að hringja í Jimmy Page. Hann er með þetta á blaði. **1**
**05.** Ég er með allt stafrófið húðflúrað á hægri rasskinnina svo ég þurfi ekki að lenda í neinu veseni, þú veist. **1**
**06.** Nei en ef mig langar að ganga í leðurbuxum fer ég bara nakin út því mitt skinn er mitt flottasta leður. **1**
**07.** Nei, Helgi Björns er með númerið mitt. **1**
**08.** Ef ég myndi fá geggjað mikinn pening fyrir það myndi ég senda eitthvað gamalt Eurovision-lag og ljúga að ég hefði samið það. **0**
**09.** Chet Baker myndi gera það því hann var sönn rokkstjarna og myndi kunna á'etta. **1**
**10.** Ég fæ mér þrefaldan Jack í kók og læt Júdas skyrpa ofan í það. **1**

**NANNA BRYNDÍS HILMARSDÓTTIR**

*SÖNGKONA OF MONSTERS AND MEN*

**01.** Nei, hef aldrei aflýst tónleikum. Í sumar spilaði ég samt í annarlegasta ástandi sem ég hef verið í, nýkomin úr hressum túr um Ísland með Agent Fresco og Lockerbie þar sem var töluvert sukk og við enduðum föstudagskvöldið á svaka sveittum tónleikum á Ellefunni. Daginn eftir spiluðum við í Dillon-garðinum og ég haltraði upp á svið því Raggi ákvað að fella mig kvöldið áður og röddin nánast farin. **1**
**02.** Sko, pabbi er bifvélavirki svo þetta er í blóðinu. Ég redda málunum. **1**
**03.** Ég hef aldrei verið handtekin, þeir hafa aldrei náð mér. **1**
**04.** Það voru þessir 45 mánuðir af meðgöngu sem ég bara man ekkert eftir, hver veit hvað ég var að bralla. **1**
**05.** Ef ég vissi nú bara hvað þeir hétu, ég er svo gleymin. **1**
**06.** Nei, en ég var einu sinni goth. Svo ég á svaka fínar gaddaólar. 0
**07.** Ég get ekki átt síma í meira en 5 mínútur svo ég er með svona alls 5 númer. Það eru samt nokkrir Helgi Björns á ja.is og núna veit ég númerið hjá þeim öllum. **0**
**08.** Ekki séns. **1**
**09.** Wes Anderson myndi fá starfið og síðan kæmi Peter Jackson inn til að að gera allt epískt. **1**
**10.** Ég segi við Björn að hann fengi mörg rokkstig ef hann splæsti tequila á alla á barnum. Svo verður svaka partí. **1**









Lay Low gaf út plötuna Brostinn strengur á dögunum.

# POPP GEFUR BROSTINN STRENG MEÐ LAY LOW

Ef þú varst að lesa viðtalið við Lay Low og hugsaðir með þér: „Mikið væri ég til í að eignast nýju plötuna hennar Lovísu“ þá er heppnin með þér.

Þú getur alveg farið út í búð og keypt plötuna, en ef þú vilt láta reyna á að eignast hana án endurgjalds skaltu fara inn á Facebook, finna Popp og smella „like“. Á næstu dögum dregur Popp svo út fimm heppna tónlistaráhugamenn úr vinahópnum sínum og þú, já þú, gætir verið einn af þeim.

Ef þú vinnur ekki er óþarfi að örvænta því Popp hyggst draga út miklu fleiri plötur og aðra vinninga á næstu vikum. Fylgist með!

# Vinsæl íslensk tónlist



Jón Jónsson - Wait For Fate



Einar Scheving - Land míns föður



Lay Low – Brostinn strengur



Song for Wendy - Meeting Point


Hjálmar - Órar



Ingó



Sigurður Guðmundsson & Sigríður Thorlacius
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands



Baggalútur - Áfram Ísland!



Megas og strengir - Aðför að lögum

ERTU BÚIN/N AÐ TRYGGJA ÞÉR EINTAK?

sena

# FIMM BESTU

*NU METAL-SMELLIRNIR*



***HÖGNI EGILSSON***

*TÓNLISTARMAÐUR*



**BLIND MEÐ KORN**

Nu Metal-tónlistarstefnan birtist í einni sinni tærustu mynd í laginu Blind með sveitinni Korn sem kom út á upphafsplötu hljómsveitarinnar árið 1994. Leggja má sannfærandi rök fyrir því. Sérstætt samspil hljóðfæranna og fordæmislaus barkasöngur söngvarans Jonathans Davis segja allavega hálfa söguna.

1

**ONE STEP CLOSER MEÐ LINKIN PARK**

Hvergi náði hispurslaus tilfinningasemi bandarískrar miðstéttar að smeygja sér jafn lævíslega í gegnum viðjar varnarlausra unglinga á hnettinum eins og í líflegri dýnamík söngvarans Chesters Bennington og rapparans Mike Shonoda. Láti hver sig varða.

2

**N 2 GETHER NOW. FT METHOD MAN MEÐ LIMP BIZKIT**

Eitt best heppnaða samvinnuverkefni Nu Metal-tímabilsins. Létt og leikandi lag með áberandi hipp-hopp-áhrifum. Óborganlegt flæði rapparans Method Man úr Wu-Tang klíkunni gerir lagið að einni af langlífustu afurðum stefnunnar.

3



**CHANGE (IN THE HOUSE OF FLIES) MEÐ DEFTONES**

Deftones er sú hljómsveit sem náði að gæða hvað mestu lífi í stefnuna, með tilliti til nýsköpunar og almennra rannsókna á sviði tón- og hljóðsköpunar. Spennandi hljóðróf sveitarinnar kom þeim í fremstu víglínu sinnar kynslóðar. Change kom út á plötunni White Pony árið 2000.

4

**LOWLIFE MEÐ TAPROOT**

Sjálfsdepurð og örvænting eru meginþemu eina ferðina enn. Þeir eru minni spámenn sem ná þó að lifa ágætislífi þrátt fyrir að ganga á endanum í spor þeirra sem riðu á undan.

5

# SAMSTARFIÐ BER ÁVÖXT

Félagarnir Daníel Bjarnason og Ben Frost hafa sent frá sér plötuna Sólaris.

Sólaris er tónverk eftir Frost og Daníel, en íslenskur frumflutningur á verkinu var á Listahátíð í Reykjavík í sumar. Unsound-hátíðin í Kraká í Póllandi pantaði verkið í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá útgáfu samnefndrar skáldsögu eftir rithöfundinn Stanislaw Lem, en verkið er unnið fyrir Krakársinfóníettuna.

Solaris er þegar farið að fá prýðisdóma, til að mynda átta af tíu hjá tónlistarvefnum Drowned in Sound.

Samstarf Bens Frost og Daníels Bjarnasonar er blómlegt, en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu hafa þeir verið ráðnir til að semja tónlistina við kvikmynd Baltasars Kormáks, Djúpið. Myndin er innblásin af einstöku afreki Guðlaugs Friðþórssonar sem synti í land eftir að Hellisey VE sökk sex kílómetra undan Vestmannaeyjum árið 1984.

„Mér líst vel á þetta verkefni, það er skemmtilegt að fást við kvikmyndatónlist og þá sérstaklega mynd sem er svona sterk og áhrifamikil,“ sagði Daníel af því tilefni. Hann viðurkenndi að tónlistin verði eðli málsins samkvæmt dramatísk. „Þetta er náttúrlega mögnuð saga sem þarna er verið að segja og merkileg.“



Daníel Bjarnason og Ben Frost starfa mikið saman þessa dagana.




## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice**



# Ullarpeysur, ökklaháir skór og pennar að hætti prinsa

Í vetur er herratískan karlmannleg. Herrunum ætti ekki að verða kalt, sem eru auðvitað góðar fréttir heima á Fróni. Þykkar peysur með köðlum eða með öðru grófu prjóni einkenna vetrartískuna. Heimaprjón gæti því verið sparnaðarleið í vetur. Peysurnar eru bæði einlitar eða marglitar, með munstruðum bekkjum yfir brjóstið eða almunstraðar og litirnir eru fjölbreyttir. Mikið er um grófar jakkapeysur, sumar með uppháum kraga og þá þarf ekki einu sinni trefil. Tölurnar eru einnig mikilvægar, þær geta verið úr tré eða horni, jafnvel útskornar. Við peysurnar eru oft notaðar þröngar bómullarbuxur eða gallabuxur með uppbroti. Þá er ekki verra að eiga köflótta sokka í Burberrysstíl. Líka er hægt að nota leðurskó upp að ökkla og setja buxurnar ofan í.

Í vetur eru klassískir jakkar og jakkaföt meira áberandi en undanfarið, viturleg kaup í kreppunni. Þau eru í dökkum litum en blátt og brúnt er einnig í boði og einstaka framleiðandi býður upp á ljósa liti.

Þeim sem leita að ódýrum aðferðum til að breyta til í vetur má benda á köflóttar þverslaufur sem þykja fínar og mjó litrík bindi sem breyta öllu. Þeir sem eru í viðskiptum geta auðvitað ekki skrifað undir samning nema með Mont Blanc-penna sem geta kostað frá þrjú hundruð evrum upp í tvö hundruð og fimmtíu þúsund evrur eins og penni Alberts prins af Mónakó sem Mont Blanc lét gera fyrir brúðkaupið í sumar.

Svo er bara að vona að það verði nógu kalt til að nota allar fínu peysurnar sem líklega verður frekar ólíklegt fyrir mig hér suður frá. Ég veit reyndar hreinlega ekki hvað ég á að gera við allar þykku peysurnar mínar, hvort sem það eru íslenskar lopapeysur eða annars konar peysur sem ég kom með frá París á vordögum hingað á Frönsku Rivíeruna. Annaðhvort eru þetta gjafir og því alltof tilfinningalega tengdar við viðkomandi prjónakonu eða of fínar til að láta af hendi. Hér er hins vegar ekki hægt að tala um raunverulegan vetur nema þá ef farið er á skíði í Ölpunum sem eru í eins og hálfs tíma fjarlægð. Og þá þarf að læra að skíða!

*bergb75@free.fr*



Nám í fatahönnun verður meðal annars kynnt á Opnum degi á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kynning á starfi LHÍ

**Áhugafólki um tísku gefst kostur á að kynna sér nám í fatahönnun við Listaháskóla Íslands um helgina en skólinn opnar dyr sínar fyrir gestum og gangandi á laugardaginn.**

Fatahönnunarnemar við LHÍ munu meðal annars sýna fatnað, tískuteikningar og upptökur af tískusýningum á Opnum degi skólans á laugardaginn en allar deildir skólans verða kynntar. Bæði nemendur og kennarar verða til viðtals um fjölbreytta starfsemi skólans og gefst gestum tækifæri til að fletta í gegnum inntökumöppur nemenda.

Opni dagurinn verður haldinn í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91 milli klukkan 11 og 16 á laugardaginn. Dagskrána er að finna á vefsíðu skólans, www.lhi.is




Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
Stutt og strangt
S&S stutt og strangt
Skráning alltaf í gangi í síma 581 3730!

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

**Komdu þér í gang!**
- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 6 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

**Verð aðeins kr. 12.000.**
**Barnagæsla - Leikland JSB**
**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





NÝTT! Gyða með HotYoga

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
HotYoga
HOT YOGA
Síðustu námskeið fyrir jól innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Farið í gegnum röð af yogastöðum í heitum sal.
Teygjanleiki vöðvanna aukinn, mikill sviti og vellíðan.

6 vikna námskeið - Þriðjudaga kl 18:30 og föstudaga kl 16:30.
Kennari: Gyða Kristinsdóttir.
**Verð kr. 14.900.**

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
TT námskeið
Viltu ná kjörþyngd og komast í form?
Síðustu námskeið fyrir jól
innritun á fullu í síma 5813730

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

*TT-námskeið hefjast 20. nóvember*

| TT tímar í boði: | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | | Örfá pláss laus |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | | Laus pláss |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun | Örfá pláss laus |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | | Örfá pláss laus |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun | Örfá pláss laus |
| 17:40 | I | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun | Laus pláss |
| 18:40 | J | mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25 | | Laus pláss |
| 18:25 | TT3 | mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára) | | Laus pláss |

**Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 20. nóvember kl. 16:30**
15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun





EXTRA 4X3 miðjuþjálfun og læri
EXTRA 4x3 miðjuþjálfun og læri
Síðustu námskeið fyrir jól innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

**Nýtt 12 tíma námskeið, EXTRA 4x3 í 40 mínútur**
3x í viku í heitum sal - *Mitti, mjaðmir, magi og handleggir*
**12:10** mánud/Sara, miðvikud/María, föstud/Guðný

1x í viku í tækjasal: Hákeyrslu brennsla!
**12:10** fimmtud/Fanney

**Einungis 18 konur komast að á hvert námskeið**
**Verð aðeins: 12.900.-**
**Tilboð til korthafa JSB: 9.900.-**
**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## Málarar

**Þarf að mála ?**
Málari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 773 0317.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald










Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**Topp Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar




**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu









Öflugur öryggisskápur til sölu með tveimur hillum og tveimur læstum hólfum. Skápurinn er með tvöfaldri læsingu og 60 mín eldvörn. h. 110 cm, b. 70 cm og d. 69 cm. þyngd 1085 kg. Verð 390.000 kr. m/vsk. Nánari upplýsingar fást hjá Optima í síma 588-9000




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

Óska eftir þurkara, þvottavél og einnig Toyotu má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 867 8237

Digital 8mm video upptökuvél sem getur spilað high 8 og standard 8 videospólur - pal uppl. s. 771-7883 eða 774-6963

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Til sölu HAAS TL 2 tölvu rennibekkur ... Til sölu ónotaður HAAS TL 2 tölvu rennibekkur, 18" swing, 1.60 á milli odda. Renniverkstæði Árna, s. 892 7572

## Verslun



Kápur og jakkar á 30% afslætti.
Full búð af nýjum vörum.
Verslunin Emilía
Bláu húsin Faxafeni.
s: 588-9925. emilia.is



**BÍLL DAGSINS**

**HONDA JAZZ COMFORT 1.4I**
Nýskráður 6/2010, ekinn 35 þ.km. bensín, 5 gírar.

**Bíll dagsins kr. 2.290.000**



HONDA
**CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 10/2007, ekinn 48 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.790.000**



HONDA
**CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 10/2007, ekinn 77 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.750.000**



HONDA
**CIVIC ES**
Nýskráður 3/2010, ekinn 38 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**



NISSAN
**PATROL ELEGANCE**
Nýskráður 4/2004, ekinn 104 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.950.000**



MAZDA
**MPV ES**
Nýskráður 8/2005, ekinn 106 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



HONDA
**ACCORD SPECIAL EDITION**
Nýskráður 12/2007, ekinn 110 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**



HONDA
**ACCORD TOURER SPORT**
Nýskráður 12/2005, ekinn 76 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.250.000**



HYUNDAI
**i30 CLASSIC 1.4**
Nýskráður 3/2010, ekinn 39 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.990.000**



TOYOTA
**COROLLA 1.4 DISEL**
Nýskráður 10/2006, ekinn 62 þ.km, dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 1.860.000**



VOLVO
**V50 2.4**
Nýskráður 3/2005, ekinn 76 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



FORD
**ESCAPE LIMITED 4X4 4DR**
Nýskráður 11/2005, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.780.000**



PEUGEOT
**107 TRENDY**
Nýskráður 6/2006, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**



SKODA
**FABIA COMBI COMFORT**
Nýskráður 11/2001, ekinn 119 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 540.000**



OPEL
**VECTRA-B**
Nýskráður 4/2000, ekinn 141 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 480.000**



TOYOTA
**COROLLA L/B TERRA 1.3**
Nýskráður 5/1998, ekinn 191 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 480.000**
**Tilboð kr. 380.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

7 rósir 990 kr.
Dalía
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

## HEILSA

### Heilsuvörur

Breyttu um lífstíl með Heilsuvörunum frá LR Hafðu pH gildið rétt með ProBalance. 400 cal. ein máltíðin af Figuactiv. Sími 773 21 13 Bjarki




Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is

Rannveig s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

### Snyrting




**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu, tví og þrílitir. S. 896 9478 Gunnar.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi, þvottahúsi, Stöð 2 og Sport. Uppl. í s. 893 2385.

95 fm til leigu á 4 hæð í Safamýri. Einnig til leigu 75 fm í Dalseli. Báðar íbúðir leigjast frá 1. des. S. 775 1231, Jiam Wang.

### Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

### Gisting



**Dekurhelgi í Stykkishólmi!**
Lúxusgisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsibúðir.is

Costa Brava, Playa de aro, laust í vetur, 100.000 mánuðurinn. www.starplus.is & www.starplus.info

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Viltu vinna þér inn auka tekjur ?**
**Avon snyrtivörur leita eftir sölukonum um land allt. Góðir tekjumöguleikar í boði fyrir rétta fólkið. Vandaðar vörur á viðráðanlegu verði. Áhugasamir hafið samband í síma 577-2150 eða sendið póst á netfangið anna@avon.is www.avon.is Act ehf Dalvegur 16 b**

**Hlöllabátar Ingólfstorgi**
**Óskum eftir starfsfólki í helgar og kvöldvinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast sækið um á www.hlollabatar.is eða á staðnum.**

**KAFFI MILANO FAXAFENI 11**
Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf. Uppl. á netfang milano@internet.is

Ný opnað kaffihús óskar eftir að ráða heldri strafskraft í bakstur, smurbrauð, frágang og annað tilfallandi. Uppl 663 5770

### Námskeið

# AutoCAD electrical

IÐAN fræðslusetur er ATC
(Authorized Training Center) fyrir Autodesk hugbúnað



Sigurgeir Þorleifsson

IÐAN fræðslusetur mun standa að fjögurra daga námskeiði í notkun AutoCAD Electrical (ACADE) í Reykjavík dagana 2.,3. og 9.,10 desember. Kennari á námskeiðinu verður Sigurgeir Þorleifsson rafmagnstæknifræðingur hjá Verkís hf. Sigurgeir hefur margra ára reynslu af rafmagnshönnun og hefur bæði kynnt sér og nýtt kosti ACADE í nokkur ár.

Dagar 1 og 2

- Yfirferð/skýringar á uppbyggingu forrits
- Viðmót
- Stillingar og uppsetning og stöðlun
- Verkefnastjórn
- Rafmagnsteikning
- Innsetning tákna
- Aðferðir til breytingar/afritunar
- Skýrslur, listar og skrár
- Útlitsmyndir

Dagar 3 og 4

- Gerð raf-tákna og vistun í gagnagrunni
- Gerð útlits-tákna og vistun í gagnagrunni
- Skipulag og vistun v/eigin tákna
- Skipulag tenginúmera í gagnagrunni
- Notkun og gerð iðntölvu-tákna
- Einlínuteikningar
- P I & D teikningar






IÐAN fræðslusetur
Málm- og véltæknisvið

Skráning á www.idan.is — tölvustudd hönnun
Sími: 5906400
www.idan.is

### Þjónusta

**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**



## Útboð

Kópavogsbær

# ÚTBOÐ
## ENDURSKOÐUN

**Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í endurskoðun á ársreikningum bæjarsjóðs Kópavogs og stofnana hans fyrir árin 2011 og 2012.**

Í verkinu felst að endurskoða ársreikninga eftirfarandi stofnana:

**A hluti:** Aðalsjóður, eignasjóður, þjónustumiðstöð og byggingarsjóður MK.
**B hluti:** Vatnsveita, fráveita, rekstur félagslegra íbúða, Hafnarsjóður og Salurinn.
**Einkahlutafélög:** Vatni ehf, Fjarskiptafélagið Rjúpnahæð ehf og Músik og Saga ehf.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5.000 frá og með kl. 13:00 fimmtudaginn 10. nóvember 2011 í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2 (1. hæð).

Tilboðum skal skila fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 30. nóvember 2011 til þjónustuvers Kópavogs, Fannborg 2 (1. hæð).

Kópavogsbær.

## Fasteignir

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### Hulduland 18 - Raðhús
**Opið hús í dag á milli 17 og 17.30**




Mjög gott ca. 200 fm. raðhús með bílskúr á þessum skemmtilega stað í Fossvoginum. Gott ástand á húsinu. Verð 49.9 millj.
**Óskar og Guðjón sýna húsið í dag, fimmtudag, á milli 17 og 17.30. Uppl. í síma 822-8750.**

## Til leigu

# TIL LEIGU



## SKÓGARHLÍÐ 12

**Villt þú hafa fyrirtækið þitt staðsett á besta stað í borginni í fagmannlegu umhverfi?**
Höfum til leigu skrifstofuhúsnæði á jarðhæð, 200 - 550 m² og á 3. hæð 90 m².
**Gott aðgengi og næg bílastæði**
Mikil þjónusta til staðar í húsinu: mótaka, símsvörun, mötuneyti svo eitthvað sé nefnt.
**Allar nánari upplýsingar veitir:**
Trausti Ágústson í síma: 618 5200 eða netfang: trausti@landhelgi.is

LANDHELGI Fasteignasala
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 527 1040
www.landhelgi.is


Trausti Ágústson
Söluráðgjafi


Ólafur Kristinsson
Hdl og Lögg.fasteignasali

## Til sölu




Hugna ehf býður upp á öryggiskerfi og myndavélar í miklu úrvali



Komdu á Dalveg 16b og skoðaðu möguleikana



Þitt eigið kerfi engin áskrift.

Hugna.is
Dalvegi 16b
sími 554 2727
www.hugna.is

## Tilkynningar

MYNDSTEF ÍSLANDS MYNDHÖFUNDASJÓÐUR

### Tilkynning um ósóttar höfundagreiðslur til Myndstefs

Vakin er athygli myndhöfunda á því að í vörslu Myndstefs eru greiðslur sem ekki hefur reynst unnt að koma til viðkomandi höfunda. Á heimasíðu samtakanna **www.myndstef.is** er listi yfir þessa höfunda. Því er beint til hlutaðeigandi myndhöfunda eða erfingja þeirra að þeir hafi samband við skrifstofu Myndstefs sem fyrst og eigi síðar en **5. desember n.k.**

Stjórn Myndstefs

Sveitarfélagið ÁRBORG

Skipulags- og byggingardeild

**Auglýsing**
**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi af landi Skipa land nr. 165566 í Sveitarfélaginu Árborg.
Um er að ræða deiliskipulag á sumarhúsalóðum sem teknar eru út úr jörðinni Skipum Lnr. 165566 Stokkseyri. Stærð sumarhúsalóðana er 1,08 ha og 1,00 ha.
Aðkoma að lóðunnum er um aðkomuveginn að Skipum og gegnum bæjarhlaðið.
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sumarhúsi allt að 150 m2 og geymslum/gestahúss allt að 40 m2
Teikning og greinargerð, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda – og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 10. nóvember til og með 22. desember 2011.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út **22. desember 2011** og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

Selfossi, 8. nóvember 2011.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

## Atvinna

# STARFSFÓLK ÓSKAST

# VAKTAVINNA

umsokn@vidir.is

VÍÐIR

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFA HANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:
JÓLALJÓSIN,
KÖKUR OG SÆTINDI,
SKRAUT OG FÖNDUR,
MATUR OG BORÐHALD
JÓLASIÐUR OG VENJUR

**Bókið auglýsingar tímanlega:**
Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429 , gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is



FLEIRI OPNUNARTILBOÐ!
ASUS
Asus K53U-SX083V
• 15,6" WideScreen skjár
• 4GB minni (stækkanl. í 8GB)
• Dual Core örgjörvi
• AMD Radeon HD6310 skjákort
69.990
VERÐ ÁÐUR
89.990
20.000 kr. AFSLÁTTUR
Logitech
Logitech Harmony 300
• Margar fjarstýringar í einni
• Getur stýrt 4 tækjum
• Auðveld uppsetning
• Styður 250.000 tæki
2.990
VERÐ ÁÐUR
6.990
57% AFSLÁTTUR
ÓTRÚLEG SKERPA
PHILIPS
Philips 273E3LSB
• 27" LED háskerpu skjár
• Skerpa 20.000.000:1
• Smart Image Lite skynjari
• Frábær litadýpt
49.990
VERÐ ÁÐUR
59.990
MANHATTAN
Manhattan London
• Fartölvutaska fyrir 15,6"
• Stór hliðarvasi
• Axlaról sem má fjarlægja
• Stílhrein og góð taska
990
VERÐ ÁÐUR
4.990
80% AFSLÁTTUR
A.C.Ryan
AC Ryan Playon!HD
• Hágæða sjónvarpsflakkari
• Háskerpu spilun í 1080p
• Hægt að nota sem NAS
• Góðir tengimöguleikar
19.990
VERÐ ÁÐUR
29.990
34% AFSLÁTTUR
SAMSUNG
ML-1670/ML-1675
• Hagkvæmur í rekstri
• 16 A4 bls. á mín.
• Upplausn (1200x600 dpi)
• Nettur á borði
7.990
VERÐ ÁÐUR
9.990
LASER PRENTARI
tl.is
TÖLVU LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
SUÐURLANDSBRAUT 26
2. HÆÐ
FLUTTIR ÚR NÓATÚNI 17

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** þvogl, **6.** í röð, **8.** hamfletta, **9.** tækifæri, **11.** samanburðarteng., **12.** högni, **14.** ofanálag, **16.** tveir eins, **17.** slunginn, **18.** beita, **20.** bókstafur, **21.** samstæða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** frá, **4.** fugl, **5.** blessun, **7.** barningur, **10.** hlaup, **13.** gras, **15.** felldi tár, **16.** fjör, **19.** rykkorn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** babl, **6.** áb, **8.** flá, **9.** lag, **11.** en, **12.** fress, **14.** álegg, **16.** tt, **17.** fær, **18.** áta, **20.** sé, **21.** para.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** af, **4.** blesgæs, **5.** lán, **7.** barátta, **10.** gel, **13.** sef, **15.** grét, **16.** táp, **19.** ar.




**Bryndís Ólafsdóttir**
er sterkasta kona Íslands.



FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Súperman

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Sonur minn fimm ára laumaði sér eina nóttina upp í rúm foreldranna. Við vöknuðum svo um morguninn við að drengurinn tautaði: „Ég vildi að pabbi væri ofurhetja.“ Mamma hans, sem er jafnan snögg til, svaraði að bragði: „Hann er ofurhetja.“ Þá hló drengurinn og foreldrar hans með honum. Hann skildi þessa kúrsleiðréttingu og meiningu móðurinnar og svaraði glaður: „Það er alveg rétt, mamma mín.“ Svo ræddum við um hvað mamma og pabbi gera börnum sínum til gagns. Þar með var fyrirbærið ofurhetja sett í samhengi við fólk og líf og drengurinn lærir hvað er hvað og til hvers.

**SÚPERMAN,** Batman, Spiderman – af hverju? Þegar á bjátar í samfélögum fólks þrá menn lausn – af hvaða tagi sem hún er. Í kreppum síðustu áratuga hafa sprottið fram flokkar ofurhetja í tímaritum og kvikmyndum. Það er samhengi milli kreppu og viðbragða, stríða og andlegrar leitar. Ofurhetjurnar tjá óskir fólks um, að vandi þeirra og þjóða verði leystur. Þegar stjórnmálin klúðrast, fjármálakúnstir takast illa og tæknilausnir reynast tál þarfnast fólk samt lausn sinna mála. Því heilla ofurhetjurnar. Draumaverksmiðjurnar í Ameríku hafa framleitt ofurhetjumyndir í stórum stíl síðasta áratuginn. Spenna í menningu, stjórnmálum, efnahagsmálum, óreiða í samskiptum þjóða og óljós framtíð reynir ekki aðeins á yfirborð og samskipti heldur gruggar upp menningu og tilfinningar fólks.

**FÓLK** á öllum öldum og öllum aldri hefur leitað að viðmiðum. Íkonar og helgimyndir eru fyrirmyndir lífsins. Íþróttahetjurnar gegna veigamiklu uppeldishlutverki. Því skiptir máli, að þær verði hvorki apar né trúaðar í einkalífinu. Svo eru ofurhetjurnar. Hvað þýðir Ben Ten, Harry Potter og allt þetta skrautlega hetjugallerí? Við foreldrar erum þrábeðin eða jafnvel grátbeðin um búninga, Batman-skykkjur, Ninjuföt, Súperman-merki, Spiderman-grímur og svo ætti að vera markaður fyrir Mjölni eftir velheppnaða kvikmynd um Þór.

**OFURHETJURNAR** eru skemmtilegar, en leysa ekki lífsgátuna. Á okkur foreldrum hvílir skylda að skoða hvort efnið henti börnunum, hvort ofbeldið sé óttavekjandi og úr takti við þroska eða skilningsmöguleika barnanna. Já, hlutverk okkar er að skýra mun á réttu og röngu, segja ævintýri, vera öflugar fyrirmyndir, skilja stöðu íþróttahetjunnar, ofurmennisins og hins guðlega til að gefa súpervirkum barnaheilum viðfangsefni við að flokka og læra af. Ein mikilvægasta lífskúnstin er að læra vel hlutverk lífsins og skilja þau. Og smættum hvorki né oftúlkum þau hlutverkin. Að geta börn er gleðimál – að ala upp börn er ævintýri lífsins.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM






ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISLYKLUM

**AÐEINS Í 3 DAGA**

Eitt mesta úrval landsins af minnislyklum og í 3 daga með allt að 50% afslætti

**10-50%**

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**ENCORE SPILARI**

Nettur USB sjónvarpsflakkari með glæsilegri fjarstýringu og innbyggðum kortalesara

**4.990**

SJÓNVARPSFLAKKARI

NÝTT VAR AÐ LENDA FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



**24" LED SKJÁR**

Glæsilegur 24" LED skjár frá BENQ með 12 milljón:1 í skerpu og á ótrúlegu tilboði

**34.900**

BENQ GL2450 LED SKJÁR

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **HÚMOR ÚR NORÐRI** er þema norrænnar bókasafnsviku sem hefst í Norræna húsinu á morgun. Dagskrá vikunnar hefst með norrænu uppistandi klukkan átta annað kvöld. Aðrir viðburðir á dagskrá eru til dæmis hláturjóga, kvikmyndasýning, sögustund fyrir börn og margt fleira.

## Perlur í Gerðubergi

Sýning Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur, Perlur, verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á laugardag.

Sýning Magdalenu er um konur, segir í fréttatilkynningu. „Myndefnið hennar er skáldskapur í bland við veruleika og fjallar hún oftast um kvenlíkamann á hinum ýmsu stigum frá barnæsku til hinstu stundar. Sýningarheitið vísar í ritið Perlur sem gefið var út árið 1930 og kemur þar fyrir eftirfarandi fróðleikur; „Leikfimi fyrir konur skal vera kvenleg“ og er hugmyndin að sýningunni runnin frá þessum orðum.“ Magdalena Margrét vinnur með grafískri tækni, tré- og dúkristur og handþrykki á japanskan pappír. Hún lauk námi frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1984 og hefur sýnt víða síðan.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

02.11.11 - 08.11.11



**1** Einvígið
Arnaldur Indriðason



**2** Gamlinginn sem skreið út... kilja - Jonas Jonasson



**3** Ný náttúra - myndir frá Íslandi - Ýmsir höfundar



**4** Holl ráð Hugos
Hugo Þórisson



**5** Húshjálpin - kilja
Kathryn Stockett



**6** Hjartsláttur
Ragnheiður Gestsdóttir



**7** Konan við 1000°
Hallgrímur Helgason



**8** Hjarta mannsins
Jón Kalman Stefánsson



**9** Eldum íslenskt með kokkalandsliðinu - Kokkalandsliðið



**10** Lygarinn
Óttar M. Norðfjörð

SAMKVÆMT BÓKSÖLU
Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**RAGNA SIGURÐARDÓTTIR** Bónusstelpan er nýjasta skáldsaga Rögnu Sigurðardóttur, sem síðast gaf út Hið fullkomna landslag. Það er væntanlegt á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gjörningur í Bónusverslun vindur upp á sig

**Fimmta skáldsaga Rögnu Sigurðardóttur, Bónusstelpan, kom út á dögunum. Ragna segir hugmyndina að sögunni hafa kviknað í Bónus fyrir nokkrum árum.**

„Bónusstelpan er samtímasaga eins og allar mínar bækur. Hún segir frá ungri konu, Diljá, sem er að fara að útskrifast úr Listaháskólanum. Hún fær þá hugmynd að útskriftarverkefni að gerast kassadama í Bónus í þrjár vikur, þann tíma sem útskriftarsýningin stendur yfir, og sýna frá þessum gjörningi beint. Hún litar hárið á sér bleikt og hefst handa en fljótlega kemst sá kvittur á kreik að hún lækni fólk af sjúkdómum, framkvæmi kraftaverk.“

Diljá er lífleg, hvatvís og orkumikil kona, henni er lýst þannig að hún geti varla verið kyrr stundarkorn. Segja má að bókin taki mið af Diljá, frásögnin flæðir áfram af miklum krafti. „Þannig er hún svolítið eins og Diljá og fangar vonandi lesandann um leið. Mig langaði að skrifa bók sem væri þannig uppbyggð að lesandi gæti vart lagt hana frá sér eftir að hafa tekið sér hana í hönd,“ segir Ragna. Diljá á yngri systur, Telmu, en samband þeirra er einn meginþráða bókarinnar. Í gegnum hana kynnist Diljá svo Hafliða, manni sem er eldri og lífsreyndari en hún en líka allt öðruvísi karakter, rólegur, hægur og gamaldags. Diljá og Hafliða má sjá sem fulltrúa ólíkra kynslóða Íslendinga:

„Diljá er að mörgu leyti dæmigerð fyrir Íslendinga, veður í hlutina án þess endilega að hugsa þá til enda. Hún á afmæli sama ár og Bónus var sett á laggirnar og það eru líkindi með henni og framgangi fyrirtækisins, þar sem gengið var fram af kannski meira kappi en forsjá,“ segir Ragna.

Það er því við hæfi að hugmyndin að sögunni kviknaði einmitt í Bónus.„Ég fékk hugmyndina í Bónus árið 2006, það stafaði eitthvað svo gott af afgreiðslustúlkunni á kassanum og ég fór að hugsa um það hvað myndi gerast ef kona á kassa í matvöruverslun gæti gert kraftaverk. Upphaflega átti bókin að fjalla um fátækt á Íslandi, sem var ekki mikið til umfjöllunar í góðærinu. Eftir hrunið langaði mig ekki til þess að skrifa um fátækt og þannig þróaðist hugmyndin að Bónusstelpunni,“ segir Ragna, sem var hvergi bangin við að gera Bónus að sögusviði skáldsögu. „Bónus er tákn fyrir hversdagsleikann í hugum margra, það að fara í Bónus er samofið öðrum skyldustörfum. Allir eiga sitt svæði í hversdagsleikanum og þar getur líka allt gerst.“

> Diljá er að mörgu leyti dæmigerð fyrir Íslendinga, veður í hlutina án þess endilega að hugsa þá til enda.
>
> **RAGNA SIGURÐARDÓTTIR**
> RITHÖFUNDUR

Í verkinu fer fólk að flykkjast í verslunina í von um kraftaverk. Ragna segir forvitnilegt að velta fyrir sér hversu langt fólk er tilbúið til þess að ganga í von um hjálp. „Fólk leitar lausna sinna vandamála með margvíslegum hætti, og ef það þarf að mæta á kassa í Bónus þá lætur það verða af því,“ segir Ragna og bendir á að trúin á huglækningar eigi sér mikla hefð hér á landi.

„En bókin er kannski fyrst og fremst ákall til þess að láta vaða, óður til sköpunarkraftsins. Ætlunin var að skrifa bók sem hægt væri að lesa á tveimur plönum. Annars vegar söguna sjálfa og allt sem í henni gerist en inn í frásögnina af Diljá, kraftaverkunum, Hafliða og Telmu fléttast sögur af fleira fólki. Svo þegar lesandinn hefði lagt söguna frá sér þá gæti hann sett hana í samhengi við tímana sem við lifum á. Vonandi hefur það tekist.“

Bónusstelpan er fimmta skáldsaga Rögnu en fyrir tveimur árum kom út eftir hana Hið fullkomna landslag. Áður leið lengra á milli bóka hennar en Ragna segist hafa tekið þá ákvörðun um aldamótin að einbeita sér enn frekar að skriftum. „Ég var að velta fyrir mér fræðimennsku, enda hef ég verið í listfræðinámi með hléum. En ég tók svo þessa ákvörðun og sit við skriftir á hverjum degi. Annars verður ekki til bók.“ Þess má geta að Hið fullkomna landslag er væntanleg á ensku. „Útgáfurétturinn hefur verið seldur til Amazon-Crossing sem er dótturfyrirtæki Amazon, en fulltrúar þess komu hingað á Bókmenntahátíð í Reykjavík í september. Síðan var gengið endanlega frá samningum á Bókamessunni í Frankfurt.“

sigridur@frettabladid.is




Beosound 3



Beosound 8



A8 Heyrnatól

## DRAUMAR RÆTAST...

Hvort sem þú ert að leita að hljómflutningstæki, sjónvarpi eða síma, þá erum við með lausnina fyrir þig. Komdu til okkar og láttu drauminn rætast.

**Beosound 3**
Beosound 3 er ferðaútvarp og stafrænn tónlistarspilari. Hleðslurafhlaða Beosound 3 endist í allt að 10 tíma, sem gerir þér kleift að spila tónlistina þína hvar og hvenær sem er. Verð 145.500 kr.

**Beosound 8**
Beosound 8 er hljómflutningstæki fyrir Iphone, Ipod eða Ipad tækið þitt. Einnig er hægt að nota Beosound 8 sem hátalara fyrir tölvuna þína. Kristaltær hljómur og tímalaus hönnun. Veggfesting og fjarstýring fylgir. Verð 195.000 kr.

**A8 Heyrnatól**
A8 Heyrnatólin eru hönnuð til að passa á þig, um leið flytja þau þér tært og ómengað hljóð. Komdu við í verslun okkar og uppfærðu ipod spilarann þinn með A8 heyrnatólunum, þú sérð ekki eftir því. Verð 24.500 kr. Fæst í fjölbreyttum litum.

# BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík
Sími 581 1100 , reykjavik@beostores.com
www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga



**NÝJAR MYNDIR** Myndir Soffíu eru frá þessu ári.

# Stórbrotið en brothætt

**Soffía Sæmundsdóttir opnar einkasýningu á nýjum verkum í Baksal Gallerí Foldar á laugardag klukkan 15.**

**Soffía hélt fyrstu einkasýningu sína í Baksal Gallerí Foldar fyrir fimmtán árum og kallast þessi sýning að einhverju leyti á við þau viðfangsefni sem þá lágu henni á hjarta. Í fréttatilkynningu segir Soffía um sýninguna: „Ég vil vekja tilfinningu fyrir einhverju stórbrotnu en jafnframt ofurlítið brothættu. Manneskjurnar í myndunum sem ég kalla ferðalanga, halda ferð sinni áfram í forundran yfir stærð veraldarinnar og óendanleika og smæð mannsins í því samhengi.“**



**SOFFÍA SÆMUNDSDÓTTIR**

**Myndirnar eru málaðar með olíu á tré og striga og eru frá þessu ári. Soffía hefur verið virk á íslenskum myndlistarvettvangi undanfarinn áratug og haldið fjölmargar einka- og samsýningar. Hún hefur hlotið margvíslega viðurkenningar fyrir verk sín sem eru í eigu fjölda opinberra stofnana og einstaklinga.**




# 130 bækur útgefnar á einu ári

**Guðrún Kristín Magnúsdóttir rithöfundur ákvað fyrir ári síðan að ráðast í víðtæka bókaútgáfu. Ári síðar eru 130 bækur hennar og sonar hennar aðgengilegar í Amazon-vefversluninni. Hugsjón réði ferð Guðrúnar sem vill að sem flestir hafi ráð á því að kaupa bækur.**

Við fáum ekkert fyrir okkar snúð, fólk greiðir fyrir prentunina og svo sendingarkostnað,“ segir Guðrún Kristín Magnúsdóttir rithöfundur, sem hefur verið stórtæk í útgáfu barnabóka undanfarið. Guðrún Kristín hefur lengi fengist við ritstörf, gefið út barnabækur og skrifað leikrit og ljóð.

Barnabækurnar eru þó langmest áberandi á hennar ritaskrá og nú eru 130 bóka hennar fáanlegar á nýjan leik í gegnum Amazon-netverslunina.

Barnabækur Guðrúnar Kristínar er af fjölbreyttum toga, í sumum koma kettir, hestar eða geimverur fyrir. „Þarna eru ýmsar verðlaunasögur. Þarna eru til dæmis fjölmargar bækur um köttinn Hannes sem henta börnum frá unga aldri.“ Guðrún Kristín hefur líka ráðist í að koma hinni fornu norrænu speki í búning fyrir börn. „Óðsmálin fjalla um vitundarvísindi forfeðra okkar, sem eru mikil og djúp þó að margir hafi verið tilbúnir til að misskilja þau í gegnum tíðina,“ segir Guðrún Kristín sem hefur skrifað alls 40 bækur um Óðsmálin fyrir krakka. Margir muna einnig eftir bókum sonar hennar um geimveruna Tak sem var lengi fastagestur í Stundinni okkar en þær bækur hafa allar verið gefnar út á nýjan leik.

Bækurnar kosta frá 400 krónum en við bætist sendingarkostnaður. „Það er auðvitað hagstæðara að kaupa fleiri en eina bók,“ segir Guðrún Kristín að lokum.

Eins og áður sagði er hægt að nálgast bækur Guðrúnar á vef Amazon-bókaverslunarinnar. Þar fyrir utan þá er hægt að skoða höfundarverk hennar á www.mmedia.is/odmal.

sigridur@frettabladid.is



**GUÐRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR** Hefur skrifað fjölmargar bækur fyrir börn sem eru nú aðgengilegar á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## GEIMVERAN TAK

Margir muna eftir geimverunni Tak sem var fastagestur í Stundinni okkar undir lok áttunda áratugarins. Tak er hugsmíð sonar Guðrúnar Kristínar, Hjalta Bjarnasonar, sem teiknaði allar myndirnar í bækurnar og samdi með aðstoð móður sinnar. Hjalti var á aldrinum fimm til tíu ára þegar hann fékkst við sögurnar um Tak. Samnefndar bækur eru líkt og aðrar bækur Freyjukatta fáanlegur í vefbókabúðinni Amazon.







# Málshættir í mynd

Á laugardaginn opnar í Gerðubergi ljósmyndasýningin Málshættir í fókus, þar sem 29 áhugaljósmyndarar sýna fjölbreytileg verk.

„Þetta er í raun og veru mjög fjölbreytileg sýning. Það var engin sía, allir máttu vera með, þannig að myndirnar eru bæði eftir byrjendur og lengra komna. Þetta kemur mjög vel út,“ segir Þorsteinn Narfason, sem situr í sýningarnefnd Fókuss, félags áhugaljósmyndara. Félagið stendur fyrir sýningunni Málshættir í fókus, sem verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á laugardaginn. Alls taka 29 ljósmyndarar þátt í sýningunni, um þriðjungur félagsmanna.

Þema sýningarinnar er málshættir, en ljósmyndirnar eiga það sammerkt að túlka íslenska málshætti. Þorsteinn á sjálfur verk á sýningunni, ljósmynd sem tekin var á Gay Pride í sumar af tveimur glaðværum draggdrottningum. Þannig túlkaði hann málsháttinn maður er manns gaman. Aðrir málshættir sem félagsmenn túlka með myndavélum sínum eru meðal annars þeir fiska sem róa, margar hendur vinna létt verk og fold skal við flóði taka.

Frá því að Fókus varð til árið 1999 hefur félagið staðið fyrir 22 ljósmyndasýningum. Félagið er opið öllum áhugamönnum um ljósmyndun. Markmið þess er að skapa vettvang fyrir félagsmenn til að sinna áhugamálinu. Það er meðal annars gert með því að skipuleggja ljósmyndaferðir, halda samkeppnir og fræðsluerindi um ljósmyndun. Einnig eru reglulegir fundir þar sem félagar hittast og ræða saman um þetta sameiginlega áhugamál.

Á heimasíðu félagsins, fokusfelag.is, má skoða úrval ljósmynda eftir félagsmenn.

Sýningin stendur til 8. janúar og er opin virka daga frá klukkan 11 til 17 og 13 til 16 um helgar.

- hhs



**KALT ER KATTAR GAMNIÐ** Vanir jafnt sem óvanir ljósmyndarar eiga verk á sýningunni Málshættir í fókus, sem verður opnuð í Gerðubergi á laugardaginn. MYND/EYDÍS EYJÓLFSDÓTTIR




# Spænsk stemning á Næsta bar

„Hver einasti Spánverji þekkir eitthvað til Joaquín Sabina, sem er að mínu mati stórkostlegur tónlistarmaður,“ segir spænskukennarinn, leiðsögumaðurinn og gítarleikarinn Júlíus Hjörleifsson, sem ásamt Pétri Valgarði Péturssyni myndar gítardúettinn Los Bíldalayos.

Næstu tvö föstudagskvöld munu þeir félagar, ásamt söngkonunni Maríu Björgu Kristjánsdóttur, halda tónleika á Næsta bar. Þau ætla að flytja sönglög eftir Sabina, auk þess sem Júlíus mun spjalla um tónlistarmanninn og lífshlaup hans.

Júlíus hefur lengi verið aðdáandi Sabina, en fór að spila lögin hans fyrir áheyrendur í starfi sínu sem leiðsögumaður. „Ég tek gítarinn yfirleitt með í ferðir og hef gaman af því að taka eina kvöldstund í að syngja og spila á gítar,“ segir Júlíus og bætir við að margir Spánverjar þekki lögin og syngi með, að minnsta kosti í viðlögunum. Oft komi þeim á óvart að heyra Júlíus taka lög eftir Sabina. „Það kemur fólki helst á óvart að maður hafi lagt það á sig að læra textana. Sabina er mjög erfiður, textarnir hans eru svolítið absúrd og í þeim virðist í fyrstu ekkert sjáanlegt samhengi. Þetta er ákveðin áskorun. Ég ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með þessu.“

Á milli laga ætlar Júlíus að segja sögur af samskiptum Íslendinga og Spánverja í gegnum tíðina.



**LOS BÍLDALAYOS** Pétur Valgarð Pétursson, Júlíus Hjörleifsson og María Björg Kristjánsdóttir æfa á Næsta bar fyrir tónleikana sem fram undan eru næstu tvö föstudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir meðal annars sögur af Böskunum og hinum hrikalegu Spánverjavígum. Þá mun saltfiskútflutning og rauðvínsinnflutning bera á góma og síðast en ekki síst sólarlandaferðir Íslendinga.

Í tilefni af tónleikunum verða framreiddir tapasréttir á Næsta bar þessi tvö föstudagskvöld. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur ef borgað er með peningum en 1.500 ef borgað er með korti. Dagskráin hefst klukkan 21.

- hhs

HÚN ER LOKSINS KOMIN!

# RISA

## BRANDARABÓK ANDRÉSAR!

BÚIN TIL AF LESENDUM ANDRÉSAR!

Hún er hnausþykk og sjúklega fyndin brandarabók
sem fær þig til að bilast úr hlátri!
Náðu þér í eintak núna í næstu verslun!

YFIR 1000 BRANDARAR
288 BLAÐSÍÐUR




©Disney

Disney
ANDRÉS ÖND
WWW.ANDRESÖND.IS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FIMMTUDAGUR: OPNUM KLUKKAN ELLEFU FIM




1998 KR. PK.

**ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR**




259 KR. STK.

**ÞVOTTAMÝKIR 750 ML**




259 KR. 650ML

**UPPÞVOTTALÖGUR**




98 KR. 180 G

**GRÆNT PESTÓ**
BEST FYRIR JAN 2012




**GOUDAOSTUR 26%**
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG



129 KR. STK.

BÓNUS **NÝBAKAÐ BAGUTTE**




298 KR. 500 G

**DOLMIO SPAGHETTISÓSUR**



SPAGHETTI BOLOGNESI
Ósvikna Ítalska uppskrift finnur þú á heimasíðunni bonus.is/uppskriftir: Spaghetti Bolognese




249 KR. 1 KG.

1 KG. **BARILLA SPAGHETTI**

NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla




1198 KR. KG

**FERSKT 100% NAUTAHAKK**




1598 KR. KG

**FERSKT NAUTAGÚLLAS**




598 KR. PK

**FJÓRIR NAUTABORGARAR 80G MEÐ BRAUÐI**




1898 KR. KG

**FERSK NAUTAPIPARSTEIK**




1598 KR. KG

**FERSKT NAUTASNITSEL**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**MTUDAGUR: OPNUM KLUKKAN ELLEFU**




**ROBIN CLEMENTÍNUR 2.3 KG. KASSI 798 KR.**



398 KR. KG.

BEINT FRÁ NÝJA SJÁLANDI **LÍFRÆN EPLI**



398 KR. PK.

700 GRÖMM PÖKKUÐ **HONEY EPLI**




398 KR. PK

1.3 KG. AMERÍSK **MACHINTOSH EPLI**



195 KR. KG.

**PAKKAÐAR APPELSÍNUR**






598 KR. 1 KG

1 KG. FRÁ DANMÖRKU **FROSNIR MANGÓBITAR**




498 KR. 1.2 KG

1.2 KG. FRÁ DANMÖRKU **JARÐARBER FROSIN**




359 KR. 500 G

FRÁ AKURSELI 500 GRÖMM

**LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 10. nóvember**

### Tónleikar



**19.30** Hljómsveitin **Reykjavík!** fagnar útgáfu breiðskífunnar Locust Sounds með matar- og tónlistarveislu á Kexi Hosteli. Fiskihlaðborð frá Tjöruhúsinu. Trúaborinn Markús Bjarnason leikur ljúf lög áður en Reykjavík! stígur á svið og FM Belfast endar tónleikana á diskódansi. Miðaverð fyrir mat og tónleika er kr. 5.500 og á staka tónleika er það kr. 2.000.

**19.30** Tónleikar í Hörpu með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin spilar undir stjórn Petri Sakari Sinfónía nr. 9 eftir Gustav Mahler. Einleikari er Jósef Ognibene. Á tónleikunum mun hljóma í fyrsta sinn nýr hornkonsert Áskels Mássonar. Miðaverð er frá kr. 2.000 til kr. 6.500.

**20.00** Íslenska óperan heimsækir Hof á Akureyri og flytur tónlist úr óperum á borð við Carmen, Gianni Schicchi, La traviata, Kátu ekkjuna, Rakarann í Sevilla og Perlukafarana, sem öðlast nýtt líf í þessari stórskemmtilegu sviðssettu söngdagskrá úr smiðju Ágústu Skúladóttur. Miðaverð er kr. 3.200.

**20.30** Jón Ólafsson fær til sín Pál Óskar sem gest á einstökum spjalltónleikum í tónleikaröðinni Af fingrum fram í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 3.300.

**21.00** Mezzó bandalagið kemur fram á tónleikum á Café Rosenberg og spila vel valin dans- og vangalög frá árunum 1987-1992. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Hin árlega Tónlistarveisla í skammdeginu á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar verður haldin í göngugötunni á Garðatorgi. Bubbi Morthens stígur á svið með kassagítarinn og skemmtir gestum. Á sama tíma verður opið hús í sal Grósku á Garðatorgi þar sem gestir geta skoðað myndlist. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Strákarnir í hljómsveitinni 1860 halda útgáfutónleika í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 1.860.

**22.30** Kreppukvöldin vinsælu halda áfram á Bar 11. Hljómsveitin Saktimóðigur spilar og mun hljómsveitin Norn sjá um upphitun. Fyrir og eftir tónleikana heldur Ómar á X-inu uppi rífandi stemningu. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**20.00** Leikritið Endalok alheimsins í leikstjórn er sýnt í Kvikunni í Grindavík. Miðaverð er kr. 2.900.

### Fundir

**20.00** Fyrirlestraröð félagsins Matur - saga - menning hefst í vetur á fundi um Norræna eldhúsið, nýtt fyrirbæri í matarmenningu. Fundurinn fer fram í Norræna húsinu.

### Hátíðir

**20.00** Afmælistónleikar Unglistar í Austurbæ. Margar af þeim ungsveitum sem leikið hafa á Unglist síðustu áratugi hafa getið sér gott orð í gegnum tíðina, heima og erlendis. Hljómsveitir sem koma fram eru meðal annars Dikta, Agent Fresco, Búdrýgindi, We Made God og Synir Raspútíns. Aðgangur er ókeypis.

### Heimildarmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Óráðin framtíð í Odda 101 í Háskóla Íslands. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.



**20.00** Heimildarmyndin **Silent Snow** verður sýnd á (Ó)sýnileg, kvikmyndadögum Amnesty International í Bíói Paradís. Myndin segir frá ungum inúíta sem ferðast til þriggja heimsálfa í þeim tilgangi að rannsaka áhrif mengunar á menn og umhverfi. Aðgangseyrir er kr. 750.

### Kvikmyndir

**20.00** Hryllingssófabíó svokallað verður haldið í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Kvikmyndin Dr. Jekyll and Mr. Hyde verður sýnd. Aðgangseyrir er kr. 500.

### Uppákomur

**20.30** Undanúrslit í keppninni um Fyndnasta mann Íslands fer fram á Spot. Miðaverð er kr. 2.000 í forsölu en kr. 2.500 við hurð. 20 ára aldurstakmark.

### Bókmenntir

**17.00** Útgáfuteiti verður haldið í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18 í tilefni af útgáfu bókarinnar Af heilum hug þar sem Björg Árnadóttir ræðir við eldhugana Jónu Hrönn Bolladóttur og Bjarna Karlsson. Gerður Bolladóttir sópran og Victoria Tarevskaia sellóleikari flytja tónlist. Allir velkomnir.

### Tónlist

**21.00** Dj Klebstoff þeytir skífum á Faktorý.

**22.00** Djezus sér um að halda uppi stuðinu á HúsDjús kvöldi á Kaffibarnum.

**22.00** Dj Jónas stýrir tónlistinni á Vegamótum.

**22.00** Dj Einar Sonic spilar tónlist á Bakkusi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**ALÞÝÐUPOPPARAR** Meðlimir 1860 eru þrír en hljóðfærin sem þeir spila á eru töluvert fleiri. Þeir hafa vakið athygli á tónleikum fyrir snerpu í hljóðfæraskiptum í miðjum lögum. Frá vinstri eru þeir Kristján, Hlynur og Óttar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Mömmuvænt alþýðupopp í Þjóðleikhúskjallaranum

**Tríóið 1860 tók til starfa fyrir réttu ári en hefur þegar látið frá sér sína fyrstu breiðskífu, sem kallast Sagan. Hljómsveitin spilar þjóðlagaskotið popp sem fengið hefur góðar viðtökur hjá landanum. Útgáfutónleikar verða haldnir í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld klukkan 22.**

„Við Óttar erum æskuvinir og höfum spilað í hinum ýmsu hljómsveitum saman. Við vorum farnir að prófa okkur eitthvað áfram tveir saman, en Óttar sá svo Kidda spila á harmonikku eitthvert kvöldið fyrir rúmu ári og sá að þarna var komið hljóðfærið sem vantaði til að fullkomna okkar hljóm. Þetta byrjaði svo að blómstra um leið og við vorum komnir þrír saman,“ segir Hlynur Júní Hallgrímsson, söngvari sveitarinnar. Auk Hlyns skipa 1860 þeir Óttar Birgisson gítarleikari og Kristján Hrannar Pálsson píanóleikari.

1860 vakti athygli strax frá upphafi því hljómsveitarmeðlimir notuðu sér nútímatækni til að koma sér á framfæri. Þeir byrjuðu strax á því að deila lögunum sínum á samskiptavefnum Youtube. „Við gerðum þetta aðallega fyrir vini okkar til að byrja með en allt í einu hafði einhver linkað á myndband með okkur á einhverjum vinsælum heimasíðum og við komnir með einhver þúsund áhorf á myndband sem var aðallega hugsað fyrir litlu systur, mömmu og ömmu. Það er auðvitað skemmtilegt að geta deilt þessu en þetta vatt upp á sig og við fengum svona smá meðbyr.“

Aðdáendahópur sveitarinnar er því ekki eingöngu bundinn við Ísland og nú þegar hefur fólk hvaðanæva að úr heiminum deilt myndböndum á vefnum þar sem það syngur og spilar sínar útgáfu af lögum sveitarinnar. „Tónlistin okkar á sér eiginlega sjálfstætt líf á Youtube, því oft settum við fyrstu útgáfur af lögum á vefinn, en breyttum síðar hljómagangi eða öðru. Svo sjáum við samt einhvern frá Bandaríkjunum flytja lag með okkur eins og það var bara eftir fyrstu æfingu.“

Bandarískir aðdáendur sveitarinnar munu fá tækifæri til að kynnast sveitinni betur strax eftir áramót því í næstu viku lýkur upptökum á EP-plötu sem sveitin gefur út vestanhafs. Það er fyrirtækið sem sér um sænska listamanninn Tallest Man on Earth sem sér um útgáfuna, en eigandi fyrirtækisins komst einmitt í kynni við bandið þegar hann rakst á myndband sveitarinnar á Youtube.

Tónlist 1860 hefur verið mikið spiluð í útvarpi og fyrsta smáskífa plötunnar, Snæfellsnes, sat meðal annars í öðru sæti vinsældarlista Rásar 2 í sumar. Hlynur segir þá félaga hæstánægða með hversu breiður áheyrendahópurinn er. „Maður gerði ráð fyrir því að tónlistin myndi höfða til fólks á sama aldri og maður sjálfur er, en það kom okkur aðeins á óvart að krakkar sem eru talsvert yngri en við eru að fíla þetta og svo eru vinkonur ömmu minnar heitustu aðdáendur okkar.“

Hlynur hvetur fólk til að leggja leið sína í Þjóðleikhúskjallarann í kvöld. „Ef fólk ætlar að mæta á eina tónleika með okkur á lífsleiðinni þá held ég að þetta verði að vera þeir. Við verðum þarna með heilan her af fagfólki með okkur, þetta verður eitthvað alveg sérstakt.“ **bergthora@frettabladid.is**

# Sjúkraliðar og ælupokar í boði

Hollenski kvikmyndagerðamaðurinn Tom Six er væntanlegur hingað til lands í dag ásamt systur sinni en hann verður með spurt og svarað-sýningu í Háskólabíói í kvöld þegar kvikmynd hans, The Human Centipede 2, verður forsýnd.

Myndin er stranglega bönnuð innan átján ára og verða dyraverðir til taks á sýningunni. Þeir verða ekki eina varúðarráðstöfunin því Ísleifur B. Þórhallsson, sem hefur veg og vanda af komu Six hingað til lands, hefur þegar tryggt að þrjú hundruð ælupokar verði til taks. „Og svo verða alvöru sjúkraliðar með súrefni og börur á reiðum höndum ef einhverjum fer að líða verulega illa.“

Myndin er feikilega umdeild, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Breska kvikmyndaeftirlitið ákvað meðal annars að banna hana alfarið í Bretlandi og varð sú ákvörðun tilefni mikilla ritdeilna. Að endingu ákváðu bresk yfirvöld að hleypa henni í gegn. Myndin hefur fengið misjafna dóma en kvikmyndatímaritið Empire gaf henni meðal annars þrjár stjörnur og fína dóma og Entertainment Weekly gaf henni lofsamlega umsögn.

Ísleifur segir að Six og systir hans séu ákaflega viðkunnanlegt fólk sem hlakki mikið til heimsóknarinnar til Íslands. „Six er alveg hrikalega flughrædd- ur og hann leggur ekkert á sig svona ferðalög nema hann sé mjög spenntur,“ segir Ísleifur en þau verða hérna yfir helgina og ætla sér að kíkja út á lífið. „Og kannski kíkja á Kevin Smith,“ segir Ísleifur, en bandaríski kvikmyndaleikstjórinn verður með uppistand í Hörpunni á föstudagskvöld. **- fgg**



**VENJULEGUR NÁUNGI** Tom Six verður með spurt og svarað-sýningu í Háskólabíói í kvöld en þá verður kvikmynd hans, The Human Centipede 2, forsýnd.




# Hinn ævintýralegi KOSS



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

*Eftir höfund SKAPARANS og YOSOY*




Þegar Davíð fær send eftirlátin gögn Láka, sambýlismanns Elísabetar móður hans, vaknar hjá honum óslökkvandi löngun til þess að komast til botns í því sem gerðist haustið 2003. Hver var þáttur móður hans í örlögum vina hennar, Indi og Jóns? Hafði Elísabet eyðileggjandi áhrif á alla í kringum sig? Kallaði Kötlugosið fram illskuna í fólki? Bjó hinn eini sanni koss yfir óskilgreindum ógnarkrafti?

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*





## > Í SPILARANUM

**Ingó** - Ingó
The Fall - Ersatz G.B.
GRM - Þrjár stjörnur
David Lynch - Crazy Clown Time
**Toggi** - Wonderful Secrets

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Heavy D dáinn

Rapparinn Heavy D er látinn, 44 ára að aldri. Hann fannst látinn á heimili sínu í Los Angeles á þriðjudag.

Heavy D hét réttu nafni Dwight Arrington Myers og sló í gegn með hljómsveitinni Heavy D & The Boyz sem gaf út fimm plötur. Sú fyrsta kom út 1987 en síðasta platan kom út 1994. Heavy D gaf í kjölfarið út fjórar sólóplötur. Sú síðasta, Love Opus, kom út í september síðastliðnum.

Rapparinn söng í laginu Jam með Michael Jackson árið 1991 og kom fram á minningartónleikum um Jackson fyrr á árinu. Hann söng einnig dúett með listamönnum á borð við Notorious BIG og Janet Jackson. Eitt kunnasta lag Heavy D var tökulagið Now That We Found Love sem hann söng árið 1991.

Á undanförnum árum hafði Heavy D einnig fært sig út í leiklist. Hann lék í kvikmyndinni The Cider House Rules og í sjónvarpsþáttum á borð við Boston Public og Law & Order: SVU.



**LÁTINN FYRIR ALDUR FRAM** Rapparinn Heavy D var einungis 44 ára þegar hann kvaddi á þriðjudag.




## > PLATA VIKUNNAR

Quarashi - Anthology
★★★★
„Flottur pakki frá hljómsveit sem enn er sárt saknað.“ -afb



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Hljóðveggurinn verður til*

Nú er runninn upp sá árstími þegar plötukassar og viðhafnarútgáfur streyma á markaðinn. Einn af þeim pökkum sem hægt er að mæla með undir jólatré tónlistaráhugafólks er The Philles Album Collection, en hann hefur að geyma sjö geisladiska með tónlist sem plötuútgáfa Phils Spector, Philles Records, gaf út á árunum 1962-1964. Spector stofnaði Philles árið 1961 ásamt Lester Still, en árið 1962 keypti hann hlut Stills og varð með því yngsti plötuútgáfustjóri þess tíma, aðeins 21 árs að aldri. Hann valdi efni til útgáfu og stjórnaði upptökum á allflestum þeim plötum sem fyrirtækið gaf út.





Phil Spector er einn af merkustu upptökumönnum sögunnar. Hann hafði gríðarlegan metnað á þessum tíma og varð frægur fyrir þann þykka ofur-popphljóm sem hann bjó til og fékk nafnið Wall of Sound, eða hljóðveggurinn. Í nýja Philles-pakkanum eru sex plötur sem Philles gaf út þegar Spector var að þróa hljóðvegginn, en að auki er diskur með ósungnum b-hliðarlögum. Á meðal flytjenda eru The Crystals, The Ronettes, Darlene Love, Bob B. Sox og The Alley Cats.

Auðvitað eru ekki öll lögin á þessum sjö plötum snilldarverk, en það er samt fullt af góðgæti þarna. Sum þessara laga eru á meðal skærustu eðalsteina poppsögunnar, hvorki meira né minna …

ALLT UPPI Á BORÐUM

Sérblað um borðbúnað kemur út þann 16. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:
ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is

# Justice skiptir um gír

**Franska dúóið Justice sló í gegn með fyrstu plötunni sinni, Cross, árið 2007. Nú er plata númer tvö komin út. Hún heitir Audio Video Disco og Trausti Júlíusson fær ekki nóg af henni.**



**JUSTICE** Nýja platan er stórt stökk frá fyrstu plötunni. Frakkarnir Xavier de Rosnay og Gaspard Augé eru Justice.

Hvað gera hljómsveitir sem slá í gegn með fyrstu plötunni sinni næst? Oftast byggja þær á sama grunni, en reyna að þróa tónlistina áfram. Franska hljómsveitin Justice valdi aðra leið. Nýja platan þeirra Audio Video Disco er allt öðruvísi en frumburðurinn, Cross. Á fyrstu plötunni var danstónlist, á þeirri nýju er popp.

Justice er skipuð þeim Gaspard Augé og Xavier de Rosnay. Þeir vöktu fyrst athygli árið 2003 þegar þeir sendu endurgerð af laginu Never Be Alone með ensku hljómsveitinni Simian í samkeppni á vegum franskrar háskólaútvarpsstöðvar. Í framhaldi af því gerði Ed Banger-útgáfan í París samning við þá og gaf út fyrstu smáskífuna þeirra, Waters of Nazareth, í september 2005. Fyrsta stóra platan, Cross, kom svo út í júní 2007 og var meðal annars tilnefnd til Grammy og Mercury-verðlaunanna. Eftir útkomu plötunnar bjuggu þeir Gaspard og Xavier til öflugt tónleikaprógramm sem þeir spiluðu víða á árunum 2007 og 2008. Þeir fóru til að mynda í vel heppnaða tónleikaferð um Bandaríkin og spiluðu á nokkrum af stærstu tónlistarhátíðum heims.

Krossinn er tákn Justice á plötuumslögum, auglýsingaefni og tónleikum. Gaspard og Xavier vilja ekkert gefa upp um það hvort það sé einhver sérstök hugmynd eða boðskapur á bak við hann, vilja láta fólk brjóta heilann um það.

Eins og áður segir var tónlistin á Cross danstónlist, með smá rokkáhrifum. Hljómurinn á henni var hrár og kraftmikill. Nýja platan er allt öðruvísi. Á henni er popprokk með mjög sterkum tilvísunum í gamlar spandex-klæddar gítarhetjusveitir, hvort sem við tölum um Van Halen, The Who, Toto eða Yes. Hljómurinn er mýkri heldur en á fyrri plötunni og tónlistin á betur við heima í stofu heldur en á dansgólfinu.

Þó að áhrifin frá rokki áttunda og níunda áratugarins séu augljós á Audio Video Disco gera Frakkarnir þetta samt á nýjan hátt. Þeir bæta inn í blönduna smá ítaló diskó áhrifum og franskri fágun og útkoman verður algerlega ómótstæðileg. Að sumu leyti minnir nálgun Justice á Audio Video Disco á nálgun samlanda þeirra í Daft Punk þegar sú sveit gerði hina frábæru Discovery. Það endurspeglast í tónlistinni ósvikin aðdáun á gömlu hetjunum, en líka húmor fyrir þeim. Og svo matreiða þeir þetta á sinn hátt.

Þeir Gaspard og Xavier segja í nýlegu viðtali í franska blaðinu Les Inrockuptibles að plötunni hafi verið misvel tekið af vinum þeirra: „Sumir þeirra þola hana ekki og skilja ekkert hvað við erum að fara.“ Þeir segja líka að það hafi aldrei verið aðalatriðið fyrir þá að búa til tónlist fyrir dansgólfið. Og þeir segjast ekki kunna það: „Það spilar enginn klúbbur lögin okkar, bara endurhljóðblandaðar dansútgáfur af þeim.“ Þeir dvelja núna í London þar sem þeir eru að undirbúa tónleikaferð sem hefst í janúar.

Audio Video Disco hefur víðast fengið fína dóma. Flestir gagnrýnendur virðast vera með á nótunum. Pitchforkmedia er að vísu undantekning, en það er svo sem ekkert nýtt. Mér finnst platan ótrúlega skemmtileg, næ henni ekki úr spilaranum …

## LAGALISTINN

Vikuna 3. - 9. nóvember 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters and Men | *King and Lionheart* |
| ▲ | 2 | Hjálmar | *Ég teikna stjörnu* |
| ▲ | 3 | Goyte / Kimbra | *Somebody I Used to Know* |
| ▲ | 4 | Mugison | *Kletturinn* |
| ▼ | 5 | Adam Levine / Christina Agu. | *Moves Like Jagger* |
| ▼ | 6 | Coldplay | *Paradise* |
| ▼ | 7 | Lady Gaga | *You And I* |
| ▲ | 8 | Jón Jónsson | *Wanna Get It* |
| * | 9 | Florence & The Machine | *Shake It Out* |
| ▲ | 10 | Lay Low | *Brostinn strengur* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 3. - 9. nóvember 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Mugison | Haglél |
| ▶ | 2 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▶ | 3 | Björk | *Biophilia* |
| ▲ | 4 | Hjálmar | Órar |
| ▼ | 5 | Lay Low | Brostinn strengur |
| ▼ | 6 | Coldplay | *Mylo Xyloto* |
| ▲ | 7 | Helgi Bjö. & reiðm. vindanna | Ég vil fara upp í sveit |
| ▼ | 8 | Quarashi | Anthology |
| ▶ | 9 | Jón Jónsson | *Wait for Fate* |
| * | 10 | GRM | *Þrjár stjörnur* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is.

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# TILBOÐ

# Á SJÓNVÖRPUM OG TÖLVUM

### 60” Plasma LG Full HD

60" Full HD 1920x1080 600 Hz plasma sjónvarp. Tvö HDMI-tengi og DivX. HD-stuðningur á USB.

**Verð áður:** 499.995

**Tilboð: 399.995**

ÞÚ SPARAR 100.000




60PV250N

### 42” Panasonic Plasma Full HD

42" Full HD 1920x1080 Plasma sjónvarp frá Panasonic. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 2 HDMI-tengi. USB 2.0 spilar jpeg og AVI-skrár.

**Verð áður:** 179.995

**Tilboð: 149.995**

ÞÚ SPARAR 30.000




TX-P42S30E

PIPAR\TBWA • SÍA • 113126

### 40” Sony LCD Full HD

42" Full HD 1920x1080 LCD sjónvarp frá Sony. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 2 HDMI-tengi. USB 2.0. Spilar jpeg og AVI-skrár.

**Verð áður:** 159.995

**Tilboð: 139.995**

ÞÚ SPARAR 20.000




KDL40BX420BAEP

### 37” LG LCD Full HD

Full HD 37" LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn. XD Engine myndvinnslubúnaður. 2xHDMI. USB 2.0 DivX HD Infinite 3D surround (2x10W) hljóðkerfi.

**Verð áður:** 179.995

**Tilboð: 149.995**

ÞÚ SPARAR 30.000




37LK450N

### 32” LG LED HD Ready

HD-Ready LED sjónvarp frá LG með 1366x768 punkta upplausn. USB 2.0 með DivX HD stuðningi.

**Verð áður:** 159.995

**Tilboð: 129.995**

ÞÚ SPARAR 30.000




32LV250N

## Frábært úrval af tölvum í Hátækni

Apple hp lenovo LG acer ASUS

### HP Pavilion g6-1105so 15,6"

**Verð áður:** 139.995

**Tilboð: 99.995**

ÞÚ SPARAR 40.000




LZ155EA

Góð 15,6" HP fartölva með HD BrightView skjá. Öflugur 2,4Ghz Intel i3 örgjörvi ásamt 640 GB hörðum diski og Altec Lansing hljóðkerfi. Frábær heimavél.

### LENOVO IdeaPad Z370 13,3"

**Verð áður:** 149.995

**Tilboð: 109.995**

ÞÚ SPARAR 40.000



M5652MX

Frábær létt og nett fartölva með 13,3" LED-skjá, 500 GB hörðum disk, góðum Intel örgjörva, öflugri 2 Mpixla netmyndavél, DVD-skrifara og góðu þráðlausu netkorti ásamt BlueTooth stuðning.

### Asus 13,3" i3-2330m 2.2GHz

**Verð áður:** 149.995

**Kynningarverð: 129.995**

ÞÚ SPARAR 20.000



U31SD-RX202V

Nýjasta vélin frá Asus með 13,3" LED skjá, 2.2 Ghz i3 Intel örgjörva og 500 GB hörðum diski. Gott þráðlaust netkort ásamt BlueTooth 3.0 stuðningi.

### ACER TravelMate 15,6"

**Verð áður:** 94.995

**Tilboð: 69.995**

ÞÚ SPARAR 25.000



LX.TZG03.016

Acer TravelMate er 15,6" fartölva með skýrum og björtum LED-skjá. Er með öllu því helsta sem prýðir góða fartölvu til daglegra nota. Frábært verð!

### HP G5470sc PC

**Verð: 99.995**

Nett en hagstæð HP Pavilion borðtölva með Intel CoreT i3-210, 3,1 GHz örgjörva, 6 GB vinnsluminni, 1 TB hörðum diski og öflugu skjákorti. Öflug leikjavél á frábæru verði.



LN83%EA

### LG Skanna tölvumús

**Verð áður:** 25.995

**Tilboð: 22.995**

ÞÚ SPARAR 3.000




LSM-100

Það nýjasta í dag. Nýja skannamúsin frá LG er sú fyrsta sinnar tegundar og hefur fengið frábærar viðtökur.

**0% VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM**

Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.

Hátækni



**E-LABEL**
www.shopelabel.com

3 Smárar Laugavegi Kringlunni Smáralind Imperial Akureyri
Nína Akranesi Sentrum Egilstöðum og www.evalin.is


evalín
www.evalin.is
3 Smárar Laugavegi Kringlunni Smáralind Imperial Akureyri
Nína Akranesi Sentrum Egilstöðum og www.evalin.is

> **REKINN**

Leikstjórinn Brett Ratner, maðurinn sem almennt er talinn ábyrgur fyrir því að Eddie Murphy verði kynnir á Óskarnum á næsta ári, hefur látið af störfum eftir að hafa sagt niðrandi brandara um samkynhneigða á blaðamannafundi og í útvarpsþætti Howard Stern. Eftirmaður hans hefur ekki verið ráðinn.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Breytir röddinni fyrir Skyfall

Það er ekki tekið út með sældinni að vera nýjasta Bond-stúlkan. Samkvæmt breska götublaðinu Daily Star hafa framleiðendur Skyfall, nýjustu Bond-myndarinnar, farið þess á leit við Naomie Harris að hún breyti rödd sinni. Harris á að leika hina goðsagnakenndu Miss Moneypenny og í stað þess að sitja við skrifborð sitt og bjóða James Bond velkominn á fund M með daðrandi athugasemdum á hún að vera fær leyniþjónustukona sem starfar á vettvangi dagsins.

Og af þeim sökum vilja framleiðendurnir ekki að þessi fræga kona hljómi eins og táningsstúlka og hafa því beðið Harris um að lækka tóninn í röddinni sinni. „Hún er með mjög stelpulega rödd en þeir vilja hafa hana kvenlegri og kynþokkafyllri og hafa þess vegna beðið hana um að breyta röddinni fyrir framan tökuvélarnar,“ hefur Daily Star eftir heimildarmanni sínum.

Það vakti töluverða athygli þegar í ljós kom að Miss Moneypenny yrði þeldökk í Skyfall. Og ef marka má orð Harris er ljóst að Bond-aðdáendur mega búist við fleiri breytingum. „Hún verður mjög sérstök,“ var haft eftir Harris sem bætti því við að hún hefði alltaf hrifist af frammistöðu Grace Jones í A View to a Kill. „Hún var ekki eiginleg Bond-stúlka, hún var þorpari.“




**DIMMRADDAÐRI** Framleiðendur Skyfall hafa beðið Naomie Harris um að breyta aðeins röddinni, vera aðeins kvenlegri og kynþokkafyllri.

# Harry Potter fær níu tilnefningar

Síðasta Harry Potter-myndin er tilnefnd til níu verðlauna hjá People-tímaritinu. Hin heilaga þrenning, Emma Watson, Rupert Grint og Daniel Radcliffe eru öll tilnefnd sem kvikmyndastjarna ársins undir 25 ára aldri auk þess sem Radcliffe keppir um verðlaunin leikari ársins við þá Johnny Depp, Robert Pattinson, Ryan Reynolds og Hugh Jackman. Leikkonurnar Emma Stone, Jennifer Aniston, Julia Roberts, Anne Hathaway og Reese Witherspoon keppa um leikkonu-verðlaun ársins.

Harry Potter og dauðadjásnin keppir við sjóræningjamyndina On Stranger Tides, Transformers: Dark of the Moon, The Help og Bridesmaids um titilinn besta myndin en Peopleverðlaunin eru ágætis vísbending um þá sem þykja hafa staðið sig í stykkinu í bandarískum afþreyingariðnaði. Sjónvarpsþátturinn Glee er tilnefndur til sjö verðlauna eins og söngkonan Katy Perry. Samkvæmt skipuleggjendum hátíðarinnar bárust fjörutíu milljónir atkvæða í gegnum netið.



**BESTA UNGA LEIKKONAN** Emma Watsons er tilnefnd sem besta unga leikkonan á People-verðlaunahátíðinni. Síðasta Harry Potter-myndin fékk níu tilnefningar.

# Snemma beygist krókurinn

**Ben Stiller hefur tekist, þrátt fyrir að vera fremur lágvaxinn og ó-kvikmyndalegur í útliti, að verða ein skærasta kvikmyndastjarna heims. Taugaveiklaðar og seinheppnar persónur eru sérfag Stiller, sem fékk leikarabakteríuna í vöggugjöf.**

Nýjasta kvikmynd Ben Stiller, Tower Heist, verður frumsýnd um helgina. Valinn maður er í hverju rúmi; Eddie Murphy, Casey Affleck, Alan Alda, Matthew Broderick, Téa Leoni og Gabourey Sidibe, svo fátt eitt sé nefnt. Myndin segir frá því þegar hópur verkafólks í New York uppgötvar, sér til mikillar skelfingar, að það hefur verið haft að féþúfu af auðjöfrinum Arthur Shaw. En í stað þess að gefast upp þá skipuleggur hópurinn umsvifamikið og ansi flókið rán til að hefna sín á fjármálafurstanum. Leikstjóri myndarinnar er Brett Ratner en myndin hefur fengið ágætis dóma í Bandaríkjunum, samkvæmt rottentomatoes.com eru sjötíu prósent gagnrýnenda sáttir með hana.

Það lá einhvern veginn alltaf fyrir að Ben Stiller myndi hella sér útí skemmtanabransann. Faðir hans, Jerry Stiller og móðir, Anne Meare, nutu bæði tvö mikillar virðingar innan grínsenunnar í Bandaríkjunum. Foreldrarnir tóku strákinn snemma með á tökustaði og hann sýndi þá strax kvikmyndagerðinni mikinn áhuga. 8mm kvikmyndir urðu snemma til og foreldrarnir áttu þess engan annan kost en að gefa honum tækifæri til að spreyta sig í hinum harða heimi Hollywood (miklir Stiller-aðdáendur geta leitað að honum í Empire of the Sun og Next of Kin með Patrick Swayze auk þess sem leikarinn birtist í einum þætti af Frasier).

Stiller sló hins vegar fyrst í gegn á MTV-tónlistarstöðinni sem þáttastjórnandi og leikstjóri The Ben Stiller Show. Hann naut liðsinnis Judd Apatow við að koma þáttunum á koppinn og gerði í þeim grín að þekktum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Stiller varð jafnframt hluti af hinu svokallaða Frat Pack sem ræður ríkjum í bandarísku gríni um þessar mundir, meðlimir þess eru meðal annars Wilson-bræðurnir Owen og Luke, Will Ferrell og Vince Vaughn.

Velgengni Stiller varð til þess að honum var úthlutuð leikstjórastaða kvikmyndarinnar Reality Bites þar sem hann lék einnig aðalhlutverkið á móti Winonu Ryder. Myndin naut töluverðra vinsælda, ekki síst vegna þeirrar frábæru tónlistar sem hljómaði í myndinni enda var hún runnin undan rifjum MTV. Hins vegar átti MTV engan þátt í velgengni Cable Guy sem Stiller stýrði af mikilli snilld og skartaði þeim Matthew Broderick og Jim Carrey í aðalhlutverkum. Kvikmyndin There‘s Something About Mary eftir Farelly-bræður skaut honum sjálfum uppá stjörnuhimininn og var jafnframt upphafið að einkennishlutverki leikarans; eilítið taugaveiklaður, góðhjartaður og ákaflega seinheppinn náungi sem stendur uppi sem sigurvegari undir lok kvikmyndarinnar.

Framhaldið þekkja síðan flestir, kvikmyndir Stiller mala öllu jafnan gull og hafa þénað að meðaltali 73 milljónir dollara í miðasölu. Stiller gæti orðið ansi góður vinur Íslands ef allt nær fram að ganga því hann hefur í hyggju að gera kvikmyndina The Secret Life of Walter Mitty hér á landi eins og Fréttablaðið hefur greint frá. freyrgigja@frettabladid.is



**ÞÁ OG NÚ**

Ben Stiller sýndi snemma að leiðin lægi í kvikmyndagerð. Pabbi hans, Jerry Stiller, tók hann með sér á tökustaði og strákurinn fékk að reyna sig í kvikmyndaleik. Zoolander er sennilega eitt frægasta hlutverk Stiller, en kvikmyndir leikarans mala yfirleitt gull í miðasölu.

# Clooney horfir til Óskarsins

Kvikmyndin The Ides of March verður frumsýnd um helgina. Þetta er fjórða myndin sem George Clooney leikstýrir og það dylst engum að stórstjarnan rennir hýrum augum til Óskarsverðlaunanna. Clooney er einnig einn af handritshöfundum myndarinnar, sem er skrifuð upp úr leikverkinu Farragut North eftir Beau Willimon.

Clooney leikur auk þess eitt aðalhlutverkanna í myndinni, sem fjallar um stjórnmálaumhverfið í Bandaríkjunum. Hún segir frá hinum unga og metnaðarfulla Stephen Meyers sem starfar að forsetaframboði ríkisstjóra Pennsylvaníu og sér fram á bjarta framtíð. Hann er hins vegar óvænt dreginn inn í myrkustu skúmaskot bandarískrar pólitíkur þar sem menn svífast einskis og svipta andstæðinga sína mannorðinu án þess að hika. Ef einhver skyldi velkjast í vafa um hversu magnþrungin myndin á að vera er rétt að geta þess að heiti hennar vísar til dagsins þegar Júlíus Sesar var drepinn árið 44 fyrir Krist.

Myndin er kynnt sem pólitískur tryllir og hefur fengið afbragðs góða dóma; hún fær 7,5 á imdb.com og 85 prósent gagnrýnenda eru sátt samkvæmt samantekt rottentomatoes.com. Meðal annarra leikara í myndinni eru Ryan Gosling, Philip Seymour Hoffman, Evan Rachel Wood og Marisa Tomei.



**ÓSKARSVÆN** Kvikmyndin The Ides of March hefur fengið afbragðsgóða dóma, en þetta er fjórða kvikmyndin sem George Clooney leikstýrir.

KEMUR ÚT 29. NÓVEMBER

JÓLAGJAFA HANDBÓKIN

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU: JÓLALJÓSIN, KÖKUR OG SÆTINDI, SKRAUT OG FÖNDUR, MATUR OG BORÐHALD JÓLASIÐUR OG VENJUR

Bókið auglýsingar tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson
S: 512 5411, gsm 823 5055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 512 5429 , gsm 615 4349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 512 5462, gsm 823 3344
sigridurdagny@365.is


GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
„HÓPURINN FLYTUR TÓNLISTINA REGLULEGA SKEMMTILEGA; STUNDUM SVO VEL AÐ MAÐUR FÉKK GÆSAHÚÐ"
– SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR/TMM.IS
„ÉG HVET FÓLK TIL AÐ FARA AÐ SJÁ ÞETTA, ÞAÐ SEM MÉR FANNST EIGINLEGA ALGJÖRLEGA FRÁBÆRT VAR AÐ HAFA VALGEIR GUÐJÓNSSON Á STAÐNUM SEM LEIÐIR BANDIÐ."
– ÚLFUR ELDJÁRN/LISTRÆNINGINN Á RUV.IS
„ÉG MYNDI MÆLA MEÐ ÞESSARI SÝNINGU FYRIR ALLA ÞÁ SEM HÖFÐU GAMAN AF LÖGUM UNGA FÓLKSINS"
– EVA G./DV.IS
SYNGDU MEÐ Á SING-ALONG!
HREKKJUSVÍN
"ÉG FÓR ALVEG Í NOSTALGÍUKAST".
– STELLA SIGURGEIRSDÓTTIR /LISTRÆNINGINN Á RUV.IS
AÐEINS TVÆR SÝNINGAR EFTIR!
LAUG. 19. NÓV. KL 16:00
FÖST. 25. NÓV. KL 19:00 – ATH! „SING-ALONG" SÝNING FYRIR SÖNGELSKA AÐDÁENDUR!
MIÐASALA Á MIDI.IS EÐA Í SÍMA 563-4000.
Reykjavíkurborg
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

folk@frettabladid.is



**32** kíló hefur söngkonan Mariah Carey losað sig við síðan hún eignaðist tvíburana sína, Moroccan og Monroe, fyrir sex mánuðum. Carey er í skýjunum yfir að vera komin aftur í kjörþyngd en því lýsti hún yfir í viðtalsþættinum The Rosie Show á dögunum.

# Adele nær fullum bata eftir aðgerðina

Breska söngkonan Adele nær sér að fullu eftir aðgerð sem hún gekkst undir á raddböndum. Söngkonan hefur verið í vandræðum með röddina um hríð en í haust var ástandið orðið svo slæmt að hún þurfti að fresta öllum tónleikum út árið og fara í aðgerð til að bjarga ferlinum.

Adele gekkst undir aðgerð hjá sérfræðingum í Boston fyrr í vikunni sem segja aðgerðina hafa heppnast vel og að ekki líði á löngu þangað til söngkonan geti staðið á sviði á ný.



**NÆR FULLUM BATA** Adele getur staðið á sviði á ný eftir aðgerð á raddböndum sem gekk vel. NORDICPHOTOS/GETTY

# Listakona tekur gamla stóla með sér heim af djamminu

**Elísabet Olka myndlistarkona hélt sína fyrstu einkasýningu í Kaupmannahöfn um helgina og vakti mikla athygli. Elísabet hefur verið búsett í Danmörku í fimm ár og segir það auðveldara fyrir listamenn að koma heim og sýna ef þeir hafa þegar fengið viðurkenning ytra.**

„Það komu miklu fleiri en ég hefði nokkurn tíma trúað og þetta heppnaðist mjög vel,“ segir myndalistarkonan Elísabet Olka, sem opnaði sína fyrstu einkasýningu á Vesturbrú í Kaupmannahöfn um helgina.

Elísabet hefur verið búsett í Danmörku ásamt tveimur börnum og manni undanfarin fimm ár. Hún er menntuð frá Listaháskólanum og fór í smíða- og myndlistarkennaranám úti. „Ég lærði smíðakennarann hérna úti en hef verið að sinna myndlistinni síðan ég útskrifaðist og gengið mjög vel. Ég á samt örugglega eftir að nýta mér kennsluréttindin síðar,“ segir Elísabet sem sýnir bæði málverk og skúlptúra eða eins konar þrívíddarmálverk á þessari sýningu.

Efniviðinn í listaverkin sín hefur Elísabet fundið á víð og dreif um borgina en í Kaupmannahöfn tíðkast það að setja hluti út á götu sem eigandinn hefur ekki not fyrir lengur. „Ég er alltaf með augun opin fyrir skemmtilegum hlutum sem ég get notað og er þekkt fyrir að draga með mér gamla stóla heim af djamminu. Það er ekki alltaf vinsælt meðal heimilisfólksins,“ segir Elísabet hlæjandi en það er henni hugleikið að koma verðlausum hlutum aftur í umferð og gefa þeim nýtt líf.

„Ég var tilbúin með svo mörg verk sem mig langaði að koma frá mér og hef þegar selt fimm verk,“ segir Elísabet en það er ansi gott fyrir ungan listamann á sinni fyrstu sýningu. „Það er þekkt að maður fer ekki að selja nein verk fyrr en kynslóðin sem maður er af fer að eignast peninga og tíma að eyða honum í list, en ég er greinilega að komast á þann aldur.“

Elísabet stefnir á að koma heim með sýninguna á næstunni og viðurkennir að það er auðveldara fyrir listafólk að koma heim og halda sýningu ef það hefur fengið viðurkenningu ytra. „Ég stefni á að koma heim og kynna afraksturinn fyrir Íslendingum í bráð en af einhverjum ástæðum er það auðveldara að sýna heima ef manni hefur gengið vel úti.“

Þeir sem eru staddir í Kaupmannahöfn og vilja berja sýningu Elísabetar augum geta komið við í Vesterbro Showroom VESS á Oehlenschlægersgade 36 næstu tvær vikurnar.

alfrun@frettabladid.is



**ÁNÆGÐ MEÐ AFRAKSTURINN** Elísabet Olka er í skýjunum yfir sinni fyrstu einkasýningu í Kaupmannahöfn en hún sýnir bæði málverk og skúlptúra eða eins konar þrívíddarlist.



**FLOTTIR LITIR** Verk úr sýningu Elísabetar en miðjan í verkunum á þessari sýningu er táknið og fígúran, og hugmyndin er að túlka innri átök sem við sköpum okkur sjálf við ýmsar aðstæður.

# George Clooney er skítsama

George Clooney er ein skærasta kvikmyndastjarna heims í dag og gerir um það bil það sem hann vill. Hann frumsýndi nýlega myndina The Ides of March, sem er gæluverkefni hans og kostaði ekki mikið.

„Hún er ekki fyrir alla, en mér er skítsama,“ sagði Clooney í viðtali við Rolling Stone. „Ég þarf ekki meiri frægð og við skutum hana fyrir tólf milljónir dala. Þannig að allt sem við gerum er fínt.“

Myndin hefur þegar aflað 36 milljóna dala og fær í þokkabót frábæra dóma gagnrýnenda. Clooney leikstýrir myndinni ásamt því að leika aðalhlutverkið. Hann vill setjast oftar í leikstjórastólinn. „Ég starfa sem leikari, en mig langar að vera leikstjóri,“ sagði hann. „Þannig að ég tek að mér góð hlutverk sem bjóðast milli mynda sem ég leikstýri sjálfur.“

Einhvern veginn fór viðtalið í Rolling Stone út af sporinu og allt í einu er hann byrjaður að tala um prumpblöðrur. „Ég held að það sé fyndnasta uppfinning í mannkynssögunni,“ sagði hann. „Að segja orðið „prump“ kemur mér til að hlæja. Ég er með iFart í símanum mínum og ég á fjarstýrðar prumpblöðrur. Prump, það er ekkert fyndnara.“



**HLÆR AÐ PRUMPI** George Clooney er með prumpforrit í símanum sínum og á fjarstýrða prumpblöðru. NORDICPHOTOS/GETTY




NÝTT

## *HydraQuench Tinted Moisturizer*

*Náttúruleg fegurð.*

*Hvert er leyndarmálið að baki fersku náttúrulegu útliti? Nýtt Hydraquench litað dagkrem sem inniheldur Katafray, frábæran rakagjafa sem svalar þorsta húðarinnar um leið og það veitir fallega og náttúrulega áferð. Tilvalið í staðinn fyrir farða. Húðin verður yndislega fersk og áferðin lýtalaus. Clarins eru vinsælustu lúxus húðvörurnar í Evrópu*.*

**Heimild: European Forecasts*

*www.clarins.com*






# CLARINS

## *Clarins dagar í Lyfju 10. & 11. nóvember*

*Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 5.900 kr. eða meira*:*
*Vertu velkomin að fá ráðgjöf og prufu af því sem hentar þinni húð.*
**Gildir á meðan birgðir endast.*

**20%** *afsláttur af Clarins vörum í dag og á morgun*

LYFJA
- Lífið heil

Clarins fæst í eftirfarandi verslunum Lyfju: Lágmúla, Smáratorgi, Laugavegi, Smáralind, Garðatorgi, Grindavík og Selfossi.



**VILJA EKKI HARRY** Bæjarstjórinn í bænum Gila Bend í Kaliforníu vandar Harry prins ekki kveðjurnar en hann hefur eytt frítíma sínum með stúlkum bæjarins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Harry prins í stelpubann

Harry Bretaprins er þessa dagana staddur í Bandaríkjunum þar sem hann lýkur við menntun sína sem þyrluflugmaður hjá hernum. Þar sem æfingabúðirnar eru í Kaliforníu hefur prinsinn eytt frítíma sínum í bænum Gila Bend og eytt nóttunum með stúlkum bæjarins.

Bæjarstjórinn þar er ekki par ánægður með dvöl prinsins. „Það eru margir feður hérna sem geta beitt ýmsum brögðum til verja dætur sínar. Það eru margar sætar stelpur í bænum en feður þeirra vilja ekki prins, sem drekkur og fer í partí allar nætur, sem tengdason. Þetta er enginn partíbær,“ segir bæjarstjórinn Ron Henry í viðtali við blaðið Daily Mail.

Harry prins sleit nýverið sambandinu við nærfatafyrirsætuna Florence Brudenell-Bruce.

# SKULDUM VAFINN KVENNABÓSI

**Conrad Murray var á mánudag fundinn sekur um að hafa valdið dauða poppgoðsins Michaels Jackson með gáleysi sínu af kviðdómi dómstólsins í Los Angeles. Hann á yfir höfði sér fjögurra ára fangelsi. Murray er ekki allur sem hann er séður þótt fæstir efist um læknishæfileika hans.**



Breska blaðið Daily Mail birti í vikunni ítarlega grein um fortíð læknisins Conrad Murray sem var fundinn sekur um að hafa valdið dauða Michael Jackson með gáleysi sínu í júní 2009. Murray á yfir höfði sér fjögurra ára fangelsi og verður væntanlega sviptur læknisréttindum ævilangt. Fjölskylda Jacksons fagnaði ákaft þegar kviðdómurinn kynnti niðurstöðu sína í dómsal í Los Angeles og sagði að réttlætinu hefði verið fullnægt. Við réttarhöldin kom fram að Murray hefði átt í símasamskiptum við þrjár ástkonur sínar þegar hann átti að vera að hjúkra Jackson þennan örlagaríka dag í júní.

Það voru ekki faglegar ástæður sem bjuggu að baki þeirri ákvörðun Murray að taka við starfi læknis hjá Michael Jackson. Hans helsta hlutverk var að sprauta poppgoðið með sterku svefnlyfi sem á endanum dró það til dauða. Murray var ákaflega viðkunnanlegur læknir í Las Vegas sem hafði nóg að gera. Vandinn var hins vegar sá að verkefnin nægðu ekki til að borga þær skuldir sem hann hafði komið sér í með glamúrlífsstíl sínum. Murray var nefnilega óforbetranlegur kvennabósi, átti nánast konu og barn í hverri höfn, skuldaði himinháar upphæðir í meðlög og hafði auk þess komið sér í verulega vond mál með glæsilegri villu sinni í Las Vegas. Hún var á leiðinni á uppboð vegna 96 þúsund dollara skuldar þegar Jackson birtist eins og riddarinn á hvíta hestinum og bauð honum starf sem einkalæknir sinn. Murray fór vel og vandlega yfir fjárhagsstöðu sína, sá að þar stefndi í óefni og ákvað að gera Jackson tilboð; hann vildi fá 4,8 milljónir dollara fyrir starfið en sættist að lokum á 160 þúsund dollara á mánuði sem samsvarar tæplega nítján milljónum íslenskra króna.

Samkvæmt Daily Mail er Murray kvæntur maður en hefur feðrað að minnsta kosti sjö börn með sex konum, flest af þeim utan hjónabands. Hann hefur verið kærður fyrir ógreidd meðlög allnokkrum sinnum og var gert að sitja inni árin 2007 og 2009. Í bæði skiptin tókst honum að komast hjá fangelsisvist með því að greiða sektirnar. Sem dæmi um kvensemi Murray þá borgaði hann leigu upp á 2.564 dollara fyrir ástkonu sína, Nicole Alvarez, í Kaliforníu á meðan hann bjó með eiginkonu sinni og tveimur börnum í Las Vegas. Murray neyddist jafnframt til að flytja frá San Diego, þar sem hann var læknir, eftir að hafa gert hjúkrunarkonu þar barn samkvæmt frétt Daily Mail, sem greinir einnig frá því að við réttarhöld í barnsfaðernismáli árið 1999 hafi Murray viðurkennt að hafa átt það til að barna konur og yfirgefa þær svo. freyrgigja@frettabladid.is





**MURRAY OG FRÚRNAR**

Þær Michelle Bella, Sade Anding og Nicole Alvarez viðurkenndu allar fyrir dómstólnum í Los Angeles að þær hefðu átt í samskiptum við Conrad Murray um það leyti sem hann átti að vera að hjúkra Jackson þennan örlagaríka dag í júní fyrir tveimur árum. Murray átti í miklum fjárhagslegum erfiðleikum þegar Michael Jackson réð hann í vinnu og var síður en svo við eina fjölina felldur.

# Frank stofnar plötuútgáfu

Frank Black, söngvari Pixies, hefur sett á fót eigin plötuútgáfu, sem fengið hefur nafnið The Bureau.

Black, sem um þessar mundir er á tónleikaferðalagi um Bandaríkin með Pixies, segir að hann muni gefa út eigin tónlist hjá útgáfufyrirtækinu auk þess sem stefnan sé að uppgötva nýja og spennandi listamenn. „Það var ekkert á dagskránni að stofna eigin plötuútgáfu, en ég vona að ég fái nú boð í alvöru fín partí,“ segir Black.

Frank Black hefur um langt skeið verið afkastamikill í útgáfu á sólóplötum í eigin nafni. Hann segir að upphaflega hafi ætlunin verið að gefa út eigin tónlist því hefðbundin plötufyrirtæki séu ekki spennt fyrir því að hann vill gefa út plötur á níu mánaða fresti.

Black segir að rekstur plötufyrirtækja sé alveg eins og áður fyrr, eini munurinn sé að fyrirtækin hafi úr minni peningum að spila. „Það eru minni peningar í umferð, en ég held að það sé bara gott. Það setur bara pressu á fólk að standa sig vel. Sum þessara plötufyrirtækja þurfa að hætta að láta eins og fífl.“

Að síðustu tjáði Black sig um nýtt efni frá Pixies sem hann segir að muni ekki koma út hjá The Bureau. „Pixies mun annaðhvort gera eitthvað mjög hefðbundið með stóru plötufyrirtæki eða eitthvað mjög róttækt. Ég vona að við förum róttæku leiðina.“



**NÝTT PLÖTUFYRIRTÆKI** Frank Black, söngvari Pixies, hefur stofnað plötuútgáfuna The Bureau. Hér er hann á tónleikum í Kaplakrika árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN









gs skór SMASH COMPANYS focus Kultur menn Kultur

KARAKTER KONUR Deres Sparkz URBAN gallerí sautján eva

Kíkið á verslanir okkar á facebook


**BROSMILD** Leikkonan Emma Roberts og leikarinn Zachary Quinto brostu til ljósmyndara.


**SMEKKLEGAR** Blake Lively og Helena Christensen eru meðal annars þekktar fyrir smekklegan klæðaburð og eiga eflaust eftir að fjárfesta í flíkum úr Versace-línunni.


**FLOTTAR** Þær Selma Blair og Jennifer Hudson fylgdust spenntar með tískusýningunni.



# Litríkt og glitrandi hjá Versace fyrir H&M



Tískuhúsið Versace er nýjasti samstarfsaðili sænska verslunarrisans Hennes&Mauritz og á þriðjudagskvöldið var fatalínan frumsýnd með pompi og prakt í New York. Sjálfur Prince tók lagið og var fremsti bekkurinn á sýningunni stjörnum prýddur, en þar mátti meðal annara sjá Gossip Girl-leikarana Blake Lively og Chace Crawford ásamt dönsku fyrirsætunni Helenu Christensen. Fatalínan, sem kemur í verslanir 17. nóvember, einkennist af litríkum munstrum, stuttum kjólum í gulli og silfri, og leðurjökkum. Það er óhætt að fullyrða að raðir eiga eftir að myndast fyrir utan verslanir Hennes&Mauritz um allan heim, eins og venjan er þegar frægt tískuhús vinnur með verslanakeðjunni.

**LITRÍKT** Mikið er um litrík og æpandi munstur í hönnun Versace fyrir H&M.
NORDICPHOTOS/GETTY


**RAUÐKLÆDDUR** Prince tók lagið á tískusýningunni.


**Á FREMSTA BEKK** Chace Crawford úr sjónvarpsþáttunum Gossip Girl og leikkonurnar Jessica Alba og Abbie Cornish létu fara vel um sig á fremsta bekk.

**GULLLITAÐ** Gull og silfur leika stórt hlutverk í fatalínunni og eflaust geta margir hugsað sér að skála fyrir nýju ári í þessum glitrandi kjól.





**ÖÐLINGUR** Kanye West kann að þakka fyrir sig.

# Bauð hótelstarfsfólki á tónleika

Rapparinn Kanye West bauð á dögunum öllu starfsfólki Mercer-hótelsins í New York á fyrstu tónleikana í tónleikaferð sem fylgir eftir plötunni Watch the Throne.

Var West að þakka fyrir gestrisni hótelsins, sem lagði hæð undir West og rapparann Jay-Z þegar þeir voru að klára plötuna. Hljóðver var innréttað á hæðinni og West var augljóslega ánægður með það.

Ekki var nóg með að starfsfólkinu væri boðið á tónleikana því West leigði sérstaka partírútu sem skutlaði fólkinu fram og til baka.



**Á ALLRA VÖRUM** Kardashian og Humphries eru umtöluð eftir skilnaðinn.

# Sjást rífast í auglýsingu

**Kim Kardashian og Kris Humphries sjást rífast í auglýsingu fyrir raunveruleikaþátt fjölskyldu þeirrar fyrrnefndu. Ný þáttaröð hefst á næstu dögum.**

**Kardashian og Humphries skildu á dögunum eftir rúmlega 70 daga hjónaband. Í auglýsingunni sést Kardashian skamma þáverandi eiginmanninn fyrir að yfirgefa landið án þess að láta sig vita. Og segja svo alþjóð frá því á samskiptasíðunni Twitter.**

**Talið er að nýja þáttaröðin slái öll áhorfsmet, enda Kardashian-nafnið á allra vörum.**

# Glee sakað um dómgreindarleysi

Framleiðendur bandaríska söng- og dansþáttarins Glee hafa verið sakaðir um dómgreindarleysi af Parent Television Council, sem hópur íhaldssamra Bandaríkjamanna stendur að. Lélegt lagaval eða afbökun á þekktum tónlistarperlum eru hins vegar ekki ástæðan fyrir því að PTC lætur í sér heyra heldur vegna þess að þáttur, sem sýndur var á mánudag, sýndi nána snertingu milli nemenda í framhaldsskóla.

Þetta fór ákaflega fyrir brjóstið á forsvarsmönnum PTC, sem sendu frá sér harðorða yfirlýsingu, en í þættinum sást annars vegar gagnkynhneigt par láta vel að hvort öðru og hins vegar samkynhneigt. „Kynið á leikurum Glee skiptir engu máli heldur er það kynlífið hjá börnunum sem er aðalmálið og lýsir algjöru dómgreindarleysi. Kynlíf táninga virðist selja og Fox er eingöngu að feta þá varasömu slóð. Rannsóknir hafa sýnt að kynlíf í sjónvarpi eykur áhuga ungs fólks á að stunda kynlíf fyrr og Fox veit að þessi þáttur er vinsæll hjá börnum. Þetta er því fyrir neðan allar hellur," er haft eftir Tim Winter, forsvarsmanni PTC.

Leikarinn Chris Colfer, sem er í stóru hlutverki í Glee, sagði í samtali við vefsíðuna EW.com að hann hefði vitað að PTC myndi láta í sér heyra eftir þáttinn. „Ég býst reyndar alltaf við því eftir hvern þátt því við fjöllum um svo mörg viðkvæm mál. En okkur hefur alltaf tekist að koma þeim smekklega frá okkur."



**ÖGRANDI** Sjónvarpsþættirnir Glee eru fyrst og fremst dans- og söngvaþættir en þykja einnig ögrandi í umfjöllun sinni um viðkvæm málefni.






midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| IN TIME | 8 og 10.10 |
| ÆVINTÝRI TINNA3D | 5 |
| ÆVINTÝRI TINNA2D | 5 |
| THE THING | 10.10 |
| BORGRÍKI | 6 og 8 |

SAMbio.is
SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE INBETWEENERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS Luxus VIP | kl. 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| TINTIN M/ Ensku Tali | kl. 5:50 - 10:20 | 3D | 7 |
| THE HELP | kl. 5:40 - 8:30 - 10:10 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 | 3D | 12 |
| FOOTLOOSE | kl. (5:50vip) - 8 | 2D | 10 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:50 - 8 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE INBETWEENERS MOVIE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE INBETWEENERS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE THING | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE ADVENTURES OF TINTIN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 5:40 | L |
| INBETWEENERS MOVIE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HELP | kl. 6 - 9. | 7 |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 8 | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 10:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE INBETWEENERS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 6 - 9 | 2D | L |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 10:20 | 3D | 12 |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 8 | 2D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| FOOTLOOSE | kl. 5:50 | 2D | 10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| IN TIME | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 12 |
| IN TIME LÚXUS | KL. 10.30 | 12 |
| MONEYBALL | KL. 5 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D LÚXUS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | KL. 3.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| HUMAN CENTIPEDE 2 | KL. 8 | 18 |
| MONEYBALL | KL. 6 - 9 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MIDNIGHT IN PARIS | KL. 5.50 - 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.10 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| IN TIME | KL. 8 - 10 | 12 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| ÞÓR 2D | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




**KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR** Ómar vonar að íslenskir kvikmyndagerðarmenn fari að taka við sér í framleiðslu hryllingsmynda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alvöru íslensk hrollvekja

**Ómar Örn Hauksson frumsýnir stuttmyndina Ódauðlega ást í kvöld. Hann réðst í gerð myndarinnar þegar hann var atvinnulaus og var að koma úr leiðinlegum sambandsslitum.**

„Tilfinningin verður góð, við erum búin að bíða lengi,“ segir Ómar Örn Hauksson kvikmyndagerðarmaður, sem frumsýnir stuttmynd sína, Ódauðleg ást, í Bíó Paradís í kvöld kl. 20. Myndin er hrollvekja sem tekin var upp á fjórum dögum á Íslandi í fyrra.

Myndin var ástríðuverkefni fyrir Ómar, sem fékk hóp fagfólks í lið með sér við gerð myndarinnar, en allir sem tóku þátt í verkefninu gáfu vinnu sína. „Það var alveg ómetanlegt. Ég hef alltaf haft gífurlegan áhuga á kvikmyndagerð og langað til að gera þetta en aldrei fengið tækifæri til að koma því í gegn. Svo var ég svo ótrúlega heppinn að geta fengið þetta atvinnufólk til liðs við mig, ég var í raun eini amatörinn á svæðinu.“

Ómar ákvað að láta loks slag standa síðasta sumar þegar hann var atvinnulaus og hafði nægan tíma. „Ég var að koma út úr frekar leiðinlegum sambandsslitum og þetta var svona mín leið í rauninni til að taka á því á einhvern hátt. Það voru svona vangaveltur sem spruttu upp úr þessum skilnaði sem eru eiginlega grunnurinn að sögunni í myndinni.“

Aðspurður segist Ómar ekki geta skýrt það af hverju svo fáir hafi reynt sig við gerð hryllingsmynda á Íslandi, en segist gruna að það hafi reynst öðrum en honum erfitt að fá styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands. „Það var líka lengi loðandi við íslenska kvikmyndagerð að þeir sem gerðu kvikmyndir sóttust frekar eftir orðspori á kvikmyndahátíðum en að geta fengið fólk í bíósalina. Þess vegna dó íslensk kvikmyndagerð nánast á tímabili og það fór enginn að sjá myndir. Það var ekki fyrr en Baltasar Kormákur reif þetta upp og gerði krimma að Íslendingar byrjuðu aftur að hópast í bíó og hafa trú á íslenskri kvikmyndagerð,“ segir Ómar. Hann segir að það sé kannski fyrst núna að kvikmyndagerðarmenn hugsi meira um að fá fólk í bíó en að fá viðurkenningu erlendis.

„Það er líka svo leiðinlegt að horfa til nágrannaþjóða okkar, til dæmis í Skandinavíu þar sem verið er að rúlla út hryllingsmyndum sem fá mikla dreifingu og eru virkilega góðar og vel gerðar. Við erum ennþá rosalega hrædd við að stíga þetta skref sem er skrýtið, sérstaklega í ljósi þess að við státum okkur af því að vera mikið lesin og okkar helstu bókmenntir eru auðvitað þjóðsögurnar sem eru fullar af skrímslum og draugum og ógeði. En við höfum aldrei gert neitt við þetta af viti annað en að gefa þetta út í þykkum leðurbindum og láta þau sitja uppi í hillu.“ Ómar hvetur fólk til að mæta í Bíó Paradís í kvöld, en sjálfur segist hann ánægðastur með að geta sýnt öllum þeim sem lögðu verkefninu lið afraksturinn á stóra tjaldinu. **bergthora@frettabladid.is**

# Henti hákarli í gegnum glugga

Tony Iommi, gítarleikari hinnar goðsagnarkenndu þungarokkhljómsveitar Black Sabbath, hefur gefið út æviminningar sínar.

Í bókinni kennir ýmissa grasa en helsta fréttaefnið er eins og gefur að skilja vinátta hans og söngvarans Ozzy Osbourne. Hann lýsir því hvernig dópið hætti að vera nóg á sínum tíma, þegar þeir félagar voru búnir að djamma of mikið. „Þegar maður er dópaður fer manni alltaf að leiðast,“ segir í bókinni. „Þannig að við gerðum alltaf eitthvað hvor við annan, ég og Ozzy. Hann henti einu sinni hákarli í gegnum glugga á herbergi sem ég var í. Hákarlinn fór í tætlur og það var blóð úti um allt.“

Iommi talar einnig um hvernig dópið og rokkið hafði áhrif á flest sem snerti líf hans. „Við lentum í vandræðum með umboðsfólk, ég kvæntist fjórum sinnum og mér hætti að líða vel þannig að ég hætti án þess að fara í meðferð.“

Iommi lifir góðu lífi í dag og talar ennþá einstaka sinnum við Ozzy. „Ég tala við hann nokkrum sinnum í viku. Ég elska hann, þótt hann geti aðeins haldið athygli í þrjár sekúndur.“



**ROKK OG RÓL** Tony Iommi segir góðar rokksögur af Ozzy Osbourne.


BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

FIMMTUDAGUR: (Ó)SÝNILEG: SILENT SNOW 20:00
■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 18:00, 22:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00 ■ SVINALANGORNA 18:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!






**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19, Sími 555 6310 og Geysir Haukadal, opið alla daga frá 10 til 18. Sími 555 6311.

E&Co.

# sport

sport@frettabladid.is



**U-21 LIÐ ÍSLANDS** mætir Englendingum í undankeppni EM 2013 í Colchester á morgun. Völlurinn, Weston Homes Community-völlurinn, tekur tíu þúsund manns í sæti og er uppselt á leikinn. Ísland er með þrjú stig í riðlinum eftir þrjá leiki en England trónir á toppnum með fullt hús stiga.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-d. kvenna*

**Fjölnir - Njarðvík 78-99 (41-48)**
**Fjölnir**: Brittney Jones 40/7 fráköst, Katina Mandylaris 20/16 fráköst, Birna Eiríksdóttir 9, Erla Sif Kristinsdóttir 7, Eva María Emilsdóttir 2.
**Njarðvík**: Shanae Baker 34/8 fráköst, Lele Hardy 23/17 fráköst/7 stolnir, Petrúnella Skúladóttir 17, Sara Dögg Margeirsdóttir 10, Ólöf Helga Pálsdóttir 4, Salbjörg Sævarsdóttir 4, Emelía Ósk Grétarsdóttir 4, Erna Hákonardóttir 2, Aníta Carter Kristmundsdóttir 1.

**Valur - Hamar 61-69 (36-34)**
**Valur**: Melissa Leichlitner 15/7 stoðsendingar, Guðbjörg Sverrisdóttir 15, María Ben Erlingsdóttir 12/12 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 4, Þórunn Bjarnadóttir 4, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 4, Berglind Karen Ingvarsdóttir 3, Hallveig Jónsdóttir 2, Signý Hermannsdóttir 2.
**Hamar**: Hannah Tuomi 26/17 fráköst, Samantha Murphy 25/8 fráköst, Álfhildur Þorsteinsdóttir 6/15 fráköst, Sóley Guðgeirsdóttir 5, Kristrún Rut Antonsdóttir 3, Jenný Harðardóttir 2, Marín Laufey Davíðsdóttir 2.

**Haukar - KR 66-60 (40-27)**
**Haukar**: Jence Ann Rhoads 21, Íris Sverrisdóttir 15 Hope Elam 12/15 fráköst, Margrét Rósa Hálfdánardótir 8, Sara Pálmadóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 3, Guðrún Ósk Ámundardóttir 3.
**KR**: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 16, Erica Prosser 15, Hafrún Hálfdánardóttir 11, Margrét Kara Sturludóttir 8, Bryndís Guðmundsdóttir 8/12 fráköst, Helga Einarsdóttir 2.

**Keflavík - Snæfell 82-66 (59-35)**
**Keflavík**: Jaleesa Butler 27/20 fráköst, Birna Valgarðsdóttir 13, Pálína Gunnlaugsdóttir 11, Sara Hinriksdóttir 9, Lovísa Falsdóttir 7, Sandra Lind Þrastardóttir 6, Hrund Jóhannsdóttir 6, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2, Helga Hallgrímsdóttir 1.
**Snæfell**: Kieraah Marlow 19, Hildur Sigurðardottir 16/9 fráköst, Hildur Kjartansdóttir 13 Helga Hjördís Björgvinsdóttir 12, Björg Einarsdóttir 3, Alda Leif Jónsdóttir 2, Sara Mjöll Magnúsdóttir 1.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **6** | **5** | **1** | **537-438** | **10** |
| KR | 6 | 5 | 1 | 457-410 | 10 |
| **Njarðvík** | **6** | **4** | **2** | **533-492** | **8** |
| Hamar | 6 | 2 | 4 | 423-479 | 4 |
| **Valur** | **6** | **2** | **4** | **369-390** | **4** |
| Fjölnir | 6 | 2 | 4 | 454-496 | 4 |
| **Haukar** | **6** | **2** | **4** | **429-458** | **4** |
| Snæfell | 6 | 2 | 4 | 371-410 | 4 |

### *Þýski handboltinn*

**A-deild: Lübbecke - Kiel 22-32**
Aron Pálmarsson skoraði þrjú mörk fyrir Kiel en Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.
**B-deild: Rheinland - Nordhorn 23-24**
Björgvin Hólmgeirsson skoraði þrjú mörk fyrir Rh.

Liðsstyrkur fyrir Hauka:

## Valur Fannar í Hafnarfjörðinn

**FÓTBOLTI** Valur Fannar Gíslason gekk í gær til liðs við Hauka en hann hefur undanfarin ár leikið með Fylki. Þá var einnig staðfest að Magnús Páll Gunnarsson léki með liðinu næsta sumar en hann var síðast á mála hjá Víkingi.

Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, stýrir Haukum.

# Sóknarleikurinn heillandi

**Gunnar Örn Jónsson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Stjörnuna. Stjarnan skoraði flest mörk allra liða í Pepsi-deildinni í sumar og ljóst að koma Gunnars mun styrkja sóknarleik liðsins enn frekar. Þjálfarinn var ánægður.**

**FÓTBOLTI** Gunnar Örn Jónsson, kantmaðurinn öflugi úr KR, skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Stjörnuna. Hann var samningslaus eftir fjögurra ára dvöl hjá KR, sem varð Íslands- og bikarmeistari í sumar.

„Það var kominn tími á að skipta og fá að spila almennilega," sagði Gunnar um ástæður þess að hann ákvað að fara frá KR. „Ég fékk að spila mikið fyrstu tvö árin mín hjá KR en eftir að ég lenti í meiðslum árið 2010 urðu tækifærin færri og ég átti erfitt með að komast í liðið, sem var að spila mjög vel. Mér líst nú afar vel á að vera kominn hingað í Garðabæinn."

Bjarni var ánægður með að fá Gunnar Örn í félagið og sagði að það myndi skerpa enn á sóknarleik liðsins.



**ÁNÆGÐUR MEÐ SINN MANN** Bjarni Jóhannsson þjálfaði Gunnar Örn Jónsson hjá Breiðabliki á sínum tíma. Þeir hittast nú á nýjan leik í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Smellpassar í liðið**

„Ég vil meina að hann smellpassi í okkar leikaðferð og þær áætlanir sem ég hef fyrir liðið," sagði Bjarni á blaðamannafundi Stjörnunnar í gær. „Koma hans eykur ekki bara samkeppnina í liðinu heldur einnig breiddina og gæðin. Við höfum ekki verið með nógu marga leikmenn í gegnum tíðina sem geta flokkast sem mjög sterkir knattspyrnumenn og þann þátt verðum við að styrkja, þó það væri ekki nema bara til þess eins að verja fjórða sætið á næsta ári."

Hann segir einnig að hann komu Gunnars Arnar verði liðið stöðugra. Þeir Daníel og Jóhann Laxdal, sem báðir eru varnarmenn, spiluðu stundum á hægri kantinum í sumar en með tilkomu Gunnars geti þeir einbeitt sér frekar að sínu.

„Við vorum svolítið rokkandi í fyrra enda var liðið ekki næstum því fullmótað þegar mótið hófst í vor. Veturinn var okkur mjög erfiður og við vitum að ef Stjarnan ætlar sér að vera með í einhverri baráttu næsta sumar verðum við að vera með í henni strax frá upphafi."

Gunnar Örn var ánægður með að heyra Bjarna tala á þessum nótum. „Ég þekki Bjarna vel og mér líst mjög vel á það sem hann hefur í hyggju. Ég vissi að ég væri leikmaður að hans skapi og það er spennandi sumar fram undan."

**Vörnin verður líka góð**

Stjarnan hefur verið fyrst og fremst þekkt fyrir að skora mikið af mörkum undanfarin ár og leikir liðsins iðulega hin mesta skemmtun. „Það er rosalega spennandi að taka þátt í sóknarleik Stjörnunnar og hann heillar mig mjög mikið," bætti Gunnar við. „Auðvitað þarf að skerpa á varnarleiknum líka og ég veit að hann verður góður næsta sumar, með þá Laxdalbræður, Hörð Árnason, Tryggvi Bjarnason og fleiri. Þetta er hörkuvörn sem þarf bara að slípa aðeins til. Þegar það verður komið verður Stjarnan komið með afar sterkt lið."

eirikur@frettabladid.is

## Stjörnuvöllur „teppalagður" upp á nýtt

Almar Guðmundsson (á mynd), formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar, tilkynnti í gær að knattspyrnuvöllur liðsins fengi nýtt gervigras fyrir næsta sumar og að það yrði af bestu mögulegu gerð.



Bjarni Jóhannsson, þjálfari liðsins, segir um byltingu að ræða. „Sérstaklega fyrir leikmennina. Það er himinn og haf á milli í gæðum á gamla grasinu og þess nýja. Með þessu er félagið að taka stórt framfaraskref en fram undan er heilmikil vinna í framtíðarskipulagi fyrir æfingasvæði Stjörnunnar og margar spennandi hugmyndir uppi á borðinu," sagði Bjarni. „En þessi breyting nú, að skipta um gras, er löngu tímabær."


**ÖFLUGIR** Halldór Orri Björnsson er einn þeirra leikmanna sem hafa farið fyrir Stjörnunni síðustu þrjú árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stjarnan gefur lítið fyrir spár:

## Hækkuðu sig um heilt mót

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn komu mikið á óvart í sumar þegar litið er á spá forráðamanna, fyrirliða og þjálfara fyrir mót. Stjörnuliðinu var spáð 10. sætinu en var síðan aðeins hárbreidd frá því að ná þriðja sætinu, sem hefði gefið sæti í Evrópukeppni. Þetta er ekki fyrsta sumarið sem Stjörnumenn koma á óvart undir stjórn Bjarna Jóhannssonar því þegar betur er að gáð kemur í ljós að Garðbæingar hafa hækkað sig samanlagt um tólf sæti síðustu þrjú sumur ef lokastaða liðsins er borin saman við spána í byrjun móts. Stjörnuliðinu var spáð 12. sæti 2009 (7. sæti), 9. sæti 2010 (8. sæti) og loks 10. sæti í ár (4. sæti).

Eyjamenn koma næstir (upp um 9 sæti) en Keflavík (niður um 7 sæti), Valur (-6) og Grindavík (-5) hafa hins vegar valdið mestum vonbrigðum undanfarin þrjú tímabil ef tekið er mið af þessari tölfræði.

**- óój**

### Gengi liða 2009-2011

**Gengi liða á Íslandsmótinu út frá spám fyrir Íslandsmótin 2009, 2010 og 2011:**

| | |
|---|---|
| Stjarnan | +12 sæti |
| ÍBV | +9 |
| Fylkir | +4 |
| Breiðablik | 0 |
| FH | –1 |
| Fram | –2 |
| Grindavík | –5 |
| Valur | –6 |
| Keflavík | –7 |

**Aðeins lið sem voru með öll þrjú árin.*






Óvænt úrslit er heil umferð fór fram í Iceland Express-deild kvenna í gær:

# Haukar fyrstir til að vinna KR

**KÖRFUBOLTI** Haukar gerðu sér lítið fyrir í gærkvöldi og lögðu KR-inga í Iceland Express-deild kvenna, 66-60, er heil umferð fór fram í deildinni. Þetta var fyrsta tapleikur KR á tímabilinu en Keflavík skelti sér á toppinn með öruggum sigri á Snæfelli, 82-66.

Ógöngur Vals halda áfram en liðið mátti þola tap gegn Hamri á heimavelli í gær. Þá töpuðu nýliðar Fjölnis fyrir Njarðvík í Grafarvoginum.

Hin bandaríska Jence Ann Rhoades fór mikinn í liði Hauka í gær, þá sérstaklega í fyrri hálfleik er Haukar náðu myndarlegu forskoti. Rhoades skoraði alls 21 stig í leiknum, þar af sautján í fyrri hálfleik. Íris Sverrisdóttir átti einnig góðan leik en einnig fleiri leikmenn, svo sem Hope Elam sem tók alls fimmtán fráköst.

Hjá KR munaði mikið um að


**STERK** Jence Ann Rhoades skoraði 21 stig fyrir Hauka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét Kara Sturludóttir náði sér ekki á strik, en hún skoraði átta stig í leiknum. Sigrún Sjöfn Ámundadóttir var stigahæst KR-inga með sextán stig.

Valskonur byrjuðu tímabilið vel og unnu fyrstu tvo leikina sína. En síðan þá hefur ekkert gengið og nýliðarnir tapað fjórum leikjum í röð. Liðið er þó skipað mörgum öflugum leikmönnum sem hafa náð sér illa á strik í síðustu leikjum.

Hvergerðingar eru greinilega með afar öfluga útlendinga sem keyra sitt lið áfram. Samantha Murphy og Hannah Tuomi skoruðu samtals 49 af 69 stigum liðsins í gær. Murphy fór á kostum í þriðja leikhluta, er Hamar sneri leiknum sér í vil og skoraði þá sautján stig – sjö stigum meira en allt Valsliðið til samans í leikhlutanum.

Valur hafði náð átta stiga forystu í öðrum leikhluta, 31-23, en leikur liðsins virtist svo hrynja í seinni hálfleiknum.

Fjölnir hóf tímabilið vel, með því að vinna Íslands- og bikarmeistara Keflavíkur. En liðið mátti þola slæmt tap gegn Njarðvík þar sem það fékk á sig 99 stig.

**- esá**



**Á LEIÐ TIL BRASILÍU** Þessar eru líklegar til að vera í hópi þeirra sextán sem komast til Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ágúst Þór Jóhannsson valdi 21 leikmann í æfingahóp sinn fyrir HM í Brasilíu:

# Valsliðið á þriðjung leikmanna

**HANDBOLTI** Það styttist óðum í fyrsta heimsmeistaramót kvennalandsliðsins frá upphafi, sem fer fram í Brasilíu í næsta mánuði. Landsliðsþjálfarinn Ágúst Þór Jóhannsson tilkynnti í gær hvaða 21 leikmaður kæmi til með að keppa um sextán laus sæti í HM-hópnum hans.

Íslenska liðið mun leika tvo æfingaleiki í Vodafone-höllinni 25. og 26. nóvember en tékkneska landsliðið kemur þá í heimsókn. Fyrsti leikurinn á HM er síðan á móti Svartfjallalandi 3. desember. Íslenska liðið er einnig með Noregi, Angóla, Þýskalandi og Kína í riðli á HM í Brasilíu.

**23** dagar eru í fyrsta leik Íslands á HM í Brasilíu. Þá mæta stelpurnar okkar sterku liði Svartfellinga í A-riðli, hinn 3. desember.

Íslandsmeistarar Vals hafa unnið fjóra fyrstu leiki sína á tímabilinu með sannfærandi hætti og Valur á líka sjö leikmenn í hópnum eða þriðjung hans. Framliðið kemur næst með fjóra leikmenn en sex leikmenn í hópnum spila erlendis.

Það vakti mikla athygli að Valskonan Þorgerður Anna Atladóttir var ekki valin í hópinn fyrir leikina í undankeppni EM á dögunum en hún er nú kominn aftur inn í hópinn. Liðsfélagi hennar, Sunneva Einarsdóttir, er einnig með, sem þýðir að Íslandsmeistarar Vals eiga tvo af þremur markvörðum í hópnum.

Auk Þorgerðar og Sunnevu koma þær Elísabet Gunnarsdóttir og Harpa Sif Eyjólfsdóttir inn í hópinn en Guðrún Ósk Maríasdóttir, markvörður Fram, er sú eina sem dettur út úr hópnum frá því í leikjunum á móti Spáni og Úkraínu í síðasta mánuði. **- óój**

## Landsliðshópurinn

| | |
|---|---|
| **Markmenn:** | |
| **Guðný Jenný Ásmundsdóttir** | **Valur** |
| Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir | HK |
| **Sunneva Einarsdóttir** | **Valur** |
| **Línumenn:** | |
| **Anna Úrsúla Guðmundsdóttir** | **Valur** |
| Arna Sif Pálsdóttir | Aalborg DH |
| **Elísabet Gunnarsdóttir** | **Fram** |
| **Hornamenn:** | |
| **Ásta Birna Gunnardóttir** | **Fram** |
| Dagný Skúladóttir | Valur |
| **Hanna Guðrún Stefánsdóttir** | **Stjarnan** |
| Sólveig Lára Kjærnested | Stjarnan |
| **Þórey Rósa Stefánsd.** | **Tvis Holstebro** |
| **Útileikmenn:** | |
| **Birna Berg Haraldsdóttir** | **Fram** |
| Brynja Magnúsdóttir | HK |
| **Harpa Sif Eyjólfsdóttir** | **Sparvagens HF** |
| Hrafnhildur Skúladóttir | Valur |
| **Karen Knútsdóttir** | **Blomberg-Lippe** |
| Ragnhildur Rósa Guðmundsd. | Valur |
| **Rakel Dögg Bragadóttir** | **Levanger** |
| Rut Arnfjörd Jónsdóttir | Tvis Holstebro |
| **Stella Sigurðardóttir** | **Fram** |
| Þorgerður Anna Atladóttir | Valur |



**ZLATAN** Lætur allt flakka í bókinni. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Bók Zlatans slær í gegn:

# Zlatan mokar inn seðlum

**FÓTBOLTI** Bókin hans Zlatans Ibrahimovic er langvinsælasta bókin í Svíþjóð þessa dagana, en þar tjáir besti knattspyrnumaður Svía sig um allt og alla á sigursælum ferli sínum.

Fyrstu hundrað þúsund eintökin hafa þegar selst upp og í dag er von á öðrum hundrað þúsund eintökum úr prentun.

Það er talið að Zlatan og meðhöfundur hans David Lagercrantz muni græða í kringum sex milljónir sænskra króna á bókinni, eða um 105 milljónir íslenskra króna. **- óój**

Fabio Capello:

# Missir af brúðkaupi sonarins

**FÓTBOLTI** Fabio Capello er eflaust ekkert sérstaklega glaður eftir að ákveðið var að færa landsleik Englands og Spánar frá föstudegi yfir á laugardag. Hann mun fyrir vikið missa af brúðkaupi sonar síns.

Það sem meira er: Capello hafði ekki hugmynd um neitt þegar dagsetningunni var breytt. Það var aðstoðarmaður hans, Franco Baldini, sem samþykkti breytinguna en hann hafði ekki hugmynd um brúðkaupið.

Hermt er að eiginkona Capellos, Laura, hafi brjálast er hún frétti af þessu.

„Svona er þetta bara stundum og við munum sakna pabba. Leikurinn byrjar á sama tíma og brúðkaupið en hann hringir örugglega í okkur og óskar okkur til hamingju," sagði sonurinn Pierfilippo. **- hbg**




## Ásdís í tölum

**Stórmótin hennar Ásdísar**

**EM í Gautaborg 2006**
25. sæti (51,33 metrar)

**Ólympíuleikar í Peking 2008**
50. sæti (51,33 metrar)

**HM í Berlín 2009**
24. sæti (55,86 metrar)

**EM í Barcelona 2009**
10. sæti (54,32 metrar)

**HM í Daegu í Suður-Kóreu 2011**
13. sæti (59,15 metrar)

**Bestu köst Ásdísar á hverju ári:**

| | | |
|---|---|---|
| 2011 | 59,15 metrar | Daegu, 1. sept. 2011 |
| 2010 | 60,72 | Gateshead, 10. júlí 2010 |
| 2009 | 61,37* | Reykjavík, 16. maí 2009 |
| 2008 | 59,80** | Lapinlahti, 20. júlí 2008 |
| 2006 | 54,66 | Árósar, 6. júlí 2006 |
| 2005 | 57,10** | Reykjavík, 28. maí 2005 |
| 2004 | 55,51 | Grosseto, 13. júlí 2004 |

*** Er Íslandsmet** **** Var Íslandsmet**



**GUNNAR KRISTJÁNSSON** Farinn aftur í Vesturbæinn en að þessu sinni ekki til KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gunnar Kristjánsson:

## Fór frá FH í KV

**FÓTBOLTI** Einn fljótasti knattspyrnumaður landsins, Gunnar Kristjánsson, hefur skrifað undir samning við 2. deildarlið KV sem stendur fyrir Knattspyrnufélag Vesturbæjar.

Gunnar fékk sig lausan undan samningi við FH í gær en hann átti eitt ár eftir af samningi sínum við Hafnarfjarðarliðið. Í kjölfarið skrifaði hann undir samning við KV.

Gunnar þekkir vel til hjá félaginu enda var það stofnað á sínum tíma heima hjá honum. Þjálfari liðsins er þess utan bróðir Gunnars.

KV-menn ætla sér stóra hluti í 2. deildinni næsta sumar en þeir hafa boðað til blaðamannafundar í dag þar sem fleiri leikmenn verða kynntir til leiks. **- hbg**



**RÝR UPPSKERA** Darnell Hugee á eftir að vinna leik á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express-deild karla:

## Fyrstu stigin örugg í húsi

**KÖRFUBOLTI** Það verður aðeins eitt lið stigalaust á botni Iceland Express-deildar karla eftir leik Tindastóls og Vals í Síkinu á Sauðárkróki í kvöld. Sjötta umferðin hefst þá með þremur leikjum, en bæði Tindastóll og Valur hafa tapað fyrstu fimm leikjum sínum.

Það verður einnig athyglisverður slagur í Toyota-höllinni þar sem Keflavík tekur á móti nýliðum Þórs úr Þorlákshöfn. Bæði lið hafa unnið þrjá leiki og eru ásamt ÍR og Snæfelli í 4. til 7. sæti deildarinnar. Þórsarar hafa þegar farið í Reykjanesbæ í vetur og sótt tvö stig en þeir unnu 90-75 sigur í Njarðvík á dögunum.

Þriðji og síðasti leikur kvöldsins er síðan á milli Reykjavíkurfélaganna Fjölnis og KR í Grafarvoginum. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15 en umferðin klárast síðan á morgun. **- óój**

# Flestir hefðu ekki getað keppt

**Ásdís Hjálmsdóttir hefur verið ofarlega á heimslistanum í spjótkasti kvenna síðustu ár og fastagestur á stórmótum. Hún hefur hins vegar aldrei verið valin í hóp tíu bestu íþróttamanna landsins í kosningu Samtaka íþróttamanna. Ásdís tjáir sig um það, sem og meiðslin og ólympíuárið sem er fram undan.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir náði einu besta íþróttafreki ársins þegar hún lenti í þrettánda sæti á HM í frjálsum í Daegu í Suður-Kóreu í september síðastliðnum. Hún hefur aldrei kastað lengra á stórmóti og þessu náði hún þrátt fyrir að vera búin að keppa meidd í sex mánuði. Ásdís er nú laus við meiðslin, hefur hafið stífan undirbúning fyrir Ólympíuleikana í London og ætlar sér að kasta lengra en Íslandsmetið hennar er (61,37 metrar) á árinu 2012.

„Fóturinn er orðinn góður og ég er bara að æfa á fullu. Ég er alveg á kafi og er að drepast úr harðsperrum. Ég byrjaði aftur í byrjun október og hef ekkert fundið fyrir í fætinum síðan ég byrjaði. Það er mjög jákvætt. Þetta lítur rosalega vel út allt saman," segir Ásdís, en hún er annað árið í röð á leiðinni í æfingabúðir hinum megin á hnettinum.

### Æfingabúðir í Suður-Afríku

„Stefnan er að fara í æfingabúðir til Suður-Afríku í lok desember og byrjun janúar.

Ég fór aðeins fyrr í fyrra en var þá komin heim fyrir áramótin. Það er betra fyrir okkur að fara aðeins seinna því þá er ég farin að kasta meira," segir Ásdís. Hún viðurkennir að það hafi gengið á ýmsu hjá henni árið 2011 og þar hafi meiðslin spilað stórt hlutverk.

„Þetta var rosalega mikið upp og niður hjá mér á þessu ári. Meiðslin voru að eyðileggja fyrir mér en samt sem áður næ ég að tryggja mig inn á Ólympíuleikana og næ 13. sæti á HM, sem er í rauninni alveg frábært miðað við aðstæður," segir Ásdís, sem náði sínum besta árangri á HM þrátt fyrir að glíma við þessi meiðsli.

„Ég lagði ofboðslega mikið á mig til þess að geta keppt yfirhöfuð. Langflestir hefðu ekki getað keppt eins og ég var en ég hefði verið að vinna með meiðslin síðan í mars. Ég var að gera ótrúlegustu hluti til þess að halda þessum meiðslum niðri," segir Ásdís, en hún glímdi við bólgur í sininni undir ilinni sem liggur frá stóru tánni og festist aftan í hælinn.

### Hringið bara í mig

„Ég gerði bókstaflega allt sem nokkurn tímann hefur verið ráðlagt við þessum meiðslum. Ég var að kæla þetta, ég var að nudda þetta og ég var að teygja á þessu. Ég fór til sjúkraþjálfara á hverjum einasta degi í bylgjur og meðferð. Ég fór líka í nálastungur og í eiginlega allt sem ég fann að væri hægt að gera. Ég veit ekki hversu mörgum klukkutímum á viku ég eyddi í styrktaræfingar. Ef einhver fær þessi meiðsli, láttu þann hinn sama hringja í mig því ég veit allt um þetta," segir Ásdís í léttum tón.

Árangurinn á HM var því ánægjulegur þótt litlu hafi munað að hún kæmist í tólf manna úrslit.

„Það var gífurlegur sigur fyrir mig andlega því ég hef ekki verið nógu heppin að hitta á þetta á stórmótunum. Það gefur mér mikið sjálfstraust fyrir Ólympíuleikana að ná að kasta svona langt," segir Ásdís, sem tryggði sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum með því að kasta 59,12 metra mánuði fyrir HM og varð þá fyrsti íslenski íþróttamaðurinn sem komst inn á Ólympíuleikana í London. Hún kastaði síðan þremur sentimetrum lengra á HM.



**STEFNIR Á NÝTT ÍSLANDSMET** Ásdís Hjálmsdóttir er á fullu að byggja sig upp fyrir tímabilið, þar sem hápunkturinn verður Ólympíuleikarnir í London. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég er laus við allt stress við að ná lágmarkinu inn á Ólympíuleikana en mig langar til þess að fara inn með A-lágmörk og að sjálfsögðu ætla ég að reyna að kasta eins langt og ég get fyrir leikana. Allt verður samt miðað við það að toppa á Ólympíuleikunum sjálfum," segir Ásdís, en A-lágmarkið er 61 metri og b-lágmarkið er 59 metrar.

### Ætlar að slá Íslandsmetið

„Ég stefni á það að bæta Íslandsmetið mitt á næsta ári og ég vonast til að haldast heil. Það er númer eitt, tvö og þrjú hjá mér núna að gera allt til þess. Ef ég verð heil á ég að geta kastað langt," segir Ásdís, en hún hefur aldrei verið hrædd við að setja pressu á sjálfa sig.

Ásdís hefur náð mjög góðum árangri undanfarin ár en hefur ekki átt upp á pallborðið hjá Samtökum íþróttamanna. Ásdís endaði í 11. sæti í kjörinu fyrir árið 2010 og varð í 13. sæti árið á undan. Bæði árin var hún hins vegar kjörin Íþróttamaður Reykjavíkurborgar.

### Ofboðslega huglægt mat

„Þetta er ofboðslega huglægt mat og það eru örugglega ekki neitt ofboðslega margir þarna sem hafa áhuga á frjálsum. Auðvitað finnst mér það svolítið fyndið þegar ég kemst ekki inn á topp tíu í vali á Íþróttamanni ársins en er svo kosin Íþróttamaður Reykjavíkur og það voru kannski tveir til þrír íþróttamenn fyrir neðan mig sem voru á topp tíu listanum í kosningunni á Íþróttamanni ársins," segir Ásdís og bætir við:

„Markmiðið hjá mér og tilgangurinn með þessari íþróttaiðkun minni er samt ekki að komast inn á einhverja lista þó að það sé mikill heiður að fá svona viðurkenningu. Þetta er huglægt mat og það er ekki hægt að láta það fara í taugarnar á sér. Það væri mjög gaman og mikill heiður að fá að vera með tíu efstu í kjörinu en svona er þetta bara," segir Ásdís en hvað þá með kjörið í ár?

### Búin að prófa allt

„Nú er ég búin að prófa allt. Ég er búin að prófa það að ná rosalega góðum árangri en standa mig ekki neitt ofboðslega vel á stórmóti. Þá fór ég ekki inn. Ég er búin að prófa að eiga gott sumar og standa mig vel á stórmóti en fór ekki inn heldur. Nú er ég búin að standa mig vel á stórmóti og við verðum bara að sjá hvað það gefur."

**ooj@frettabladid.is**

Landsliðsþjálfarinn að „tuða" yfir því hvað Ingimundur Ingimundarson er búinn að létta sig mikið:

# Get verið fljótur að bæta aftur á mig kílóum

**HANDBOLTI** Ingimundur Ingimundarson, leikmaður Fram og íslenska landsliðsins, hefur verið duglegur við að létta sig síðustu vikur og mánuði svo eftir því var tekið. Hann sneri aftur heim til Íslands úr atvinnumennskunni í sumar og hefur lagt ríka áherslu á að halda sér í sem allra bestu formi.

„Ég hef æft vel í sumar og haust og er í fínu standi. Ég er kannski búinn að æfa of mikið því Guðmundur er búinn að tuða yfir því hvað ég er orðinn léttur," segir Ingimundur og brosir.

„En þó svo að ég sé léttari en ég hef verið að undanförnu held ég mínum styrk. Ég hef allavega verið að glíma við afturendann á Kára á hverri æfingu og það er ekkert smáræði. Hann er öflugur í blokkeringunum og harður af sér," segir Ingimundur. „En svo ég tali af fullri alvöru þá finnst mér þetta virka vel fyrir mig og ef nauðsyn krefur þá er ég fljótur að bæta á mig nokkrum kílóum. Ég á frekar auðvelt með það."

Hann segir að það hafi aldrei verið ætlunin að slaka eitthvað á eftir að hann kom aftur til Íslands. „Ég ætla mér að halda áfram í handbolta af fullum krafti. Ég æfi mikið aukalega enda vissi ég að ég þyrfti að halda mér á tánum til að detta ekki úr landsliðinu og gera áfram góða hluti með því," segir Ingimundur en bætir við að það hafi verið mikil breyting fyrir sig að koma aftur heim.

„Hérna heima er mikið um létta leikmenn, snögga og tekníska, en ytra er maður helst að glíma við tveggja metra menn sem beita sér á annan hátt. Það á enginn fast sæti í landsliðinu og ég þarf að vera í toppformi hér heima til að halda sæti mínu þar."

Hann segist vera opinn fyrir því að fara aftur út í atvinnumennsku eftir tímabilið. „Ég get ekki sagt að ég stefni beinlínis að því að komast aftur út en ég vil halda mér í góðu standi ef eitthvað áhugavert kemur upp. En mér líður líka mjög vel heima. Það gefur mér mikið að vera nálægt fjölskyldu og vinum, auk þess sem æfingamenningin í handboltanum hér heima er mjög góð." **- esá**



**FISLÉTTUR** Ingimundur Ingimundarson hefur tekið af sér nokkur kíló að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

**SAMSUNG** hlaut fjögur **EISA VERÐLAUN 2011-2012** fyrir framúrskarandi framleiðslu.
Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir ***þetta sjónvarp***:
**BESTU KAUPIN** – ***„Gæði á góðu verði“***

**EISA**: The European Imaging and Sound Association
EISA AWARD
Best Product 2011-2012
BEST BUY TV
Samsung UE40D6505






SAMSUNG

SAMSUNG
SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN

Stærðir:
32"
40"
46"
55"

## SAMSUNG SJÓNVARP
## LED · 3D · SMART TV

| | |
|---|---|
| Clear Motion Rate: | 400 Hz |
| Upplausn: | 1920 x 1080p FULL HD |
| Skjár: | Ultra Clear |
| Skerpa: | Mega |
| AllShare: | Auðveld samskipti Samsung tækja |
| USB: | Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist |
| Upptökumöguleiki: | Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk |
| Netvafri: | Já |
| Social TV: | Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl. |
| Sjónvarpsmóttakari: | Digital, Analog og gervihnatta |
| Tengingar: | 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól |

Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)




## SAMSUNG SMART TV
## veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

**Samsung færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV.**

**Smart TV** færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

**SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi *enn skemmtilegri* !**

- Smart Hub – Hægt að hlaða niður fjölda forrita í tækið
- Web Browser – Netvafri með minni – t.d. fyrir www.samsungsetrid.is
- Your Video – Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
- Search All – Leitar á Veraldar-vefnum og öðrum tækjum að því, sem þú villt finna
- Social TV – Í tækinu er Facebok, Twitter, Talk o.m.fl.
- Skype – Hægt að fara á Skype og einnig tengja Skype myndavél
- AllShare – Auðvelt að tengjast öðrum tækjum heimilisins þráðlaust með innbyggðu Wi-Fi
- Full HD 1080p – Full HD
- 3D Auto Contrast – Sjálfvirk stýring á skerpu í þrívídd
- Ultra Clear Panel – „Ultra Clear“ skjár
- Movie – Spilar bíómyndir af USB lykli og tekur upp á USB lykil
- Digital Noise Filter – Lagar lélega útsendingu eins og hægt er
- Anynet+ HDMI-CEC – Hægt að stýra öðrum HDMI tengdum tækjum með einni fjarstýringu
- Clear Motion Rate 400Hz – CMR 400 – þ.e. hreinsar skjáinn 400 sinnum á sek.
- HDMI – HDMI 1,4 gagnvirk tengi
- 3D SOUND – Hljóðkerfi í þrívídd
- Wide Color Enhancer PLUS – Litgreinir til að ná öllum litum sem raunverulegustum
- 2D 3D – Breytir myndum í þrívídd og öfugt ef notandi vill

***Komdu og gerðu BESTU KAUPIN!***

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

> **Stöð 2 kl. 20.55**

## Human Target



***Mark Valley er mættur aftur í annarri þáttaröð af Human Target. Hann leikur Christopher Chance, sem tekur að sér að vernda fólk sem telur sig vera í bráðri lífshættu. Fyrstu þáttaröð lauk með mikilli dramatík þar sem Chance freistaði þess að frelsa félaga sinn úr klóm mannræningja. Hann ákveður í kjölfarið að setjast í helgan stein en það endist ekki lengi.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR **DANSAR Á FAKTORÝ**

## *Tónaflóð, goðsögn og bransasögur*

Ótrúleg gróska ríkir í íslenskri þáttagerð um þessar mundir. Allavega er alltaf nýr þáttur byrjaður þegar ég kveiki á sjónvarpinu. Það gæti spilað inn í að mér gefst sjaldan tími til þess að hlamma mér í sjónvarpssófann og stara áhyggjulaus á viðtöl og gamanleik. Engu að síður finn ég fyrir ákveðinni uppsveiflu í íslenskri dagskrárgerð og allar sjónvarpsstöðvar landsins virðast vera þátttakendur.

Það sem einkennir þessa nýju dagskrárliði hjá Ríkissjónvarpinu er rík áhersla á listir. Á einu huggulegu haustkvöldi var hin menningarlega Djöflaeyja að fjalla um kvikmyndir, leiklist og myndlist. Á einu hressu laugardagskvöldi var Balti síðan sestur í dómarasætið til að meta allt frá hipphoppdansi til suðrænna samkvæmisdansa í hinum nýja glansþætti Dans, dans, dans.



Hljómskáli Sigtryggs Baldurssonar hélt athygli minni best af þessum nýjungum Sjónvarpsins. Hver þáttur segir frá ólíkri tónlistarstefnu og var fyrsti þátturinn, sem ég lifði mig inn í, tileinkaður danstónlist. Goðið Jóhann Helgason rúntaði með Sigtryggi og sagði bransasögur svo ég fékk stjörnur í augun. Einnig var kíkt á bæjarlífið á Faktorý og rætt við nýja kynslóð íslenskrar danstónlistar. Botninn var síðan sleginn í þáttinn með nýjum eldhressum slagara eftir FM Belfast og Jóhann Helgason, sem ég dilla mér enn við í hug- anum. Tvímælalaust einn skemmtilegasti tónlistarþáttur sem ég hef séð, mæli með honum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Hannes Hafstein, maðurinn og skáldið **23.15** Hnapparatið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Gurra grís** (18:26)
**17.25 Sögustund með Mömmu Marsibil** (19:52)
**17.36 Mókó** (6:52)
**17.41 Fæturnir á Fanneyju** (19:39)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Melissa og Joey** (11:30)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Nigella í eldhúsinu** (10:13) (Nigella: Kitchen)
**20.35 Hljómskálinn** (3:5) Þáttaröð um íslenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurssonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason.
**21.10 Scott og Bailey** (6:6) (Scott and Bailey) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** (102:114) (Criminal Minds V) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífverðirnir** (Livvagterne) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 I Love You Beth Cooper**
**08.00 Old Dogs**
**10.00 30 Days Until I'm Famous**
**12.00 Beethoven's Big Break**
**14.00 Old Dogs**
**16.00 30 Days Until I'm Famous**
**18.00 Beethoven's Big Break**
**20.00 I Love You Beth Cooper**
**22.00 The Ugly Truth**
**00.00 Even Money**
**02.00 The Hitcher**
**04.00 The Ugly Truth**
**06.00 Boys Are Back**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (11:175)
**10.15 The Mentalist** (21:23)
**11.00 The Whole Truth** (6:13)
**11.45 Gilmore Girls** (20:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Meet Dave**
**14.30 Friends** (7:24)
**14.55 ER** (5:22)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (2:21)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (12:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (16:21)
**20.10 Hell's Kitchen** (4:15)
**20.55 Human Target** (1:13) Önnur þáttaröð þessa skotheldu og hressandi spennuþátta með gamansömu ívafi í anda Bond- og Bourne-myndanna. Þættirnir fjalla um Christopher Chance; mann eða hálfgert ofurmenni sem tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Þættirnir koma úr smiðju þeirra sömu og gerðu þættina Chuck og Charlie's Angels myndirnar, en þættirnir eru byggðir á vinsælum myndasögum.
**21.40 The Good Guys** (15:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni.
**22.25 Breaking Bad** (2:13)
**23.15 Heimsendir** (5:9)
**23.55 Spaugstofan**
**00.25 The Killing** (7:13)
**01.10 Mad Men** (2:13)
**02.00 Hide**
**03.30 Top Secret**
**05.00 The Simpsons** (2:21)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**18.20 Spænsku mörkin**
**19.00 Kobe - Doin' Work** Í þessari mynd er fylgst með degi í lífi Kobe Bryant.
**20.30 EAS þrekmótaröðin**
**21.00 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid**
**22.50 Grænland** Skoðað hvernig er að veiða hjá þessari nágrannaþjóð.
**23.25 Árni í Cage Contender VII**
**01.00 Australian Open**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Wolves - Wigan**
**18.10 Man. Utd - Sunderland**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review 2011/12**
**21.25 Goals of the Season 2005/2006**
**22.20 Football League Show**
**22.50 Aston Villa - Norwich**

### EXTRA

**19.45 The Doctors** (153:175)
**20.30 In Treatment** (43:78) Athyglisverð þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum. Gabriel Byrne hlaut á dögunum Golden Globe verðlaun sem besti leikari í sjónvarpsþáttaröð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (4:24)
**22.15 Cougar Town** (16:22)
**22.40 Grey's Anatomy** (6:24)
**23.25 Medium** (3:13)
**00.10 Satisfaction** (9:10)
**01.00 Fangavaktin**
**01.35 The New Adventures of Old Christine** (16:21)
**01.55 Týnda kynslóðin** (12:40)
**02.25 In Treatment** (43:78)
**02.55 The Doctors** (153:175)
**03.40 Fréttir Stöðvar 2**
**04.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Nýtt útlit** (9:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (9:12) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Life Unexpected** (10:13) (e)
**16.40 Rachael Ray**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Friday Night Lights** (12:13) (e)
**19.00 Game Tíví - OPIÐ** (9:14)
**19.30 Being Erica - OPIÐ** (12:12)
**20.10 The Office** (4:27)
**20.35 30 Rock** (11:23) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Jack og Avery láta pússa sig saman en mistök verða til þess að Jack giftist einhverri allt annarri.
**21.00 Hæ Gosi** (7:8) Sprenghlægilegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Börk og Víði og fólkið í lífi þeirra.
**21.30 House** (10:23) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Það er nóg um að vera á Princeton sjúkrahúsinu, glæpamaður er lagður inn með alvarleg einkenni á meðan Chase á í vandræðum með bólfélaga.
**22.20 Falling Skies** (4:10) Hörkuspennandi þættir úr smiðju Steven Spielberg sem fjalla um eftirleik geimveruárásar á jörðina. Meirihluti jarðarbúa hefur verið þurrkaður út en hópur eftirlifenda hefur myndað her með söguprófessorinn Tom Mason í fararbroddi.
**23.10 Jimmy Kimmel**
**23.55 CSI: Miami** (6:22) (e)
**00.45 Smash Cuts** (46:52) (e)
**01.05 Falling Skies** (4:10) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** World Golf Championship 2011 (3:4) **12.00** Golfing World **12.50** LPGA Highlights (19:20) **14.10** World Golf Championship 2011 (3:4) **18.15** US Open 2011 (1:4) **23.50** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan

### BBC entertainment

**11.20** Live at the Apollo **12.05** Come Dine With Me **12.55** 'Allo 'Allo! **13.20** New Tricks **14.15** New Tricks **15.05** Deal or No Deal **15.40** Deal or No Deal **16.15** Come Dine With Me **17.05** 'Allo 'Allo! **17.30** Live at the Apollo **18.15** QI **18.45** QI **19.15** Top Gear **20.10** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.45** Skavlan **23.35** The Graham Norton Show **00.20** Top Gear **01.10** Come Dine With Me **02.00** QI **02.30** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret

### DR 1

**11.10** Penge **11.35** Hvad er det værd? **12.05** Cleo **12.35** Aftenshowet **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Himmelblå **15.00** Den lille røde traktor **15.15** Tagkammerater **15.30** Fandango **16.00** Hercule Poirot **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Gintberg på kanten **19.30** Et liv uden stoffer **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Skæbnespil **22.50** Familien Hughes **23.40** Veninderne

### NRK 1

**10.30** FBI **11.00** Nyheter **11.15** Førkveld **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Valpekullet **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Snakkis **16.25** Verdensarven **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Solgt! **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten

### SVT 1

**11.35** Uppdrag Granskning **12.35** Robins **13.05** Dag **13.25** Minnenas television **13.30** Anslagstavlan **14.30** Skattjägarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Svenska komedienner **15.40** Jonathan Ross show **16.25** Flugor **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Här är ditt kylskåp **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** The Trip **22.15** Anno 1790 **23.15** Rapport

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Vínsmakkarinn

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




Dove
MEN+CARE




# NÝTT DOVE MEN+CARE

**DOVE MEN+CARE** **inniheldur rakaeindir (micromoisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.**

**Í rakaeindunum eru olíur sem virka um leið og DOVE MEN+CARE kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.**

**[ LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI ]**



## MORGUNMATURINN



*„Ég er nýbyrjuð að fá mér hafragraut á morgnana í sparnaðarskyni og verð að viðurkenna að það er bæði gott fyrir magann og budduna.“*

Anna Svava Knútsdóttir leikkona

# Kynna tónlistina í vinsælum útvarpsþætti

„Við erum rosalega spenntar fyrir þessu,“ segir Alma, sem ásamt þeim Klöru og Steinunni myndar stúlknasveitina The Charlies.

Á föstudaginn kemur út svokallað mixteip frá sveitinni sem aðdáendur geta hlaðið niður af netinu og fara stúlkurnar í mikla kynningarherferð vegna þessa í Los Angeles. „Við byrjum daginn á að fara í upptöku fyrir þáttinn Weekend Mixtape á útvarpsstöðinni 102.7KiisFM en það er mjög eftirsóknarvert fyrir nýja listamenn að komast í þáttinn,“ segir Alma en útvarpsstöðin er ein sú vinsælasta í Los Angeles og er Ryan Seacrest meðal annars með útvarpsþáttinn sinn á þeirri stöð.

„Listamenn á uppleið hafa stigið sín fyrstu skref í þættinum eins og Kreayshawn, Dev, Nick Cannon og vinsæla YouTube-parið Karmin. Við erum því alsælar með að komast að í þættinum.“

Hægt verður að horfa á þáttinn á netinu frá og með 18. nóvember á síðunni Kiisfm.com/pages/weekendmixtape.html.

Um kvöldið verður svo allsherjar útgáfupartí á skemmtistaðnum Colony þar sem The Charlies koma fram ásamt hópi dansara en á staðnum er sundlaug sem hefur verið breytt í svið fyrir sveitina. „Þetta er rosalega flottur staður og við hlökkum til að koma þar fram. Áður en við syngjum verður tískusýning á vegum Kitson-fatakeðjunnar sem er haldin í þágu þeirra sem hafa veikst af heilakrabbameini og vekja athygli á málstaðnum.“ - áp



**SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN** Þær Steinunn, Klara og Alma gefa út mixteip á heimasíðu sinni, thecharliesofficial.com, á föstudaginn og kynna tónlistina í vinsælum útvarpsþætti og á tónleikum sama dag. MYND/GRÉTA KAREN GRÉTARSDÓTTIR






SIGURJÓN KJARTANSSON: PRESSA VÆN TIL ENDURGERÐAR

# Íslenskir spennuþættir á kaupstefnu í Hollywood

„Menn eru auðvitað að hamra járnið á meðan það er heitt,“ segir Hannes Pálsson hjá framleiðslufyrirtækinu Saga Film.

Fyrirtækið tekur þátt í stórum endurgerðarmarkaði sem fram fer í Hollywood í næstu viku og nefnist The Remakes Market. Þar geta „lítil“ fyrirtæki, eins og Saga Film, komið á framfæri verkefnum sínum sem þau telja að eigi erindi við önnur stór lönd.

Saga Film hyggst kynna spennuþáttaraðirnar Svarta engla, sem sýndir voru á RÚV, og Pressu, sem sló í gegn á Stöð 2, og svo kvikmyndina Kalda slóð eftir Björn Brynjúlf Björnsson.

Þessar þreifingar koma í kjölfarið á endurgerð á kvikmyndinni Reykjavik-Rotterdam, Contraband, í Hollywood en hún verður frumsýnd eftir jól. Bandaríski leikstjórinn James Mangold hefur auk þess lýst því yfir að hann vilji endurgera Borgríki eftir Ólaf Jóhannesson og þá stendur til að endurgera Næturvaktina í Noregi. Bandaríski stórleikarinn Jack Black er einnig áhugasamur um íslensku gamanþáttaröðina.

Norrænir spennuþættir og kvikmyndir eru aðalæðið í Bandaríkjunum um þessar mundir. Sjónvarpsþættirnir The Killing, sem er endurgerð á danska þættinum Forbrydelsen, þykja hafa heppnast einstaklega vel og segir Hannes að menn séu að leita að einhverju í þeim dúr, einhverju með ferskri og nýrri nálgun. „Við erum sjálfir búnir að senda stiklur sem hafa þegar vakið töluverða athygli,“ segir Hannes og tiltekur þar sérstaklega Pressu. „Efnistökin þar þykja nokkuð nýstárleg og þetta er heimur sem hefur ekki verið mikið notaður,“ útskýrir Hannes og bætir því við að þegar hafi verið bókaðir margir fundir með áhugasömum kaupendum.





**HEILLANDI**

Pressa hefur þegar vakið töluverða athygli og hefur Saga Film bókað nokkra fundi með áhugasömum aðilum á The Remakes Market. Sjónvarpsþættirnir Svartir englar og kvikmyndin Köld slóð verða einnig meðal þeirra verkefna sem Saga Film kynnir á ráðstefnunni.



Sigurjón Kjartansson, sem er aðalmaðurinn á bak við Pressu, segir að hann hafi alltaf séð Pressu sem mjög endurgerðarvæna, alveg síðan þeir gerðu fyrstu seríuna. „Hún á fullt erindi þangað,“ segir Sigurjón og bætir því við að þetta hafi legið ansi lengi í loftinu.

„Ég vissi nú reyndar ekki af þessari ráðstefnu en það er mjög ánægjulegt að hún sé á leiðinni þarna út,“ segir Sigurjón en nú er unnið að gerð þriðju seríunnar. „Hún mun fara aðeins meira út í netheima og hvernig þeir mæta dagblaðinu.“ freyrgigja@frettabladid.is


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 | www.leikhusid.is | midasala@leikhusid.is

**Svartur hundur prestsins** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 12.11. Kl. 19:30 20. sýn. | Sun 20.11. Kl. 19:30 23. sýn. | Sun 27.11. Kl. 19:30 26. sýn. |
| Sun 13.11. Kl. 19:30 21. sýn. | Fim 24.11. Kl. 19:30 24. sýn. | Fim 1.12. Kl. 19:30 27. sýn. |
| Lau 19.11. Kl. 19:30 22. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 25. sýn. | Fös 2.12. Kl. 19:30 28. sýn. Ö |

**Hreinsun** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 12.11. Kl. 19:30 5. sýn. Ö | Fim 24.11. Kl. 19:30 9. sýn. U | Lau 10.12. Kl. 19:30 13. sýn. |
| Sun 13.11. Kl. 19:30 6. sýn. Ö | Fös 25.11. Kl. 19:30 10. sýn. Ö | Sun 11.12. Kl. 19:30 14. sýn. |
| Lau 19.11. Kl. 19:30 7. sýn. Ö | Fös 2.12. Kl. 19:30 11. sýn. Ö | |
| Sun 20.11. Kl. 19:30 8. sýn. Ö | Lau 3.12. Kl. 19:30 12. sýn. | |

**Allir synir mínir** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 10.11. Kl. 19:30 21. sýn. | Fim 17.11. Kl. 19:30 23. sýn. | Lau 26.11. Kl. 19:30 25. sýn. |
| Fös 11.11. Kl. 19:30 22. sýn. | Fös 18.11. Kl. 19:30 24. sýn. | |

**Hlini kóngsson** (Kúlan )

| | | |
|---|---|---|
| Sun 13.11. Kl. 15:00 | | |

**Judy Garland** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 12.11. Kl. 22:00 7. sýn. | Sun 20.11. Kl. 22:00 8. sýn. | |

**Uppnám** (Þjóðleikhúskjallarinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 25.11. Kl. 22:00 | Fös 2.12. Kl. 22:00 | Lau 10.12. Kl. 22:00 |

**Kjartan eða Bolli?** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 12.11. Kl. 17:00 | | |

Allar kvöldsýningar hefjast kl. 19.30

Sími í miðasölu 5511200



## Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.




Allt sem þú þarft


# Natalie í suðupottinum í Berlín

„Ég kann mjög vel við mig í Berlín enda suðupottur af alls konar fólki og menningu,“ segir Natalie G. Gunnarsdóttir plötusnúður, sem nýlega tók við starfi ritstjóra tónlistar hjá þýska blaðinu Honk Magazine.

Natalie flutti út í byrjun sumars og getur ekki hugsað sér betri stað til að vera á. En hvernig kom til að hún gerðist ritstjóri tónlistar hjá Honk Magazine? „Berglind Ágústdóttir, vinkona mín hérna úti, benti mér á að blaðið væri að leita að fólki í vinnu. Við vorum tvö að keppast um starfið og þurftum að skrifa eina grein til að sanna okkur,“ segir Natalie en svo skemmtilega vildi til að verkefni hennar var að taka viðtal við íslensku sveitina Steed Lord. „Hljómsveitarmeðlimirnir eru vinir mínir svo við rúlluðum þessu upp saman og starfið var mitt.“

Honk Magazine er tónlistarblað sem reynir að fjalla um það ferskasta sem er að gerast í tónlist hverju sinni og koma nýjum og efnilegum listamönnum á framfæri. „Þó að þetta sé þýskt blað þá er það skrifað á ensku, sem betur fer því ég tók bara frönsku í menntaskóla,“ segir Natalie og bætir við að íslenskir listamenn hafi fengið mikla athygli hjá blaðinu en bæði Jónsi og GusGus eru tilnefnd til tónlistarverðlauna blaðsins. „Ég hvet alla til að kjósa á heimasíðunni honk-mag.com og styðja íslensku listamennina.“



**NÝTT STARF** Natalie G. Gunnarsdóttir plötusnúður hefur komið sér vel fyrir í Berlín og er tónlistarritstjóri hjá þýska blaðinu Honk-Magazine. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Natalie hefur samt ekki sagt skilið við plötusnúðastarfið og hefur verið að flakka milli Berlínar og Kaupmannahafnar til að spila á ýmsum stöðum. „Maður verður að sjá til þess að fólk fái að hreyfa á sér rassinn endrum og eins.“ - áp

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

## Þú færð ódýrar og flottar jólagjafir í Gula húsinu.

### Kláraðu snemma og hafðu það gott í desember

# ÓDÝRT & GOTT

Drengja náttföt
Stærð 6mánaða- 3 ára
verð 2.999

Leggings stelpna
Stærð 2-14 ára
verð 1.999

Business class skyrta
Stærðir XS-XL
verð 1.999

Dauðahafs skrúbbur Náttúruleg sölt og olíur án rotvarnarefna. verð 2.990

Joggingbuxur stelpna
verð 1.490

Joggingpeysa stelpna
verð 1.790

Sturtuskrúbbur
Verð 2.990

Sturtugel
Verð 2.990

Dauðahafs body butter
Verð 3.580

Náttúruleg dauðahafssölt í baðið Verð 3.580

Flísfóðruð ullarhúfa og vettlingarsaman
verð 999

Butterfly Augnskuggar í öllum stærðum og gerðum
verð 799

Vollaré gloss
verð 799

Flottur augnskuggi
verð 799

Joggingbuxur stelpna
verð 1.490

Joggingpeysa stelpna
verð 1.790

Varasalvi
verð 199

Spangir 3 í pakka
verð 890

Joggingbuxur stráka
Stærðir 2-12 ára
verð 1.490

Joggingpeysa stráka
Stærðir 2-12 ára
verð 1.490

Fallegir klútar verð
1.999

Maskari
verð 999

Hlýrabolir Dömu
Stærðir XS-XL
Verð 799

Hárspennur 12 í pakka
verð 199

Joggingbuxur stráka
Stærðir 2-12 ára
verð 1.490

Joggingpeysa stráka
Stærðir 2-12 ára
verð 1.490

Kósý sokkar í miklu úrvali
Helgartilboð
Venjulegt verð 699,-
nú 499

Krakkasokkar
Verð 490

Axlabönd verð 1.999

Sími 534 4451
Finndu okkur á facebook.

Opið frá kl. 11–19 frá mánudag-laugardags
Opið frá kl. 12–17 sunnudag

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS NOVA
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Leikarabörn frumsýna

Stúdentaleikhúsið frumsýnir leikritið Hreinn umfram allt í leikstjórn Þorsteins Bachmann í Norðurpólnum á morgun. Um er að ræða íslenska útgáfu The Importance of Being Earnest eftir Oscar Wilde. Í leikhópnum er að finna hæfileikaríkt fólk sem á eflaust eftir að ná langt í leikhúsheiminum á næstu árum. Sumir krakkanna eiga ekki langt að sækja hæfileikana eða áhuga á leikhúsinu. Í hópnum er til að mynda að finna **Alexander Briem**, sem leikið hefur í Gauragangi og víðar, en hann er sonur Sigríðar Pétursdóttur kvikmyndasérfræðings, og Guðmund Felixson sem er sonur Felix Bergssonar. Þá sér Áslákur Ingvarsson um tónlist og hljóðmynd sýningarinnar, en foreldrar hans eru Ingvar E. Sigurðsson og Edda Arnljótsdóttir.



### Stórstirni sungu fyrir Egil

Sjónvarpsstjarnan **Egill Helgason** fagnaði 52 ára afmæli sínu í gær. Dagurinn hófst á hefðbundinn hátt með því að Egill kom við, árla morguns, á Kaffifélaginu við Skólavörðustíg. Þar höfðu **Sigurveig**, kona hans, og **Kári**, sonur hans, hins vegar slegið upp óvæntri afmælisveislu. Sigurveig hafði bakað köku og stórstirnin Egill Ólafsson og Mugison sungu fyrir afmælisbarnið. Að þessu loknu hélt fjölskyldan sína leið, enda þurfti svo stutti að komast í skólann, sem hófst á níunda tímanum. - hdm, sh



## Mest lesið VÍSIR


1. Davíð Þór beðinn afsökunar
2. Golfkúlnahríð ógnar fjölskyldu í Kópavogi
3. Ný eyja að koma upp úr hafinu við Kanaríeyjar
4. Bjarni Ben hjá Audda Blö: Við erum ekki ósátt
5. Fannst látinn í Hafnarfirði



Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - www.postdreifing.is








Í 40 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum og lagt jafna áherslu á hönnun og þægindi. Farartækin eru í hæsta gæðaflokki, búin öllum helstu tækninýjungum og þrautreynd við íslenskar aðstæður. Adria var valið hjólhýsi ársins 2011 í Danmörku.

ADRIA ASTELLA 472



ADRIA ALPINA 563



ADRIA ALTEA 512



ADRIA ADORA 512



ADRIA ADORA 472



PIPAR\TBWA • SÍA • 112883

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA